


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn
Handavinna og föndur






Europris
Rúðuvökvi, 4 ltr. Kr 499


# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
12. september 2012
214. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




### Margbreytileiki í fyrirlestrum
*Hádegisfyrirlestraröð MARK hefst í dag.*
tímamót 18

### Á rauða dreglinum
*Indía Salvör Menuez keppti á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.*
fólk 30



### Sárt á Kýpur
*Ísland náði sér ekki á strik gegn Kýpur í gær og mátti þola svekkjandi tap.*
sport 26

### veðrið í dag




**HVESSIR** Það gengur í stífa SA-átt með rigningu um S- og V-vert landið síðdegis. Hægara og bjart norðan og austan til. Hlýnar í veðri.
VEÐUR 4



**DREGIN ÚR FÖNN** Björgunarsveitarmaðurinn Ómar Mohamed H. Zarioh bjargar kind úr skafli við Helluvað og Laxárbakka í Mývatnssveit í gær. Enn eru hátt í 13 þúsund fjár á heiði. Mjög erfiðar aðstæður til leitar eru nyrðra. STÖÐ 2/BÖDDI

# Neyðarástandi lýst yfir á Norðurlandi

**Almannavarnir Ríkislögreglustjóra lýstu yfir neyðarstigi í Þingeyjarsýslum í gærkvöldi. Þrettán þúsund fjár eru enn uppi á heiðum. Enn víða rafmagnslaust.**

**VEÐUR** Almannavarnir lýstu yfir neyðarástandi í Þingeyjarsýslum um klukkan sjö í gærkvöldi. „Það er einfaldlega þörf á öllum björgum, viðbúnaði og aðstoð til að ganga í þetta verk,“ segir Svavar Pálsson, sýslumaður á Húsavík, sem skipulagði aðgerðir þegar Fréttablaðið hafði samband.

„Þeir eru sjálfsagt 13 þúsund fjár uppi á heiðum. Leitarsvæðið er býsna stórt í umdæmi sýslumannsins á Húsavík; í Mývatnssveit, á Mývatnsöræfum, á Þeystareykjasvæðinu og Reykjaheiði,“ segir Svavar.

Um 150 björgunarsveitarmenn voru við leit í gær og vonast menn til að hægt verði að fá 200 til 250 menn í dag. Verið var að senda út útkall til björgunarsveita í nánustu byggðum á Austurlandi og í Eyjafirði um níuleytið í gærkvöldi. Leit hefst strax í dagrenningu í dag.

> Það fé sem fundist hefur er svo örmagna að ekki er hægt að smala því.
>
> RÖGNVALDUR ÓLAFSSON
> VERKEFNASTJÓRI

„Aðgerðin gengur út á það að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Það liggur fyrir að fé hefur fennt í kaf á stórum svæðum,“ segir Svavar. Leitarsvæðin eru erfið yfirferðar og miklir snjóskaflar víða. „Sums staðar er útilokað að fara um öðruvísi en á beltatækjum. Þeystareykjasvæðið er sérstaklega slæmt, þar er bæði erfitt yfirferðar og gríðarlegur snjór.“

Almannavarnarstjórn var kölluð saman klukkan 15 í gær þegar ljóst var að björgunaraðgerðin væri að vinda upp á sig.

„Það rann upp fyrir mönnum í dag [í gær] hversu alvarlegt ástandið væri á svæðinu,“ segir Rögnvaldur Ólafsson verkefnastjóri hjá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. „Það fé sem fundist hefur er svo örmagna að ekki er hægt að smala því. Það þarf því öll tæki og tól til að flytja féð til byggða.“ - bþh / sjá síðu 8

Skuldir sjávarútvegs lækka:

## Útgerðir borga skuldir hratt

**SJÁVARÚTVEGUR** Bókfært virði lána Landsbankans, Íslandsbanka og Arion banka til sjávarútvegsfyrirtækja hefur dregist saman um samtals 39,2 milljarða króna frá því að bankarnir voru stofnsettir haustið 2008.

Helsta ástæða þess er sú að stór fyrirtæki í geiranum hafa greitt lán sín upp hratt samhliða auknum hagnaði þeirra á undanförnum árum.

Langstærsti hluti þeirrar lækkunar hefur átt sér stað hjá Landsbankanum þar sem útlánin hafa lækkað um 33 milljarða króna. Endurgreiðslur skulda eiga þar verulegan hlut að máli, að sögn Kristjáns Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa bankans. Hjá Íslandsbanka hefur bókfært virði útlána til sjávarútvegs lækkað um 6,2 milljarða en hjá Arion banka hefur það staðið í stað. – þsj / sjá Markaðinn

Þingsetningarræða forseta:

## Óbreytt ástand kallar á afskipti

**ALÞINGI Það er brýnt fyrir þjóðina og stofnanir hennar að á komandi vetri verði tekið á vanda Alþingis, sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, í þingsetningarræðu sinni í gær þar sem staða þingsins var honum ofarlega í huga.**



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

**Hann sagði það brýnt fyrir Alþingi og alla sem þar starfa og bætti við að það væri ekki síst mikilvægt fyrir hann sjálfan sem forseta „því ella munu áfram aukast kröfur um afskipti hans af setningu laga umfram það sem hefur tíðkast“.**

**Ólafur bætti við að viðtöl sín við fólkið í landinu, tugþúsundum saman, í nýliðinni kosningabaráttu hafi að stórum hluta snúist um stöðu þingsins.** - shá / sjá síðu 4




Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir skatta- og gjaldhækkunum:

## 4,9 milljarðar sóttir með séraðgerðum

**EFNAHAGSMÁL** Fjárlagafrumvarp næsta árs gerir ráð fyrir að skattar á vörur og þjónustu nemi 235,9 milljörðum á næsta ári sem er raunaukning um 4,3 prósent.

Í frumvarpinu eru tilteknar aðgerðir sem eiga að skila 4,9 milljörðum króna á árinu; hækkun virðisaukaskatts gistingar, úr sjö í 25,5 prósent og hærri vörugjöld á tiltekin matvæli, bílaleigubíla og tóbak. Ekki er gert ráð fyrir að svokallað gistináttagjald, krónutölugjald sem innheimt er fyrir hverja selda gistinótt, verði fellt niður.

Tóbaksgjöld verða hækkuð umfram önnur gjöld, eða um fimmtán prósent að undanskildum gjöldum á neftóbak, sem tvöfaldast milli ára. Sagði ráðherra að notkun neftóbaks í vör hefði ekki farið minnkandi þrátt fyrir hækkanir síðustu ára, því væri hækkunin nú eins mikil og raun ber vitni. Tekjur af hærra tóbaksgjaldi hækka um rúman milljarð.

Þá er reiknað með 4,6 prósenta verðlagshækkun á ýmsum krónutölugjöldum sem miðast við magneiningar, en undir það falla til dæmis vörugjöld á bensín, kolefnisgjald og olíugjald.

Samkvæmt frumvarpinu er jafnvægi að nást í ríkisbúskapnum eftir þrengingar síðustu ára. Þar er gert ráð fyrir 2,8 milljarða króna halla, en árið 2014 verði ríkisreksturinn jákvæður í fyrsta sinn frá hruni. - þj , sjá síðu 10


Skelltu þér í áskrift!
568 8000 | borgarleikhus.is

Bæklingur
fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## SPURNING DAGSINS



*Hera, eru þetta ekki örugglega allt tólf stiga lög?*

„Þau spanna allan skalann.“

Hera Ólafsdóttir hjá Ríkisútvarpinu segir lög í undankeppni Eurovision-keppnina þegar byrjuð að streyma inn. Skilafrestur er til 8. október.

Morðingi átján ára íslensks pilts gengur enn laus í bandarísku borginni Tulsa:

# Amma segir Hinrik hafa verið ljóðelskan teiknara

**LÖGREGLUMÁL** Morðingi Kristjáns Hinriks Þórssonar, átján ára íslensks pilts sem var skotinn til bana í borginni Tulsa í Bandaríkjunum um helgina, er enn ófundinn.

Kristján Hinrik var skotinn ásamt 37 ára fjölskylduvini, John White, aðfaranótt laugardags á bílastæði við verslunina QuikTrip. White lést af sárum sínum í fyrrakvöld. Ekki liggur fyrir hvert tilefni árásarinnar var.

Amma Kristjáns Hinriks, Helena Mawby, segir í viðtali við staðarmiðilinn NewsOn6.com að fjölskylda hans sé enn í áfalli yfir þessu, að því er virðist, handahófskennda ofbeldisverki. „Þetta var svo ónauðsynlegt – maður skilur ekki af hverju þetta gerist,“ segir Helena, sem er dóttir Alberts Guðmundssonar, fyrrverandi þingmanns og ráðherra. „Hinrik var dálítið flókinn. Hann var mjög listrænn, frábær teiknari og elskaði að semja ljóð, en hann var líka mjög óöruggur vegna þess að hann stamaði,“ segir amma hans, sem kveður hann auk þess hafa haft mjög smitandi hlátur. Haft er eftir Helenu að fjölskyldan sé hrærð yfir stuðningnum sem hún hefur fengið frá vinum og skólafélögum Hinriks og að jafnvel honum hefði komið á óvart hversu mörgum hefði þótt vænt um hann. Kristján Hinrik verður jarðaður á föstudag. **- sh**



**ENN Í ÁFALLI** Helena Mawby, áður Helena Þóra Albertsdóttir, segir fjölskyldu Kristjáns Hinriks enn í áfalli. MYND/NEWSON6

Ólgan vex í Suður-Afríku:

## Hvatt til allsherjarverkfalls

**SUÐUR-AFRÍKA, AP Þúsundir námuverkamanna fögnuðu ákaft þegar Julius Malema, fyrrverandi leiðtogi ungliðahreyfingar Afríska þjóðarráðsins, hvatti til allsherjarverkfalls námuverkamanna í landinu.**

**„Það verður að efna til allsherjarverkfalls,“ sagði Malema og gagnrýndi eigendur námanna fyrir að láta ekki verkamenn njóta þess að verðið á málmunum hefur hækkað: „Þetta fólk hefur verið að græða milljarða á námunum.“ Upp úr sauð í síðasta mánuði þegar lögreglumenn urðu 34 námuverkamönnum að bana við eina af platínunámum landsins.- gb**

Mest reykt í Indónesíu:

## Tveir þriðju karla reykja

**INDÓNESÍA, AP** Hvergi í heiminum reykja karlar meira en í Indónesíu. Tveir af hverjum þremur körlum eldri en fimmtán ára stunda þar reykingar. Alls búa 80 prósent landsmanna á heimilum þar sem reykt er.

Þegar konur eru taldar með kemur að vísu í ljós að Rússar reykja mest allra þjóða. Reykingahlutfallið þar er 39 prósent, en Indónesía er í öðru sæti með 35 prósent.

Sígarettur eru ódýrar í Indónesíu, tóbaksauglýsingar eru út um allt, og lítið er um reglur sem takmarka reykingar. **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Reykti ölvaður í flugvél

Rúmlega fimmtugur maður var í byrjun viku staðinn að því að reykja inni á salerni flugvélar Icelandair. Hann var að koma frá Noregi og var verulega ölvaður. Í yfirheyrslu hjá lögreglu sagðist hann sjá eftir athæfi sínu, sem myndi ekki endurtaka sig. Honum var síðan sleppt.




**ÍSLENSKT LAMB Í WHOLE FOODS** Bandaríkjamenn hafa flutt inn íslenskt lambakjöt undanfarin ár og er það selt þar sem íslensk vara í mörkuðum Whole Foods.

# Evrópa tekur lambið af matseðli í kreppu

**Útflutningur á íslensku lambakjöti til ESB-ríkja dróst saman um meira en helming fyrstu sex mánuði ársins. Kreppan í Evrópu gerir útflutning erfiðari. Framleiðendur hafa stofnað markaðssamtök fyrir dýrari erlenda markaði.**

**LANDBÚNAÐUR** Útflutningur á lambakjöti til ríkja innan Evrópusambandsins (ESB) minnkaði úr 640 tonnum fyrstu sex mánuði síðasta árs í 250 tonn á sama tímabili í ár. Ástæðan er samdráttur í efnahagskerfi ríkjanna. Á sama tíma jókst útflutningur lítillega til landa utan ESB, eins og Noregs og Færeyja.



**SIGURÐUR EYÞÓRSSON**

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir evrópska markaði hafa verið sérstaklega erfiða undanfarin misseri, en þó náist yfirleitt að koma afurðunum í verð þó þær séu ekki fluttar úr landi.

„Það hefur verið allt í lagi. Auðvitað leita menn alltaf leiða til þess og heimamarkaðurinn er enn þá sterkastur,“ segir hann. „En það er ansi mikill munur á því hvað er flutt til ESB í ár og eins og þetta var í fyrra og það er klárlega kreppan í Evrópu sem er að hafa þar áhrif.“

Árið 2010 var metár í útflutningi á lambakjöti hér á landi, en um leið og efnahagskreppan fór að láta sjá sig í Evrópu, drógu menn saman seglin.

„Það er annað neyslumynstur þar,“ segir Sigurður. „Lambakjötið er að keppa við annað kjöt hér, en í Evrópu eru menn fljótari að skera það út af matseðlinum þegar harðnar í ári. Og þetta á við um fleiri afurðir en lambakjöt.“

Íslenskir sauðfjárbændur stofnuðu nú regnhlífarsamtök fyrir markaðssetningu á betra lambakjöti fyrir smærri og dýrari heimsmarkaði í fyrra.

Samtökin heita Iceland Lamb og halda utan um markaðssetningu sjö íslenskra lambakjötsframleiðenda.

Sigurður segir að með slíkri markaðssetningu sé verið að hafa áhrif á markaði sem gefi betra verð og fylgi kjötinu allt til enda, en uppruni íslensks lambakjöts týnist víðast hvar í söluferli erlendis og er kjötið því einungis selt sem innflutt, nema á dýrari mörkuðum.

„Neytandinn verður meðvitaður um að varan komi héðan og myndar tengsl við hana og framleiðslulandið,“ segir Sigurður. Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að mikil eftirspurn væri á mörkuðum í Asíu og Ameríku eftir betra lambakjöti og verið væri að horfa til landa eins og Sádi-Arabíu, Singapúr og Kanada til útflutnings, en Bandaríkjamarkaður og smærri markaðir í Rússlandi hafa flutt inn íslensk lambakjöt í nokkur ár.

sunna@frettabladid.is

Um 4.000 íþróttaslys á ári:

## Íþróttameiðsl 10,5% af slysum

**SLYS** Slys tengd íþróttum eru um tíu prósent þeirra slysa sem skráð eru í Slysaskrá Íslands. Alls voru skráð 3.882 íþróttatengd slys árið 2010, sem er 10,5 prósent af heildarfjöldanum.

Hlutfall íþróttameiðsla hefur hækkað jafnt og þétt á síðustu árum, en árið 2007 var hlutfallið af heildarfjölda slysa 7,4 prósent. Árið 2009 var það komið upp í tíu prósent. Samkvæmt Slysaskrá er algengast að fólk slasist í íþróttum á kvöldin, á milli klukkan 18 og 22. Þá eru helmingi fleiri karlmenn sem slasa sig við íþróttaiðkun en konur. **- sv**




**SPASSKY OG FISCHER** Gömlu meistararnir tefldu saman að nýju árið 1992.

40 ár frá einvígi aldarinnar:

## Einvígis minnst í Laugardalshöll

**ÍÞRÓTTIR Sérstök hátíðardagskrá í tilefni þess að nú eru fjörutíu ár frá heimsmeistaraeinvígi Boris Spassky og Bobby Fischers árið 1972 verður kynnt í borgarráði á morgun.**

**Halda á málþing og fjölmennt barnaskákmót og efna til sérstakrar afmælisdagskrár og sýningarhalds í samvinnu Reykjavíkurborgar og tafl- og skákfélaga. Borgarráð hefur þegar samþykkt að verja 1.270 þúsund krónum í verkefnið. Fischer lést í Reykjavík í janúar 2008. Spassky er heilsuveill og mun halda til í Rússlandi um þessar mundir. Hann er 75 ára. - gar**




Menntunarstaða Íslendinga hefur batnað jafnt og þétt frá aldamótum:

# Fara sér hægt í framhaldsskóla

**MENNTAMÁL** Á Íslandi ljúka hlutfallslega færri framhaldsskólanemar námi á tilskyldum tíma en í öðrum OECD-löndum. Aðeins 44% íslenskra nema hafa lokið prófi eftir fjögur ár; eftir sex ár hafa 58% brautskráðst.

Þetta kemur fram í árlegri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um stöðu menntamála í aðildarríkjunum árið 2010 sem gefin var út í gær.

Þegar litið er til annarra landa til samanburðar kemur í ljós að í öllum löndum nema Íslandi og Mexíkó hafa yfir sextíu prósent lokið námi tveimur árum eftir tilskilinn tíma. Í hinum Norðurlöndunum er hlutfallið yfir sjötíu prósent. Á móti kemur að hvergi nema í Portúgal ljúka fleiri framhaldsskólaprófi seinna á lífsleiðinni en á Íslandi.

Skýrsla OECD leiðir í ljós að menntunarstaða Íslendinga hefur batnað jafnt og þétt frá aldamótum. Árið 2010 höfðu 33% fólks á aldrinum 25-64 ára á Íslandi lokið háskólaprófi og 33% höfðu ekki lokið neinu prófi eftir grunnskóla samanborið við 21% og 45% um aldamótin.

Árleg útgjöld vegna hvers nemanda á Íslandi, að meðaltali fyrir öll skólastig árið 2009, var um 1,2 milljónir íslenskra króna miðað við gengi í lok árs 2009. Það er hærra en meðaltal OECD-landanna en lægra en á hinum Norðurlöndunum. **- shá**



**Í FRAMHALDSSKÓLA** Íslensk ungmenni fara sér hægt við að ljúka framhaldsskólanámi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Helgarferðir

## með VITA í haust











### DUBLIN
ÍRLANDI

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

Verð frá **79.800** kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Camden Court í 4 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.800 kr.

25. - 29. okt.
4 nætur

### MADRID
SPÁNI

Madrid er borg menningar og listar, fótbolta og mannlífs, og það fram á rauða nótt. Borg sem kemur skemmtilega á óvart með breiðstræti sín, öngstræti, göngugötur, listasöfn og svo að sjálfsögðu H&M.

Verð frá **88.100** kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Husa Princesa í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 98.100 kr.

11. - 14. okt.
3 nætur

### SEVILLA
SPÁNI

Sevilla er höfuðborg Andalúsíu. Þróttmikil og lifandi borg með sjarmerandi göngugötum, tapas-börum, iðandi mannlífi og flottum verslunum. Risastór El Corte Ingles vöruhús og auðvitað H&M.

Verð frá **81.200** kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Novotel í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 91.200 kr.

5. – 8. okt.
3 nætur

### EDINBORG
SKOTLANDI

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri. Heillandi borgarstæði, fallegar byggingar og tignarlegur Edinborgarkastali.

Verð frá **79.300** kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Mercure Edinburgh City
(áður Mount Royal) í 3 nætur 18. okt.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.300 kr.

4. og 18. okt., 1. og 15. nóv.
3 eða 5 nætur

Öll verð eru á mann í tvíbýli. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 61068 09/12

## GENGIÐ 11.09.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,03 | 122,61 |
| Sterlingspund | 195,5 | 196,46 |
| Evra | 156,04 | 156,92 |
| Dönsk króna | 20,937 | 21,059 |
| Norsk króna | 21,081 | 21,205 |
| Sænsk króna | 18,381 | 18,489 |
| Japanskt jen | 1,5631 | 1,5723 |
| SDR | 187,09 | 188,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,7862

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setti í gær Alþingi og flutti þingheimi skýr skilaboð fyrir veturinn:

# Kröfur um afskipti forseta gætu aukist enn

**ALÞINGI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gerði stöðu Alþingis að umtalsefni í þingsetningarræðu sinni í gær. Hann sagði brýnt fyrir þjóðina og stofnanir hennar að á komandi vetri yrði tekið á vanda þingsins og leiðir fundnar til að efla álit þess meðal almennings.

Ólafur sagði það brýnt fyrir alla að taka á vanda þingsins; Alþingi sjálft, kjörna fulltrúa, stjórnmálaflokkana í stjórn og stjórnarandstöðu og ekki síst hann sjálfan „því ella munu áfram aukast kröfur um afskipti hans af setningu laga umfram það sem hefur tíðkast“.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sagði að ný lög um rannsóknanefndir hefðu verið mikilvægt skref en alþingismenn þyrftu að stíga varlega til jarðar með það vald sem í lögunum felst. „Við megum ekki vera svo uppnumin af rannsóknarnefndum að við förum að líta á þær sem bót allra meina. Skipun nefndanna verður þá aðalmálið en ekki niðurstöðurnar. Förum því varlega í þessum efnum og gætum þess sem er lykilatriðið, að fylgja eftir niðurstöðum slíkra nefnda svo þær rykfalli ekki á borðum okkar. Niðurstöður sem ekkert er gert með eru lítils virði,“ sagði Ásta Ragnheiður.

Þingsetningarathöfnin hófst klukkan 13.30 með guðsþjónustu í Dómkirkjunni að venju en mun rólegra var um að litast við Alþingishúsið í ár en við undanfarnar þingsetningar. Fáir voru á ferli ólíkt fyrri árum þar sem fjöldamótmæli hafa einkennt þingsetninguna. Gátu allir gengið óáreittir til þinghússins að lokinni guðsþjónustu þar sem Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup predikaði. **- shá**



**141. LÖGGJAFARÞING SETT** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flytur þingsetningarræðu sína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flúði lögreglu á mótorhjóli:

## Ákærður fyrir ellefu brot á umferðarlögum

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur rúmlega þrítugum manni úr Vogum fyrir stórhættulegt aksturslag undir áhrifum fíkniefna sumarið 2010.**

**Maðurinn er ákærður fyrir að hafa ekið mótorhjóli austur Reykjanesbrautina á 150 kílómetra meðalhraða, undir miklum áhrifum kannabisefna og án þess að hafa ökuskírteini meðferðis.**

**Samkvæmt ákæru flúði maðurinn undan lögreglu á allt upp undir 200 kílómetra hraða, tók fram úr bílum jafnt til hægri og vinstri þótt hvorugt mætti og stöðvaði ekki fyrr en hann var kominn út úr bílnum og á göngustíg meðfram Reykjanesbrautinni þar sem hann datt.**

**Hann er ákærður fyrir brot á ellefu ákvæðum umferðarlaga, auk annars. - sh**

### ÁRÉTTING

Barnaverndarnefnd Kópavogs vill koma því á framfæri að í Kópavogi er sólarhringsþjónusta í barnavernd og hefur verið við lýði um margra ára skeið, allt árið um kring. Fram kom í viðtali Fréttablaðsins við Braga Guðbrandsson, forstjóra Barnaverndarstofu, 3. september síðastliðinn, að slík sólarhringsþjónusta væri aðeins í Reykjavík. Það er ekki rétt.

### LEIÐRÉTT

Áfengisbann var samþykkt 1. maí 1909 sem lög frá Alþingi að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1908. Það gekk í gildi í tveimur áföngum, aðflutningsbann 1. janúar 1912 og vínsölubann 1. janúar 1915. Í Fréttablaðinu 10. september var því ranglega haldið fram að það hefði verið samþykkt 1915.

# Dregið úr fjárframlögum til ættleiðinga á næsta ári

**Íslensk ættleiðing fær 100 þúsund krónum minna á næsta ári en í ár, en segist þurfa 44 milljónir til viðbótar. Forgangsraðað þannig að ættleiðingar séu afgangsmál segir Hörður Svavarsson, formaður félagsins.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjárframlög til Íslenskrar ættleiðingar verða hundrað þúsund krónum minni á næsta ári en í ár, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem kynnt var í gær. Gert er ráð fyrir því að Íslensk ættleiðing fái 9,1 milljón króna á fjárlögum en upphæðin í ár var 9,2 milljónir.

„Félagið þarf 44 milljónir til viðbótar við núverandi tekjur til að geta sinnt þeim verkefnum sem lög og reglugerðir leggja því á herðar. Um það er ekki ágreiningur og það hefur verið viðurkennt af hálfu ráðuneytisins að félagið geti ekki farið að lögum ef því verða ekki tryggðar þessar tekjur,“ segir Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar.



HÖRÐUR SVAVARSSON

Hann segir ættleiðingarfélagið hafa boðið stjórnvöldum að hækkanir til þess kæmu í skrefum, inn fimmtán milljónir kæmu í fjáraukalögum þessa árs, fimmtán milljónir til viðbótar á fjárlögum 2013 og lokaskrefið ári síðar. „Félagið hefur fengið vilyrði fyrir því að lagt verði til framlag sem samsvarar fyrsta skrefinu á fjáraukalögum í haust. Innanríkisráðherra tjáði forsvarsmönnum ættleiðingarfélagins einnig að ráðuneytið gæti ekki lagt til aukna hækkun á næsta ári því það kæmi niður á öðrum fjársveltum málaflokkum sem tilheyra þessu viðamikla ráðuneyti.“

> Það hefur verið viðurkennt af hálfu ráðuneytisins að félagið geti ekki farið að lögum ef því verða ekki tryggðar þessar tekjur.
>
> HÖRÐUR SVAVARSSON
> FORMAÐUR ÍSLENSKRAR ÆTTLEIÐINGAR

Að sögn Harðar hafa forsvarsmenn félagsins sagt að tekjur þurfi til að mæta öllum verkefnum sem félaginu eru lagðar á herðar, ekki bara sumum. „Við þurfum því ekki hluta af tekjunum sem þurfa að standa undir verkefnunum. Engum dettur í hug að bora hálf jarðgöng gegnum Vaðlaheiði,“ segir Hörður.

Að vissu leyti er ánægjulegt að átta sig á því að félagið hafi náð eyrum ráðamanna með þessari röksemdafærslu, segir Hörður. „Stjórnvöld hafa áttað sig á því að það er betur heima setið en af stað farið, ef það á bara að fara hálfa leið. Tillögur að framlagi til Íslenskrar ættleiðingar í nýju fjárlagafrumvarpi eru því rökrétt niðurstaða fjármálaráðherra sem forgangsraðar þannig að ættleiðingar eru afgangsmál.“

Átján börn voru ættleidd til Íslands frá útlöndum á síðasta ári, flest frá Kína. Íslensk ættleiðing er eina félagið sem hefur umsjón með ættleiðingum erlendis frá.

**thorunn@frettabladid.is**



**KÍNA** Flest börn sem hingað voru ættleidd í fyrra komu frá Kína. Íslensk ættleiðing segir ættleiðingarmál nú afgangsmál. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Föst fjölskylda fær þrjár milljónir

Ríkisstjórnin mun styrkja íslenska fjölskyldu, sem hefur verið föst í Kólumbíu í níu mánuði, um þrjár milljónir króna. Þetta var ákveðið fyrir helgi.

Bjarnhildur Hrönn Níelsdóttir og Friðrik Kristinsson héldu til Kólumbíu í desember síðastliðnum til þess að sækja ættleiddar dætur sínar tvær. Þau gerðu ráð fyrir því að komast heim með dæturnar um sex vikum síðar en dómstólar ógiltu fyrri dóm um að stúlkurnar væru lausar til ættleiðingar. Af þessum sökum hefur fjölskyldan verið föst í Kólumbíu á meðan málið er tekið fyrir á æðri dómstigum. Þau munu því öllum líkindum þurfa að vera í Kólumbíu í nokkra mánuði enn.

Að sögn Íslenskrar ættleiðingar er kostnaður hjónanna orðinn um tólf milljónir króna. Tekið hefur verið við frjálsum framlögum fyrir þeirra hönd auk þess sem Íslensk ættleiðing hefur styrkt hjónin. Í tilkynningu Íslenskrar ættleiðingar um málið segir að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hafi beitt sér fyrir því að fjölskyldan yrði styrkt.


Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:

**Hagnýt verkefnastjórnun**

Afar gagnlegt og hnitmiðað nám fyrir þá sem koma að stjórnun verkefna, hvort sem þau eru stór eða lítil. Heimsþekkt aðferðarfræði kennd (PRINCE2) ásamt áhættugreiningu, breytingastjórnun, áætlanagerð með Project, skipulagningu með aðstoð hugarkorta og margt margt fleira. Halldór Kristjánsson verkfræðingur kennir.

Bættu þér í hóp þeirra rúmlega 630 einstaklinga sem hafa sótt verkefnastjórnunarnám hjá okkur á liðnum árum.

Nám hefst 20. september (9:00-12:00 tvisvar í viku)
(... og Grunnur góðrar verkefnastjórnunar á 64.500)

Verð aðeins 94.500
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**ROK OG RIGNING**
Ný og kröpp lægð kemur upp að landi í dag með hvassri suðaustanátt og mikilli vætu. Fyrst fer að hvessa og rigna sunnan og vestan til en í kvöld og nótt verður úrkoma um allt land. Hægari á morgun en áfram úrkomusamt.



Á MORGUN
NA 10-18 NV-lands en SV 8-15 SA-til.

FÖSTUDAGUR
5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 18° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 26° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 15° |
| París | 19° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


Erum flutt á
Suðurlandsbraut 20
Egill Árnason™
34% AFSLÁTTUR
Verðdæmi:
ÍTALSKAR VEGGFLÍSAR
IDEA 10X30 HVÍT MÖTT
Verð áður 5.990.- m²
Verð nú kr 3.953.- m²
48% AFSLÁTTUR
Verðdæmi:
ÞÝSKAR GÓLFFLÍSAR
BASALTINA MÖTT 30 X 60 GÓLFFLÍS
Verð áður 9.291.- m²
Verð nú 4.831.- m²
STÓRÚTSALA
33% AFSLÁTTUR
Verðdæmi:
HARÐPARKET
EIK COTTAGE 2V / 9MM
Verð áður 5.990.- m²
Verð nú 3.990.- m²
41% AFSLÁTTUR
Verðdæmi:
VIÐARPARKET
EIK UNIQUE 4. STAFA
Verð áður 8.490.- m²
Verð nú 4.924.- m²
Egill Árnason | Suðurlandsbraut 20 | 108 Reykjavík | S:595 0500
Opnunartímar: mán - fös kl. 9 - 18 og lau kl. 11 - 15

**KJÖRKASSINN**




*Hefur þú nýtt þér síðsumarsútsölurnar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 14,4% |
| NEI | 85,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ert þú með yfirdráttarlán?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

vísir

Tveir lögfræðingar og einn siðfræðingur munu skrifa frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun:

# Starfshópur um staðgöngu skipaður

**SAMFÉLAGSMÁL** Kristrún Heimisdóttir, lektor í lögfræði, er formaður starfshóps sem skipaður hefur verið til að gera lagafrumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Hrefna Friðriksdóttir, lektor í lögfræði, og Sigurður Kristinsson, siðfræðingur og forseti hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri, sitja einnig í hópnum. Þá hefur verið ákveðið að Karen Busby, lagaprófessor við Manitoba-háskóla, verði starfshópnum til ráðgjafar.



KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR



KAREN BUSBY

Alþingi ályktaði í janúar síðastliðnum að fela velferðarráðherra að undirbúa frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Unnið hefur verið að því að skipa starfshóp síðustu mánuði, en eins og Fréttablaðið greindi frá í sumar hefur það reynst erfitt.

Starfshópurinn á að skila ráðherra frumvarpstexta og greinargerð „sem byggir á bestu þekkingu og rannsóknum um málefnið“ að því er fram kemur í skipunarbréfi. Þá á að gera grein fyrir meginspurningum á sviði lögfræði, siðfræði, læknisfræði og fleiri fræði- og vísindagreina þar sem fjallað hefur verið um staðgöngumæðrun auk þess sem skoða á löggjöf í öðrum ríkjum. Þá á að leggja áherslu á að hagur og réttindi barns, sjálfræði og velferð staðgöngumóður og fjölskyldu hennar og farsæl aðkoma verðandi foreldra verði tryggð.

Í greinargerð með frumvarpinu á einnig að koma fram hvernig staðgöngumæðrun verði færð inn í íslenskt réttarkerfi. Þá verði að leitast við að uppfylla kröfur þingsins um skýrleika og traustan lagaramma, ströng skilyrði og skýrar verklagsreglur um framkvæmd og eftirlit með staðgöngumæðrun. **- þeb**





ALLT Á PRJÓNANA Í NETTÓ!

Garndeildir Nettó | Reykjanesbær | Grindavík | Egilsstaðir | Akureyri | Mjódd | Grafarvogur | Borgarnes


# Erfiðri glímu spáð við stjórnarmyndun

**Kosningabaráttan í Hollandi hefur snúist um efnahagsaðgerðir og Evrópumálin. Rutte forsætisráðherra vonast eftir stuðningi við aðhaldsaðgerðir. Þjóðernissinninn Wilders beinir nú spjótum sínum frekar að ESB en múslímum.**

**HOLLAND** Hollendingar ganga til kosninga í dag, rúmlega tveimur árum eftir að síðast var kosið á þing í landinu. Mark Rutte forsætisráðherra ákvað síðasta vor að boða til kosninga, þrátt fyrir að kjörtímabilið væri vart hálfnað, þegar ljóst var orðið að strangar aðhaldsaðgerðir hans myndu ekki hljóta meirihluta í þinginu.

Ekki virðist samt líklegt að hann fái nægan stuðning við þær á nýju þingi, ef marka má skoðanakannanir, jafnvel þótt frjálslynda flokknum hans, sem heitir Þjóðaflokkur frelsis og lýðræðis, sé spáð fleiri atkvæðum en nokkrum öðrum flokki og fær líklega allt upp í 35 þingmenn.

Rutte er frjálslyndur hægrimaður, dyggur stuðningsmaður Evrópusambandsins og vill draga harkalega úr umsvifum ríkisvaldsins í Hollandi. Hann hafði fengið í lið með sér Kristilega demókrataflokkinn, samstarfsflokk sinn í ríkisstjórninni, en það var aðeins minnihlutastjórn tveggja flokka sem þurfti að reiða sig á atkvæði þjóðernissinnaflokk Geert Wilders, en Wilders vildi ekki styðja þennan stranga aðhaldspakka.

Wilders hefur reyndar dregið nokkuð úr árásum sínum á múslíma og aðra útlendinga, en beinir þess í stað spjótum sínum einkum að Evrópusambandinu þessa dagana.

Hann hefur dalað nokkuð í skoðanakönnunum frá því fyrir tveimur árum, þegar hann fékk meira en fimmtán prósent atkvæða og 24 þingmenn. Honum er engu að síður spáð tólf til þrettán prósentum og allt að tuttugu þingmönnum, en fær vart möguleika á að ráða úrslitum við stjórnarmyndun eftir kosningarnar.

**Fá stjórnarmynstur í kortunum**

Skoðanakannanir benda til þess að Mark Rutte forsætisráðherra og frjálslyndi flokkurinn hans fái flest atkvæði í þingkosningunum í Hollandi í dag. Stjórnarmyndun verður samt erfið.




Heimild: Ipsos Synovate Ljósmyndir: AP, Govert de Roos/SP © GRAPHIC NEWS

Verkamannaflokkurinn, með Diederik Samson í fararbroddi, hefur hins vegar verið að sækja mjög í sig veðrið síðustu vikurnar og er spáð góðri niðurstöðu í kosningunum.

Þriðji stærsti flokkurinn eftir kosningar verður svo væntanlega Sósíalistaflokkurinn, með Emile Roemer við stjórnvölinn.

Við blasir að erfitt verður að finna raunhæfa stjórnamyndunarmöguleika, því 76 þingsæti þarf til að mynda minnsta mögulega meirihlutann á 150 manna þjóðþingi landsins. **gudsteinn@frettabladid.is**


# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Á morgun 13. september gefur Íslandspóstur út tvær frímerkjaraðir og eina smáörk. Myndefni frímerkjanna eru vitar og selir við Íslandsstrendur. Myndefni smáarkarinnar er fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri og 500 ára vígsluafmæli Skriðuklausturskirkju (1512-2012).



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


Ákærður fyrir að hóta tveimur lögreglumönnum lífláti á Facebook:

# Kallaði lögregluþjón nasista og rottu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært hálffertugan mann fyrir að veitast með ofsafengnu orðbragði að tveimur nafngreindum lögregluþjónum á Facebook.

Ummælin féllu á vefnum 18. og 19. september í fyrra. Ekki kemur fram í ákærunni hvað varð manninum tilefni til skrifanna.

Ákærði kallaði annan lögreglumannanna fasista, viðbjóðslegt gerpi, barnaníðing, morðingja, framhjáhaldara, geðsjúkling, sterahaus, mikilmennskubrjálæðing, nasistaforingja og böðul. Þá sakaði hann lögregluþjóninn um spillingu í tengslum við hestakerru og ofbeldi gegn ungum dreng.

Hinn lögreglumanninn kallaði hann geðsjúkling og rottu og kvaðst vonast til þess að hann mundi rotna í helvíti enda væri hann sóun á súrefni, auk þess sem hann sakaði hann um ýmislegt misjafnt.

Allt þykir þetta varða við hegningarlagaákvæði um ærumeiðandi aðdróttanir. Að lokum er hann ákærður fyrir að kalla þá rottur og nasistagengi og hóta þeim báðum því að láti þeir ekki „dagfarsprúða“ syni hans í friði muni hann enda í sextán ára fríi á „heilsuhælinu“ Litla-Hrauni. Hann bætir við að slíka þjónustu sé raunar ekkert mál að kaupa fyrir 200 til 1.200 þúsund krónur af erlendum mönnum. Þetta er álitin vera hótun um líflát. **- sh**



**MJÖG REIÐUR** Reiði mannsins í garð lögregluþjónanna braust út á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag

Græn skref í Reykjavík

**TOYO TIRES**

*driven to perform*



Meira grip án nagla

# Þú getur sett Toyo harðskeljadekkin undir strax

*Forðastu biðraðir - skiptu tímanlega*

Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Umboðsmenn um land allt**
**www.benni.is**

Reykjavík • Fiskislóð 30 • Sími: 561 4110
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9 • Sími: 420 3333

Bílabúð Benna dekkjaþjónusta
Tangarhöfða 8 • S: 590 2045 • 590 2000

## Afleiðingar óveðursins á Norðurlandi

# „Þetta eru náttúruhamfarir“

**Tugir þúsunda fjár voru enn uppi í snævi þöktum fjöllum Norðurlands í gærkvöld. Ástandið verra en talið var. Hefðu getað náð fénu inn ef veðurspáin hefði verið rétt, segir bóndi. Enn var rafmagnslaust í gærkvöld.**

„Við höfum ekki séð fyrir endann á þessu. En allir sem eru í búskap vita að þegar svona gerist getur eitthvað farið illa. Núna snýst þetta um að takmarka tjónið. Þetta er alveg gríðarlegt dæmi,“ segir Þórarinn Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda og bóndi á Grýtubakka í Eyjafirði.

Óvenjulega hart vetrarveður hefur geisað um allt Norðurland síðan á sunnudagsnótt. Vindur gekk hægt niður í gær, en sauðfé fannst grafið víða í tveggja til þriggja metra djúpum snjósköflum á mánudaginn. Allt tiltækt björgunarsveitarlið var kallað út til að aðstoða bændur við smölun, en snemma var ljóst að tugir þúsunda fjár var á fjöllum, margt grafið í snjó.

Þórarinn hefur heyrt frá nokkrum bændum sem hafa fundið dautt fé í fönn, en það hafi aðallega verið heima við bæi. Leitarmenn lögðu af stað snemma í gærmorgun á vélsleðum, dráttarvélum og stærri bílum til að leita fjár og koma því niður á götur. En þar sem klakabrynjur eru á mestöllu fénu, telur Þórarinn líklegt að það verði þungt í rekstri og smölun gæti tekið langan tíma við svona erfiðar aðstæður.

„Þetta er ekkert annað en náttúruhamfarir fyrir sauðfjárbændur,“ segir hann. „Við höfum lent í svona veðrum á annesjum þegar kemur skítviðri á haustin, en ég man ekki eftir að hafa heyrt um það á þessum tíma svona inn til landsins.“

Að sögn Þórarins hafa kindur ríka sjálfsbjargarviðleitni þegar kemur að svona fárviðrum. Það er ekki nema þær blotni mikið og það frysti að þær drepist úr kulda.

Erlingur Teitsson, bóndi á Brún í Reykjardal, hafði fundið tvö dauð lömb í snjónum þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gærdag.

„Ef svona veðri hefði verið spáð leikur enginn vafi á því að við hefðum tekið allt féð inn kvöldið áður og komist hjá þessu,“ segir Erlingur. Hann hafði grafið á fjórða tug skepna upp úr fönn á mánudagskvöld. Hann getur ekki sagt með vissu hvort fleiri kindur hafi drepist.

„Við höfum ekkert fundið síðan í gærkvöldi [í fyrrakvöld], en við teljum okkur vera búna að ná langmestu,“ segir hann. „Menn voru ekki viðbúnir að það yrði svona mikil stórhríð. Það er gríðarlega mikill snjór kominn og miðað við veðurspá er þetta mun verra en ég átti von á.“ Erlingur reiknaði þó með að missa fleiri dýr en úr varð. Til allrar hamingju var helmingur búfjárins þegar kominn í hús áður en fárviðrið skall á.



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is



**LEITAÐ Í MÝVATNSSVEIT** Björgunarsveitarmenn leituðu fjár með snjóflóðastöngum rétt hjá Helluvaði og Laxárbökkum í Mývatnssveit í gær. STÖÐ 2/BÖDDI



**RAFMAGNSLÍNUR HREINSAÐAR** Mikið tjón varð á á rafmagnslínum vegna ísingar á Norðausturlandi. Myndin er tekin í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem Hjálparsveit skáta vann við hreinsun rafmagnslína.

## Dreifðari flutningur hefði minnkað tjón

Ísingar á línum Rarik og Landsnets orsökuðu rafmagnsleysi á mestöllu Norðausturlandi á mánudag. Þrjár línur skemmdust hjá Landsneti í kuldanum; Kópaskerslína 1, Laxárlína 1 og Kröflulína 1. Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segir tjónið nema að minnsta kosti sjötíu til hundrað milljónum króna og viðgerð taki líklega tvo sólarhringa. Bæir sem fá rafmagn í gegn um Laxárlínu, sem eru um 300 talsins, eru enn án rafmagns.

„Þetta er bara viðgerðarkostnaður svo það gæti verið meira,“ segir hann. „En afleitt tjón af svona löguðu er alltaf miklu meira en beinn kostnaður.“

Beint rof á afhendingu viðskiptavina Landsnets er í gegn um Kópaskerslínuna. Þar brotnuðu tuttugu stæður, en frekari skemmdir gætu einnig átt eftir að koma í ljós. Guðmundur segir ljóst að ef flutningnum væri dreift meira, hefði tjónið ekki orðið jafn mikið. „Við höfum óskað eftir leyfi til að leggja þriðju línuna í þrjú ár,“ segir hann. „Við höfum líka verið að undirbúa línur frá Akureyri í Kröflu til að styrkja allt svæðið. En ég vil ítreka að flutningskerfið er eins og hraðbraut raforkunnar og gegnir sífellt stærra hlutverki.“

Framkvæmdir við uppsetningu þriðju línunnar eru metnar á um það bil sjö milljarða króna.

## Mesta tjón af völdum ísingar í 17 ár

Tjónið sem varð af völdum ísingar á mánudag er það mesta í sautján ár. Mestu skemmdirnar urðu í Mývatnssveit þar sem tugir staura brotnuðu og línur slitnuðu. Viðgerð þar hófst fyrir hádegi í gær, en talið er að viðgerð geti tekið allt að tvo sólarhringa. Þá eru að minnsta kosti sex staurar brotnir í Bárðardal, sem gerir það að verkum að straumlaust er í innsta hluta Reykjadals og víða straumleysi eða skömmtun í Öxarfirði og varavélar eru keyrðar í Kelduhverfi, á Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafirði.

Eftir að mikið tjón varð á línum á Norðurlandi árin 1991 og 1995 var ákveðið að vinna markvisst að endurnýjun dreifikerfisins í dreifbýli með lagningu jarðstrengja og hefur nær helmingur loftlína nú vikið fyrir jarðstrengjum.

„Þrátt fyrir að nú blasi við gríðarlegt tjón, er ljóst að það hefði orðið mun meira og valdið víðtækara og lengra straumleysi ef strengvæðingin hefði ekki komið til,“ segir í frétt á vef Rarik.

## Veðrið gengur yfir í dag

Veðurstofa Íslands spáir norðvestan hvassviðri á Austfjörðum í dag, en annars mun hægari. Búist er við rigningu eða slyddu norðaustanlands, en annars bjartviðri. Mun hægara og bjartviðri norðan og austan til. Hiti 1 til 11 stig, mildast á Suðausturlandi, en hlýnar heldur norðanlands á morgun.

www.volkswagen.is




Volkswagen Amarok

Fágaður og fullur af orku

Volkswagen Amarok sameinar kosti lúxusjeppa og pallbíls og býður upp á mikla notkunarmöguleika fyrir fjölbreyttan lífstíl.

Eyðsla 7,4 lítrar/100km.*

*Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Amarok Double Cap 2.0 TDI

Das Auto.

Umboðsmenn
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is
HEKLA


TÖFRAR
FRÁ MEXÍKÓ
ORIGINAL SOFT
TORTILLA
FAJITA
SPICE MIX
GREEN
JALAPEÑO
CHUNKY
SALSA
TEX MEX
Santa Maria
BONUS
HAGKAUP

## Fjárlagafrumvarpið 2013

# Áherslan á barnafólk og atvinnusköpun

**Fjármálaráðherra segir fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2013 marka tímamót þar sem nú hillir undir að ríkissjóður verði rekinn með afgangi. Gert er ráð fyrir 2,8 milljarða halla næsta ár en afgangi 2014.**

Í fjárlagafrumvarpinu 2013 sem Oddný Harðardóttir fjármálaráðherra kynnti í gær er gert ráð fyrir 2,8 milljarða halla á ríkissjóði á næsta ári. Ef vaxtatekjur og -gjöld eru undanskilin er útkoman jákvæð um 4,3 milljarða. Stefna ríkisstjórnarinnar er að ná jafnvægi í ríkisrekstri árið 2014. Hallinn fór allt niður í tæpa 140 milljarða árið 2009, en í ár er gert ráð fyrir að hallinn verði tæpir 26 milljarðar.

Ráðherra boðaði nýjar áherslur í ríkisframlögum í krafti bættrar rekstrarstöðu ríkissjóðs, þar sem 9,5 milljörðum verður varið til stuðnings við barnafjölskyldur og til atvinnusköpunar.

3,8 milljarðar fara í verkefni á fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar, 1,3 milljarðar í styrkingu rannsókna- og tæknisjóða, 2,5 milljarðar í samgönguframkvæmdir og 4,3 milljarðar fara í að styðja fjölskyldur í greiðsluvanda vegna bankahrunsins, meðal annars gegnum barnabætur, fæðingarorlof og auknar vaxta-/húsnæðisbætur.

Frá hruni hefur verið dregið verulega úr útgjöldum ríkisins, en í frumvarpinu nú er mun lægri krafa um aðhald í flestum málaflokkum. 1,75% niðurskurður er í almennri stjórnsýslu, 1,2% af veltu bótakerfa og sjúkratrygginga, 1% af veltu háskóla og framhaldsskóla og hálft prósent af veltu löggæslustofnana. Engin niðurskurðarkrafa verður að þessu sinni gerð í rekstri sjúkrahúsa, heilsugæslu, heilbrigðisstofnana og öldrunarstofnana.

Ráðherra tiltók tvo meginóvissuþætti í ríkisfjármálunum. Annars vegar er ekki hægt að áætla kostnað sem gæti fallið á ríkið vegna Icesave-málsins, og hins vegar er eiginfjárstaða Íbúðalánasjóðs veik og stendur nú yfir úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Til framtíðar litið er helsta verkefni ríkissjóðs að grynnka á skuldum og að nú sé tímabært að útfæra langtímamarkmið í þeim efnum.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi í gær og er fullvíst að það tekur breytingum í meðförum þingsins.



Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

### Útgjöld ríkissjóðs eftir málaflokkum í fjárlagafrumvarpi 2013




### Minnkandi halli í ríkisrekstri:

**Heildarjöfnuður ríkissjóðs 2009-2013 (milljarðar króna)**




### Minni þörf á niðurskurði en síðustu ár

**Ríkisstjórnin hefur frá hruni verið með veltutengd aðhaldsmarkmið eftir málaflokkum, en auk þeirra hefur verið gripið til margvíslegra sértækra aðhaldsráðstafana. Að þessu sinni er velferðarþjónustu og löggæslu hlíft við niðurskurði.**

| | Fjárlög 2009 | Fjáraukalög 2009 | Fjárlög 2010 | Fjárlög 2011 | Fjárlög 2012 | Frumvarp 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Alm. opinber stjórnsýsla | 5% | 2% | 10% | 9% | 3% | 1,8% |
| Stjórnsýslu og eftirlitsst. | 5% | 2% | 10% | 9% | 3% | 1,8% |
| Framhaldsskólar | 3% | 1,6% | 7% | 5% | 1,5% | 1% |
| Háskólar | 3% | 1,6% | 7% | 7,5% | 1,5% | 1% |
| Löggæslustofnanir | 3% | 2% | 5% | 5% | 1,5% | 0% |
| Sjúkrahús | 3% | 1% | 5% | 5% | 1,5% | 0% |
| Heilbrigðis- og öldrunarst. | 3% | 1% | 5% | 5% | 1,5% | 0% |
| Málefni fatlaðra | 3% | 1% | 5% | 5% | 1,5% | 0% |


# Perudagar

Nú þegar hausta tekur og landsmenn verða áþreifanlega varir við myrkrið, ætlar Glóey að efna til svokallaðra perudaga sem standa munu **dagana 10.-14. september.**

Verslunin býður þá viðskiptavinum sínum aðstoð og lausnir við val á ljósaperum og verða allar perur seldar á sérstökum afslætti.

Boðið verður upp á ráðgjöf varðandi orkusparnað í inni- og útiljósum og hvað er til ráða vegna glóperubannsins.

Þessa dagana brenna ýmsar spurningar á fólki.
Er hægt að dimma sparperur?
Fæ ég perur í gömlu ljósakrónuna mína?
Fást sérperur áfram sem glóperur?
Eru allar sparperur með blárri/gulri birtu?

**Verslunin Glóey er til húsa í Ármúla 19.**







AAA EINKUNN
1600 SNÚNINGA
HRAÐVAL
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
114.900
SPARAÐU 25.000
AEG
L-60660FL Þvottavél
1600 snúninga með OptiSense þvottatækni
✓ LCD tímaskjár - sýnir lengd kerfis
✓ Sérkerfi fyrir blettaþvott
✓ 30 cm hurðarop með 170° opnun
✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi og 20 mínútna hraðkerfi
✓ Seinkun á gangsetningu 3/6/9 klst.
✓ Ofnæmisskolun möguleg
✓ A++/A/A toppeinkunn fyrir orkunýtni & þvottagæði og þeytivindu
✓ Fullt verð kr 139.900.-
AAA EINKUNN
HLJÓÐLÁT 47 dB
STÁL KR. 109.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
98.900
SPARAÐU 31.000
AEG
F-45010WO uppþvottavél
Hljóðlát og vel búin uppþvottavél með sjálfvirku aðalkerfi sem stýrir tíma, vatnsnotkun og hitastigi sjálfkrafa
✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, sjálfvirkt kerfi 45-70°C og 30 mín. 60°C hraðkerfi ásamt skolun
✓ Sveigjanleg innrétting sem hentar öllu uppvaski með niðurfellanlegum diskastoðum fyrir stóra hluti s.s. potta og skálar.
✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-19 klst.
✓ A/A/A toppeinkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun. Ath. án toppplötu.
✓ Verð áður kr 129.900
Electrolux
EHH-6340FOK Spansuðuhelluborð
Glæsilegt spansuðuhelluborð með glerkanti, stop&go, booster hellum og klukku
✓ Booster hraðaspanhellur á öllum hellum
✓ Snertitakkar og LED skjár
✓ Suðusjálfvirkni - lækkar sjálfkrafa hitann
✓ Tímastillir 99 mínútur
✓ Barnalæsing
✓ Ein XXL hella
✓ Verð áður kr 129.900
Kynningarverð gildir t.o.m. 19. sept
SPANSUÐA
KYNNINGARVERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 30.000
69 L XXL OFN
BLÁSTUR
ZANUSSI
Zanussi er dótturmerki Electrolux
ZCE-663NW Eldavél með blæstri
Eldavél með 4 hellum og fjölkerfa XXL blástursofni
✓ 69 lítra fjölkerfa blástursofn, u.þ.b. 25% stærri en hefðbundnir ofnar
✓ Mörg kerfi þ.á.m. blástur, undir- og yfirhiti ásamt grilli og gratíneringu
✓ 4 hellur þ.á.m. stór hella og hraðsuðuhella
✓ Auðþrifanlegur glerjungur í ofni
✓ 2 bökunarplötur, djúp skúffa og grind fylgir
✓ Orkuflokkur A
✓ Geymsluskúffa
✓ HxBxD 85-94 (stillanleg hæð) x 59,5 x 60 cm
✓ Fullt verð kr 139.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
SPARAÐU 40.000
1400 SNÚNINGA
HRAÐVAL
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
ÓTRÚLEGT VERÐ
Electrolux
EWF-146310W Þvottavél
Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega lág bilanatíðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Býður uppá sveigjanlegan þvottatíma.
✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhraði
✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi og ofnæmisskolun
✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
✓ Tímaskjár
✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni þvott og vindu
MERKJAVARA Á BOTNVERÐI
VERÐVAKT
RAFHA
12.-19. SEPTEMBER
TAX FREE
ÖLL SMÁTÆKI
AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM SMÁTÆKJUM
Rafha stendur að sjálfsögðu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Rafha.
Electrolux
EDC-47100C Þurrkari barkalaus
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og 8 mismunandi þurrkkerfum fyrir nær allar gerðir af fatnaði.
✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara. Stoppar þegar þvotturinn er orðinn þurr
✓ Sérkerfi fyrir viðkvæman fatnað og ull
✓ Stór 43x33 cm stór lúga
✓ Krumpuvörn og niðurkæling á taui
✓ Hljóðmerki í lok þurrks (valkvætt)
✓ Tekur allt að 7 kg. af taui
✓ Fullt verð kr 109.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
SPARAÐU 20.000
BARKALAUS
RAKASKYNJARI
exquisit
KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur
Stór kæli- og frystiskápur í orkuflokki A+
✓ 205 lítra kælir og 68 lítra frystir með 3 skúffum
✓ HxBxD 177 x 55 x 57 cm
✓ Verð áður kr. 84.900
177 CM HÁR
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
74.900
SPARAÐU 10.000
154 CM HÁR
XXL SKÚFFUR
LCD SKJÁR
KYNNINGARVERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 20.000
Electrolux
EUC-22430W Frystiskápur
154 cm hár frystiskápur í A+ orkuflokki
✓ 200 lítra með stórum skúffum
✓ Sensa handfang með léttopnun
✓ HxBxD 154 x 59,5 x 62 cm
✓ Fullt verð kr 119.900
Kynningarverð gildir t.o.m. 30. sept
Electrolux
EMM-21000W Örbylgjuofn
Flottur 800W 21 lítra örbylgjuofn með 6 stillingum
✓ 27 cm snúningsdiskur
✓ Afþíðing
✓ Fullt verð kr. 26.990
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
16.990
SPARAÐU 10.000
XXL 30 CM
30 cm panna með tvöfaldri vandaðri viðloðunarfrírri húð.
Virkar á allar hellur.
Verð áður kr 9.990
4.995
50% AFSLÁTTUR
TRISTAR
Pönnukökupanna
Virkar á allar hellur.
Verð áður kr 3.990
1.995
50% AFSLÁTTUR
Rafha ehf
Opið
virka daga 9-18
laugardaga 11-16
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Langtímahagvöxtur byggist á þekkingu:

# Súpukjötshagkerfið

Langtímahagvöxtur á Íslandi mun ekki byggjast aðallega á enn frekari nýtingu náttúruauðlinda landsins, heldur á nýtingu þeirrar auðlindar sem býr í kollinum á Íslendingum sjálfum, þekkingar og tæknikunnáttu.

Æ fleiri átta sig á þessu, enda nálgast nýting margra náttúruauðlinda okkar endamörk, hvort sem horft er á fiskstofna, orkulindir eða viðkvæma náttúru sem nýtt er til ferðamennsku. Pólitísk umræða og ákvarðanir taka þó enn að miklu leyti mið af auðlindahagkerfinu, sem til þessa hefur staðið undir lífskjörum Íslendinga.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hilmar Bragi Janusson, nýráðinn forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, gerði þetta að umtalsefni í viðtali í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins. Hann kallar hina gömlu ofuráherzlu á auðlindahagfræði „súpukjötshagkerfið", þar sem allt gangi út á að hámarka framleiðslumagn. „Slík hugmyndafræði gengur um of á auðlindir landsins og þurreys þær, hvort heldur er með virkjunum eða ofveiði," segir Hilmar.

Hann starfaði í tvo áratugi hjá Össuri hf., sem orðið hefur verðmætt, alþjóðlegt fyrirtæki og framleiðir eftirsótta hágæðavöru sem er fyrst og fremst afsprengi tækniþekkingar starfsmannanna. Hilmar telur að þekkingargeirinn sé þegar orðinn einn af grunnstoðum íslenzks atvinnulífs. Lífsgæði samfélagsins krefjist mun verðmætari afurða en áður. Á samdráttartímum sé súpukjötshagkerfið þó aldrei langt undan. „Þá eru gerðar kröfur um fleiri virkjanir, hærri aflaheimildir og fiskeldi í hvern fjörð og svo framvegis. Ég skil svo sem þessa þrá og viljann til að reyna að kippa hlutunum í lag í einu vetfangi en þetta eru ekki raunsæ langtímamarkmið," segir Hilmar.

Þetta eru réttar ábendingar. Ef við viljum undirbyggja langtímahagvöxt á Íslandi, gerum við kröfur um að stjórnvöld hlúi betur að þekkingargeiranum. Það gerist til dæmis með því að efla menntun í tækni og vísindum, þar sem Ísland stendur flestum samkeppnisríkjum sínum að baki og nýsköpunarfyrirtæki fá fyrir vikið ekki rétta starfsfólkið. Það gerist með því að efla rannsóknir á vegum háskólanna, sem Hilmar bendir réttilega á að geti skapað gífurleg verðmæti. Á verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ starfi þannig fjöldi doktorsnema, sem vinni 300 ársverk í rannsóknatengdu námi. Slíkt umhverfi á að vera útungunarstöð nýsköpunarfyrirtækja. Við hlúum líka að framtíðinni með því að gefa sprotafyrirtækjum gaum og skapa þeim hagstætt rekstrarumhverfi, þar sem þau eiga auðvelt með að fá fjármagn til að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd.

Að einhverju leyti byggir þekkingarhagkerfið á gamla auðlindahagkerfinu. Þannig er orðinn til utan um sjávarútveginn stór klasi þekkingarfyrirtækja, sem selur vörur og þjónustu sem orðið hafa til í þjónustu við veiðar og vinnslu en eiga mikla möguleika sem útflutningsvara á eigin forsendum. Sama má segja um orkugeirann; þótt sá markaður mettist á Íslandi eru miklir möguleikar í að selja þekkingu Íslendinga á hagnýtingu jarðhita og vatnsafls úti um allan heim.

Það er ekki lengur hægt að hugsa þannig að endalaust sé hægt að auka sjávarafla, virkja meira eða fjölga ferðamönnum. Það er hins vegar endalaust hægt að hagnýta góðar hugmyndir í kollinum á vel menntuðu fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ósiður

Oddný Harðardóttir fjármálaráðherra hefur ákveðið að hækka til muna álögur á nef- og munntóbak. Á blaðamannafundi í gær, þar sem fjárlög næsta árs voru kynnt, vék hún að þessari breytingu og sagði hana ætlaða til að draga úr tóbaksnotkuninni, enda væri hún óholl. Oddný sagðist í leiðinni – í móðurlegum tóni – vona að enginn fjölmiðlamannanna á staðnum legði stund á þann ósið að taka tóbak í vörina. Mörg eru áhyggjuefni íslenskra landsfeðra – og -mæðra.



### Að minnsta kosti einn

Það mun kannski hryggja Oddnýju, en hér skal þó upplýst að minnst einn í salnum er ötull munntóbaksneytandi og mætti meira að segja á blaðamannafundinn í gær með útbelgda vör. Kannski skattahækkunin muni fæla hann frá fíkninni. Oddný ætti samt ekki að halda niðri í sér andanum.

### Happdrætti

Á hverju ári lenda þingmenn í happdrætti um það með hverjum þeir munu sitja á þinginu. Guðmundur Steingrímsson, sem gekk úr Framsóknarflokknum fyrr á árinu og stofnaði Bjarta framtíð, greindi frá nýrri sætaskipan á Facebook-síðu sinni í gær: „Alltaf spennandi að draga um sæti í þinginu. Nú lenti ég við hliðina á Ásmundi Einari, á bak við Sigmund Davíð og fyrir framan Vigdísi Hauks. Fjör." Nú er að sjá hvort gömlu flokkssystkinin hafa fyrirgefið honum liðhlaupið eða hvort hann má eiga von á að bréfkúlur Vigdísar dynji á hnakkanum á honum í vetur.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Utanríkisráðherra á villigötum

Atvinnumál



Ragnheiður Elín Árnadóttir
alþingismaður

Með venjulegan skammt af sjálfshóli í farteskinu stærir Össur Skarphéðinsson sig í aðsendri grein í Fréttablaðinu 11. september af snilli ríkisstjórnarinnar í baráttunni við atvinnuleysið í kreppunni. Átakið „Allir vinna", þar sem ákveðið var að endurgreiða 100% virðisaukaskatt af vinnu iðnaðarmanna við viðhald bygginga, kallar hann „eitt allra snjallasta ráðið… til að skapa störf" og „djarfa ákvörðun" sem ríkisstjórnin tók alein, eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hvarf úr ríkisstjórn.

Ég vil í upphafi fagna því að í fyrsta sinn í mjög langan tíma stígur forystumaður í Samfylkingunni fram sem virðist muna eftir því að Samfylkingin hafi verið í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Hann segir það að vísu ekki beint, en hann lætur það í það skína. Það er ákveðin framför.

Skilaboð greinar ráðherrans eru hins vegar kostuleg og eiginlega ótrúlegt að hann skuli leggja í þennan leiðangur. Á sama tíma og tilvonandi fráfarandi fjármálaráðherra háir heilaga skattahækkunarbaráttu við ferðaþjónustuna með þeim rökum að lægra virðisaukaskattsþrepið sé ígildi ríkisstyrks, kemur utanríkisráðherrann og gumar af því „snjallræði" að önnur atvinnugrein fái sína skatta endurgreidda. Hann lætur þess reyndar ógetið að endurgreiðsla þessi er

> Skilaboð greinar ráðherrans eru hins vegar kostuleg og eiginlega ótrúlegt að hann skuli leggja í þennan leiðangur.

ýmsum takmörkunum háð og mismunar iðnaðarmönnum með mjög grófum hætti. Ef málarinn t.d. málar handrið á staðnum má draga skattinn frá en ef handriðið er flutt á verkstæðið er fullur skattur á verkinu – svo lítið dæmi sé nefnt.

En þarna er vinstri mönnum rétt lýst – þeir vilja með stjórnvaldsákvörðunum ákveða hverjir fá að vinna og hverjir ekki, hvort skurðurinn sé grafinn með skóflu eða gröfu. Að mínu mati eiga stjórnvöld að láta slíkar ákvarðanir eiga sig. Stóri lærdómurinn af átakinu „Allir vinna" er að lægri skattar auka umsvif í þjóðfélaginu, hvetja til atvinnuuppbyggingar og hagvaxtar vegna þess að þá verður meira eftir í vasa einstaklinganna sjálfra. Þannig vinna allir – ekki bara sumir eins og utanríkisráðherrann virðist vera svo stoltur af.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Almannahagur til lengri tíma

Fjárlög



Oddný G. Harðardóttir
fjármála- og efnahagsráðherra

Langtímahagsmunir í stað skammtímalausna. Almannahagur í stað sérhagsmuna. Þessi hafa verið leiðarstef ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Þau eru líka hryggjarstykkið í fjórða fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í gær. Í frumvarpinu felst sú mikilvæga ráðstöfun að auðlindir þjóðarinnar eru nýttar til þess að styrkja innviði samfélagsins.

Frumvarpið er jafnframt til marks um það að skynsöm ríkisfjármálastefna síðustu ára hefur skilað árangri. Nú þarf því ekki miklar skattbreytingar og aðhaldsmarkmið eru hófleg.

Nauðsynlegt var að bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem Íslendingar stóðu frammi fyrir í kjölfar bankahrunsins. Farið var í aðgerðir með það að leiðarljósi að standa vörð um grunnstoðir velferðarkerfisins þrátt fyrir að tekjur ríkissjóðs hefðu fallið umtalsvert og skuldir aukist. Því hefur skattkerfinu verið breytt þannig að fólk sem hefur meira milli handanna greiðir hlutfallslega meira í sameiginlega sjóði, en þeir sem hafa lægri tekjur.

Í óhjákvæmilegum niðurskurði hefur stefnan verið sú að hlífa velferðarmálum umfram aðra málaflokka. Rannsóknaraðilar hafa bent á að sérstaklega sé brýnt að huga að barnafjölskyldum í greiðsluvanda. Því er að finna í þessu frumvarpi þá fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að grípa til sérstakra ráðstafana til stuðnings þessum hópi.

Barnabætur verða hækkaðar verulega en barnabótakerfið er skilvirkt tæki til lífskjarajöfnunar. Styrking þess mun bæta velferð barna hér á landi.

Annað sem koma mun barnafjölskyldum til góða eru auknar greiðslur í fæðingarorlofi. Eftir bankahrunið varð að draga úr halla ríkissjóðs og aðgerðir í þá veru fólust m.a. í sparnaði í útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar er nú unnið að áætlun um að byggja aftur upp fæðingarorlofskerfið og til lengri tíma að lengja orlofið í 12 mánuði.

Efling húsnæðisbótakerfis mun einnig koma barnafjölskyldum, sem sumar hverjar hafa glímt við greiðsluvanda, til góða.

Á öll þessi atriði er lögð sérstök áhersla í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013.

Einnig stendur til að leggja fram frumvarp til laga um lífeyristryggingar almannatrygginga fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins, sem stuðlar að því að kerfið verði einfaldað með fækkun bótaflokka, einfaldari reglum um útreikninga bóta og auknu jafnræði og aðgengi.

Tekjuaukning ríkissjóðs af gjöldum sem lögð eru á þá sem nýta auðlindir landsins kemur til með að skila sér strax á næsta ári og verður m.a. nýtt til þeirra velferðarmála sem ég nefndi að ofan.

Fleiri framfaramál er að finna í fjárlagafrumvarpinu. Þannig renna tæpir fimm milljarðar af veiðileyfagjaldinu til samgöngubóta, til tækni- og rannsóknasjóða og til byggðamála. Á árinu 2013 verður unnið eftir fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar og verkefnin tilgreind fyrir afgreiðslu frumvarpsins í kjölfar þess að áætlanir birtar. Auknar fjárfestingar munu styðja við viðsnúninginn í ríkisfjármálunum og stuðla enn frekar að minna atvinnuleysi. Ein af stóru tíðindunum í fjárlagafrumvarpinu eru að nú er í augsýn að heildarjöfnuður náist á ríkissjóði. Gert er ráð fyrir því að heildarjöfnuður ríkissjóðs verði neikvæður sem nemur einungis 0,1% af VLF ef óreglulegir liðir eru meðtaldir en að þeim frátöldum verði hann lítils háttar jákvæður. Ríkir almannahagsmunir felast í því að ríkissjóður nái heildarjöfnuði. Með því tekst að stöðva skuldasöfnunina og skapa grundvöll fyrir því að jákvæður heildarjöfnuður nýtist til niðurgreiðslu skulda. Á eftir velferðarmálum er vaxtakostnaður nú næststærsti útgjaldaliður ríkissjóðs. Lækkun á þeim útgjaldalið kemur öllum til góða.

Fyrir ekki löngu síðan benti ég á í grein í þessu blaði að þrátt fyrir að mörgum hefði þótt ókleift fjall blasa við eftir hrun, miðaði vel í fjallgöngunni. Við ættum þó brekku eftir. Með fjárlagafrumvarpi 2013 förum við síðasta spölinn í átt að því marki að ríkissjóður standi undir öllum útgjöldum í fyrsta skipti frá hruni. Með hagvexti á næstu árum, tekjum af auðlindum og aðhaldssömum ríkisrekstri náum við að vinna á skuldafjallinu smátt og smátt.




> Farið var í aðgerðir með það að leiðarljósi að standa vörð um grunnstoðir velferðarkerfisins.

# Vill einhver trúa mér?

Heilbrigðismál



Björk Felixdóttir
gjaldkeri Samtaka um endómetríósu

Því miður er það enn þá veruleiki sumra íslenskra kvenna að heilbrigðisstarfsfólk telur þær ímyndunarveikar og jafnvel geðveikar. Konur með endómetríósu (legslímuflakk) stríða margar við óeðlilega mikinn sársauka en þar sem rangar hugmyndir hafa lengi verið ríkjandi um sjúkdóminn – og þekkingu á sjúkdómnum innan heilbrigðiskerfisins er reglulega ábótavant – er oft lítið gert úr honum og konurnar oftar en ekki sendar heim án meðferðar. Þeim er sagt að verkir séu eðlilegur hluti af lífi konunnar, að þær hafi einfaldlega lágan sársaukaþröskuld eða að tíðaverkir séu fyrst og fremst sálrænir og þær ættu að leita til sálfræðings eða geðlæknis. Margar ungar stúlkur og konur veigra sér við að leita hjálpar vegna þessa viðmóts.

Endómetríósa er krónískur, sársaukafullur sjúkdómur sem leggst á um 5-10% kvenna. Hann einkennist meðal annars af miklum sársauka við blæðingar, sársauka við egglos, verkjum í kviðarholi á milli blæðinga, verkjum við samfarir, þvaglát og hægðalosun, erfiðleikum við að verða barnshafandi og ófrjósemi, erfiðleikum á meðgöngu og við fæðingu. Endómetríósa er mjög einstaklingsbundinn sjúkdómur þar sem alvarleiki einkenna er ekki endilega vísbending um útbreiðslu sjúkdómsins. Á tuttugu ára tímabili greindust um 1.400 konur með sjúkdóminn á Íslandi, meirihluti þeirra með frekar alvarlegt sjúkdómsástand. Þegar litið er til þess að sjúkdómurinn er ekki auðveldur í greiningu, er lítt þekktur og upplýsingar um hann takmarkaðar, má gera ráð fyrir að mun fleiri konur hafi átt í vanda vegna sjúkdómsins hér á landi á sama tíma.

Samtök um endómetríósu eru sannfærð um að langur greiningartími sjúkdómsins leiði af sér gríðarlegan kostnað samfélagsins sem hægt væri að komast hjá. Evrópskönnun frá árinu 2005 leiddi í ljós að 65% kvenna með endómetríósu fengu ranga sjúkdómsgreiningu í upphafi, meðalgreiningartími var 8,3 ár og að 78% kvennanna höfðu misst að meðaltali 5,3 daga úr vinnu í hverjum mánuði vegna sjúkdómsins. Önnur rannsókn frá Svíþjóð leiddi í ljós að konur með endómetríósu voru þriðjungi líklegri til að eignast fyrirbura, 11,9% þurftu aðstoð til að verða barnshafandi og konur með sjúkdóminn voru líklegri til að fá meðgöngueitrun en aðrar.

Krónískir verkir og vanlíðan geta leitt til þunglyndis, einangrunar, kvíða og annarra einkenna sem geta haft veruleg áhrif á fjölskyldu, vini og samstarfsaðila. Áðurnefnd könnun frá árinu 2005 sýndi að 72% kvenna töldu sjúkdóminn hafa áhrif á samband sitt við maka og börn og fjöldi kvenna þurfti að hætta að vinna, eða var sagt upp störfum, þar sem sjúkdómurinn hafði veruleg áhrif á vinnugetu þeirra.

Því lengur sem sjúkdómurinn fær að þróast óáreittur, þeim mun meiri hætta er á varanlegum skemmdum á líffærum, ófrjósemi, líkamlegri, andlegri og félagslegri vanlíðan og stórauknum kostnaði vegna viðameiri aðgerða og tæknifrjóvgana.

Á nýsettu Alþingi verður lögð fram þingsályktunartillaga um endómetríósu þar sem Alþingi felur ráðherra að beita sér fyrir fræðslu um sjúkdóminn og skoða möguleika á stofnun göngudeildar fyrir konur með endómetríósu. Mikilvægt er að skoða möguleika á að safna sérþekkingu á einn stað hér á landi þangað sem heilbrigðis- og menntakerfið getur vísað konum og tryggt þannig bestu mögulegu meðferð við sjúkdómnum.

Samtök um endómetríósu voru stofnuð árið 2006 og hafa það helst að markmiði að veita konum með endómetríósu stuðning og fræða heilbrigðisstarfsfólk um sjúkdóminn. Heimasíða samtakanna er endo.is.

HAUSTIÐ FRAMUNDAN
Fundir - móttökur - veislur



Í Kjós
Í sveitasetrinu við Laxá í Kjós er stór og vandaður veislusalur sem tekur um 80 manns í sæti og með gistingu fyrir allt að 40 manns. Aðeins 25 mín. frá Reykjavík.



Í Borgarfirði
Í sveitasetrinu við Grímsá er glæsilegur salur sem tekur allt að 70 manns í sæti og gisting fyrir allt að 36 manns. Í húsinu er gufubað og heitur pottur svo hægt er að slaka vel á eftir góðan dag. Aðeins 50 mín. frá Reykjvaík.





Nánari upplýsingar í 892-9263 eða julli@hreggnasi.is og 868 6008 eða bjossi@hreggnasi.is
www.hreggnasi.is

# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**



**4999**

**PAPPÍRSTÆTARI**



**5990**

**PLÖSTUNARVÉL**



**frá 3990 pr stk**

**ULLARNÆRFÖT**
Fyrir 2-12 ára, föðurland, kr 3990
Fyrir 2-12 ára, bolur, kr 3990
Fyrir fullorðna, XS-XL, föðurland, kr 4990
Fyrir fullorðna, XS-XL, bolur, kr 4990



**11.990**

**GUFUHREINSIR** Ariete
1600 W
Með fylgihlutum



**4590**

**GUFUHREINSIR**
~~Verð áður: kr 5499~~
Ariete



Ariete

**11.990**

**GUFUMOPPUSETT**
800 W, 350 ml vatnstankur
~~Verð áður: kr 14.990~~



**50% afsláttur**
**Fimm pokar á**
**1149**

**RYKSUGUPOKAR**
Mikið úrval. ~~Verð áður: 2299~~





**5990**

**STINGSÖG**
**BLACK & DECKER**
380 W
~~Verð áður: kr 7999~~



**frá 69**

**NIÐURSUÐUVÖRUR**



**1,5 ltr**
**199**

**APPELSÍNUSAFI**
Eplasafi, kr 249



**5 pakkar**
**199**

**NÚÐLUR**
5x65 gr



**frá 199**

**SALERNISPAPPÍR/ELDHÚSRÚLLUR**
Salernispappír, 8 í pk, kr 199
Eldhúsrúllur, 3 í pk, kr 299

FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA



frá **459**

**3M ENDURSKINSVÖRUR**
Armband, kr 459
Lykakippur, kr 699
Armband með fjórum LED ljósum, kr 699
Ljós á reiðhjól, kr 699
Endurskinsvesti, fyrir börn og fullorðna, kr 999




**499**

**RÚÐUVÖKVI**
4 ltr





frá **499**

**YFIRBREIÐSLUR**
1,7 x 2 metrar, kr 499
2 x 3 metrar, kr 990
2,5 x 3,6 metrar, kr 1290
4 x 6 metrar, kr 3290
6 x 10 metrar, kr 5990
4 x 6 metrar, 175 gr, kr 4490
6 x 10 metrar, 175 gr, kr 9999



frá **299**

**KAÐALL, 20 METRAR**
5 mm, kr 299
6 mm, kr 399
8 mm, kr 799
10 mm, kr 899



**6999**

**VETRARGALLI CORDURA**
St 92-140




**8990**

**BORVÉL, 12 V**
**BLACK & DECKER**
~~Verð áður: kr 12.999~~



frá **1290**

**BÍLAMOTTUR Í FARANGURSRÝMI**
40x60 cm, kr 1290 70x90 cm, kr 2990
52x92 cm, kr 1990 90x100 cm, kr 3990



**7990**

**LAUFBLÁSARI**
2500 W
Blæs og sýgur




2,3 kg

**499**

**ÞVOTTAEFNI**




5 kg

**1990**

**ÞVOTTAEFNI**
Fyrir hvítan og litaðan þvott




**1890**

**FINISH POWERBALL**
100 stk




500 ml

**199**

**UPPÞVOTTALÖGUR**




414 ml

**249**

**NUTRATENE**
Sjampó og hárnæring

# Jón Steinsson, Landsvirkjun og ríkisstjórnin

Orkumál

**Friðrik Sophusson**
fv. forstjóri Landsvirkjunar



Jón Steinsson, dósent við Columbia-háskóla í New York, skrifaði í síðustu viku grein í Fréttablaðið til varnar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. Vörnina byggir Jón á átta tölusettum köflum. Einn þeirra fjallar um Landsvirkjun og hljóðar svo: „Hún (ríkisstjórnin) skipaði nýjan forstjóra Landsvirkjunar, sem hefur gjörbreytt stefnu fyrirtækisins í þá átt að hámarka verðið (og þar með arðinn) sem við fáum fyrir auðlindina. Fyrir tíð þessarar ríkisstjórnar neitaði Landsvirkjun af einhverjum ástæðum að upplýsa almenning um orkuverð til stóriðju. Öll umræða um skynsemi stóriðjuframkvæmda var af þeim sökum út og suður. Þessu var strax breytt eftir að ný forysta tók við. Þá kom í ljós að Landsvirkjun hafði verið að selja orkuna með nokkuð ríflegum afslætti af einhverjum ástæðum. En nýr forstjóri hefur síðan lagt áherslu á að hverfa af þeirri braut. Og nú glittir í það að Landsvirkjun geti farið að greiða eiganda sínum arð. Það var mikið!“

Það vekur athygli að í þessum stutta texta fer Jón rangt með í nánast öllum atriðum.

1. Jón segir að ríkisstjórnin hafi skipað nýjan forstjóra Landsvirkjunar. Það er að sjálfsögðu rangt, því að stjórn fyrirtækisins ræður forstjóra þess í samræmi við lög. Samkvæmt ráðningarsamningi var gert ráð fyrir því að ég léti af störfum í október 2008, en í kjölfar bankahrunsins fór Bryndís Hlöðversdóttir, formaður stjórnar, fram á það við mig að ég sinnti starfinu áfram til að senda lánardrottnum þau skýru skilaboð að engar breytingar yrðu á forystu fyrirtækisins, sem ávallt hefur staðið í skilum. Sumarið 2009 ákvað stjórn LV samhljóða að ráða Hörð Arnarson til fyrirtækisins og kom hann til starfa um haustið. Hafi ríkisstjórnin „skipað” forstjórann eins og Jón Steinsson heldur fram eru það nýjar fréttir, sem Jón þarf að skýra betur.

2. Það hefur ávallt verið stefna LV að fá sem hæst verð fyrir orku til orkufreks iðnaðar. Smám saman hefur orkuverð farið hækkandi til stóriðju. Það er eðlilegt vegna alþjóðlegrar verðþróunar og eins vegna þess að við endurnýjun orkusamninga geta iðjuverin greitt hærra verð eftir að hafa afskrifað verulegan hluta upphaflegs stofnkostnaðar. Stóru orkusamningarnir gera flestir ráð fyrir að orkuverðið breytist með álverði og LV ver sig síðan með framvirkum samningum. Nýjasti samningurinn við RTA er hins vegar bundinn bandarískri vísitölu sem dregur úr áhættu vegna mikilla sveiflna í álverði. Það er auðvitað alrangt „að LV hafði verið að selja orkuna með nokkrum afslætti af einhverjum ástæðum“. Slíkar dylgjur hafa oft komið fram og jafnharðan verið hrundið.

3. Áratugum saman var hægt að lesa meðalverð á orku til orkufreks iðnaðar úr reikningum Landsvirkjunar. Hins vegar hefur fyrirtækið ekki birt opinberlega orkuverð einstakra orkusamninga, hvorki til erlendra né innlendra kaupenda, ef slíkt hefur verið trúnaðarmál. Sama gildir um samninga annarra íslenskra orkufyrirtækja og hefur þessi stefna ekkert breyst í tíð núverandi ríkisstjórnar þvert á það sem Jón segir í grein sinni.

4. Raforkusamningar við orkufrek fyrirtæki hafa ávallt verið kynntir fyrir eigendum Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur gert ítarlegar arðsemisgreiningar áður en ráðist hefur verið í umfangsmiklar fjárfestingar og notað til þess viðurkenndar aðferðir. Í nær öllum tilfellum hefur fyrirtækið síðan leitað til innlendra og erlendra ráðgjafa s.s. Sumitomo Bank, Ráðgjafar og efnahagsspár og Capacent til að leggja mat á niðurstöður útreikninga. Vegna ábyrgðar eigendanna hafa allar forsendur og útreikningar verið kynnt eigendum áður en ákvörðun hefur verið tekin um framkvæmdir og í ákveðnum tilvikum hafa þeir látið gera sínar eigin athuganir með aðstoð sérfræðinga. Það er því augljóst að umræða og ákvarðanir á vettvangi eigenda LV hafa byggt á vandaðri greiningu og góðum upplýsingum eins og vera ber.

5. Þótt eigendur LV hafi aldrei lagt fyrirtækinu til beina fjármuni hefur fyrirtækið greitt þeim arð að öllu jöfnu. Á árinu 2009 ákvað stjórn LV hins vegar í samráði við ríkisstjórnina (Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra) að ekki yrði greiddur arður vegna ársins 2008. Þetta var gert til að undirstrika að ríkisstjórnin ætlaði ekki að taka fé úr rekstri fyrirtækisins til eigin nota að sinni. Miklu skipti að lánasamningar fyrirtækisins héldu, en LV hefur ávallt staðið í skilum og nýtur trausts hjá lánardrottnum sínum.

6. Vegna hraðrar uppbyggingar á undanförnum árum er LV skuldsett fyrirtæki. Efnahagur fyrirtækisins er hins vegar afar traustur. Samkvæmt nýbirtu hálfsársuppgjöri eru hreinar eignir u.þ.b. 1.650 milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir 200 milljörðum íslenskra króna. Eiginfjárhlutfallið er 36%. Þessi sterka staða er til orðin vegna öflugrar fjármálastjórnar um langt skeið. Til viðbótar má minna á þá staðreynd að orkuverð til almennings og fyrirtækja er talsvert lægra en í nágrannalöndunum og njóta landsmenn góðs af því. Vegna mikils vaxtar Landsvirkjunar á undanförnum árum hafa eigendur skilið verulegan hluta arðsins eftir í fyrirtækinu. Þegar vaxtarskeiðinu lýkur getur fyrirtækið hins vegar greitt út mikinn arð til eigandans eins og allar spár sýna.

7. Það vekur sérstaka athygli að Jón Steinsson lætur undir höfuð leggjast að fjalla um afrek ríkisstjórnarinnar í því að skapa grundvöll fyrir auknum útflutningi með erlendri fjárfestingu í orkufrekum iðnaði, en til þess þarf að virkja. Fyrir liggja virkjunarkostir í neðanverðri Þjórsá. Öll sveitarfélög á svæðinu hafa samþykkt skipulag, sem gerir ráð fyrir þessum virkjunum og þær hafa allar farið í gegnum umhverfismat. Ríkið á nánast öll vatnsréttindi á svæðinu. Verkefnisstjórn um rammaáætlun gerði í tillögum sínum ráð fyrir þessum virkjunum í nýtingarflokki. Á síðari stigum greip ríkisstjórnin til þess bragðs að breyta fyrirliggjandi tillögu og færa þessar virkjanir í biðflokk. Þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar er því ekki í samræmi við niðurstöður rammaáætlunar. Með því hefur ríkisstjórninni tekist tvennt í senn: Annars vegar að leggja stein í götu Landsvirkjunar og uppbyggingar iðnaðar til útflutnings, en LV var stofnuð í þeim tilgangi að virkja til útflutnings. Hins vegar hefur ríkisstjórninni tekist að grafa undan þeirri vinnu sem staðið hefur yfir í meira en áratug og hafði að markmiði að skapa sátt á milli verndar og nýtingar. Þessa afstöðu verður einnig að skoða í ljósi þess að ríkisstjórnin lofaði á sínum tíma að ryðja úr vegi hindrunum fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Það er m.a. vegna slíkra vinnubragða sem fjarar undan fylgi við ríkisstjórnina.

> Það vekur sérstaka athygli að Jón Steinsson lætur undir höfuð leggjast að fjalla um afrek ríkisstjórnarinnar í því að skapa grundvöll fyrir auknum útflutningi…

# Hagsmunir ríkissjóðs

Ferðaþjónusta

**Árni Gunnarsson**
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar



Ýmislegt hefur komið fram í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um þær fyrirætlanir stjórnvalda að hækka virðisaukaskatt á gistingu úr 7% í 25,5%. Margt mjög málefnalegt og annað miður eins og gengur. Edward H. Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála og varabæjarfulltrúi Vinstri græns á Akureyri, ritar meðal annars grein um málið í Fréttablaðinu þar sem hann veltir þessu máli fyrir sér. Í samanburði á skýrslu KPMG og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands telur hann að KPMG taki nokkuð þröngt á málum en Hagfræðistofnun líti hins vegar almennt á málið.

En ef hins vegar rýnt er í skýrslurnar þá kemur í ljós að Hagfræðistofnun lítur einmitt eingöngu til áhrifa þess að hækka virðisaukaskattinn á gistingu á tekjur ríkissjóð en veltir ekki fyrir sér hvaða önnur áhrif þessi breyting hefur á aðrar tekjur ríkissjóðs. Skýrsla KPMG leitast einmitt við að meta heildaráhrifin af þessari breytingu á tekjur ríkissjóðs en það hlýtur jú að vera það sem skiptir þjóðhagslega mestu máli og vera þá mun víðara sjónarhorn en það sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands velur sér.

Báðar skýrslur gera ráð fyrir að verðteygni sé á markaði þó mismikið. Bent hefur verið á að bæði fyrir hrun og eftir hafi ferðamönnum og gistinóttum fjölgað en eins og tölur sýna þá fjölgar þeim mun meira eftir hrun en fyrir. Ein af ástæðum þess sem farþegar sem komið hafa til landsins eftir hrun hafa gefið upp sem ástæðu fyrir ferð til Íslands er lágt gengi íslensku krónunnar og þar með hagstæðara verðlag. Það hlýtur þá að vera hægt að gera ráð fyrir því að verðteygni virki í báðar áttir, þannig að þegar verðlag hækkar þá muni eftirspurn minnka.

Skýrsla KPMG metur þessi áhrif með varfærni með því að segja að fyrir hvert prósentustig sem verð hækkar um minnki eftirspurn um 0,49 þó erlendar rannsóknir og reynsla Icelandair sýni að þessi verðteygni geti verið allt að einn á móti einn. Skýrsla Hagfræðistofnunar gerir hins vegar ekki ráð fyrir að eftirspurn minnki um nema 2% við þessa breytingu. Hér má spyrja sig hvort gististaðaeigendur í landinu séu almennt ekkert sérstaklega góðir rekstrarmenn ef það er raunin að hækkun gistiverðs um rúmlega 17% hafi einungis 2% áhrif á eftirspurn. Er líklegt að gististaðaeigendur í landinu séu á hverjum degi að skilja eftir 15% af mögulegum auknum tekjum sem þeir ella gætu fengið í sinn hlut?

Edward telur í sinni grein að SAF hafi almennt óþol gegn skattahækkunum og að þar ráði pólitísk sjónarmið. Samtök ferðaþjónustunnar hafa í kjölfar hrunsins, líkt og Samtök atvinnulífsins, talað fyrir blandaðri leið aukinnar skattheimtu og aukinna umsvifa atvinnulífsins til að koma ríkissjóði á réttan kjöl. Það þarf hins vegar ekki að horfa til nema einfalds Laffer-ferils til að átta sig á því að hér getur of mikil hækkun skatta orðið til þess að tekjur ríkissjóðs verði minni en ella og það er einmitt sú niðurstaða sem við í ferðaþjónustunni höfum áhyggjur af að verði með þessari breytingu.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands telur að auðvelt aðgengi að svörtum markaði sé meðal annars rök fyrir því að skattleggja atvinnustarfsemi mismunandi. Þessi rök hljóta að vega þungt þegar talið er að hátt í 1.500 rúm séu í útleigu hér á landi sem ekki eru skráð og skila því engum gjöldum. Ríkisskattstjóri talaði um það í Fréttablaðinu að það virðist ansi margir vera að koma inn í ferðaþjónustuna sem ekki eru með sín mál í lagi. Hvati þeirra til að vera með sín mál í lagi við þessa fyrirhuguðu breytingu mun væntanlega ekki aukast.

Jafnræði er líka mikilvægt í þessum geira og er þá rétt að horfa til þess hvernig þetta er í okkar nágrannalöndum, þar er nánast undantekningalaust gisting í lægra skattþrepi. Í Danmörku er gisting í hærra skattþrepi og líður gisting í Danmörku mikið fyrir það, m.a. fækkaði gistinóttum í júlí síðastliðnum um 900.000 miðað við sama mánuð í fyrra.

KPMG gerir ráð fyrir að heildartekjur samfélagsins af erlendum ferðamönnum án flugfargjalda gætu lækkað um 10 til 28 milljarða króna ef af þessum breytingum verður. Það er því ekki síst með hagsmuni ríkissjóðs að leiðarljósi sem við í ferðaþjónustunni höfum áhyggjur af þessari breytingu. Ferðaþjónustan teygir anga sína víða og áhrif breytinga í eftirspurn hefur ekki bara áhrif á einstakar greinar ferðaþjónustunnar heldur einnig á stóran hluta þjóðfélagsins.






ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. september 2012 | 15. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



Áratuga forskot með Svaninn!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is




## ÚTGERÐIR GRYNNKA HRATT Á SKULDUM SÍNUM

- **Sjávarútvegsfyrirtæki hafa greitt niður mikið af skuldum sínum á síðustu árum.**
- **Virði útlána stóru bankanna til sjávarútvegs hefur lækkað um 40 milljarða.**
- **Hagnaður stærstu fyrirtækjanna hefur stóraukist eftir bankahrunið.**

SÍÐA 2

## Konur skrifa pistla í Markaðinn

Breyting hefur verið gerð á föstum dálki í Markaðnum. Frá og með þessu tölublaði mun dálkurinn á baksíðu, sem áður hét „Bankahólfið“, heita „Hin hliðin“ og hafa átta konur með mismunandi aðkomu og sýn á viðskipti og efnahagsmál samþykkt að skiptast á að skrifa hann. Pistlar þeirra munu einnig birtast á Vísi.is sama dag og Markaðurinn kemur út.

Breytingin hefur verið unnin í nánu samstarfi við Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA).

Fyrsti pistilinn, sem birtur er á baksíðu Markaðarins í dag, er skrifaður af Rúnu Magnúsdóttur, ACC stjórnendamarkþjálfa, stofnanda Connected-Women.com og Brandit. Aðrir höfundar sem munu skrifa reglulega eru Guðrún Högnadóttir hjá Franklin Covey, Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA, Ingibjörg Gréta Gísladóttir hjá Reykjavík Runway, Vilborg Aldís Ragnarsdóttir, eigandi og stofnandi Arca Design, Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins, Þórunn Jónsdóttir, stofnandi og eigandi FAFU og María Lovísa Arnardóttir, markþjálfari og innanhússarkitekt. **- þsj**

## Sérstakur saksóknari fær 516 milljónum minna úr ríkissjóði

Framlög til embættis sérstaks saksóknara munu dragast saman um 516,3 milljónir króna á næsta ári að frátöldum verðlagshækkunum sem nema 39,8 milljónum króna til viðbótar. Þetta kemur fram í fjárlagafrumvarpi ársins 2013. Áætlanir embættisins hafa gert ráð fyrir því að starfsmönnum þess fækki niður í fimmtíu á næsta ári, en þeir eru 110 í dag. Gert er ráð fyrir að framlögin lækki um 300 milljónir til viðbótar árið 2014. Embættið fékk alls 1.325 milljónir króna framlag 2012 en fær 849 milljónir króna á næsta ári. Starfseminni á síðan að ljúka árið 2014 og því fellur það sem eftir stendur af kostnaði við rekstur hennar niður á árinu 2015. Í fjárlagafrumvarpinu stendur að „þá mun standa eftir rekstrarframlag til viðvarandi efnahagsbrota þar sem þeim verkefnum verði komið fyrir hjá lögreglu eða ákærenda eða í nýrri stofnun, auk þess sem þá kunna að verða enn þá til staðar einhverjar eftirhreytur vegna bankahrunsins sem ljúka þarf smám saman“. **- þsj**




## Fróðleiksmolinn
DataMarket

### Útlán innlánsstofnana

Heildarútlán íslenska bankakerfisins rétt fyrir bankahrun voru 4.891 ma.kr. Eftir setningu neyðarlaganna lækkuðu heildarútlán kerfisins í 2.172 ma.kr sem var þá lækkun uppá 2.714 ma.kr. Frá þeim tíma hafa heildarútlán í kerfinu staðið nokkuð í stað og eru nú um 2.000 ma.kr.




### Þróun helstu útlánaflokka

Þrír stærstu útlánaflokkar bankakerfisins í júlí 2012 voru verðtryggð, óverðtryggð og gengisbundin lán. Frá bankahruni hafa gengisbundin skuldabréfalán lækkað um 2.447 ma.kr. eða 86%. Verðtryggð lán hafa aukist um 232 ma.kr og óverðtryggð lán um 390 ma.kr. Breytinguna á óverðtryggðum lánum má að mestu rekja til nýrra húsnæðislána sem bankarnir hafa verið að bjóða frá bankahruni.

| | Staðan í lok júlí 2012: | | Breyting frá bankahruni: (6. okt 2008) | |
|---|---|---|---|---|
| | Ma.kr. | Stærð útlánaflokka | Ma.kr. | Br. í prósent |
| **VERÐTRYGGÐ LÁN** | 743 | 39% | 232 | 45% |
| **ÓVERÐTRYGGÐ LÁN** | 547 | 28% | 390 | 248% |
| **GENGISTRYGGÐ LÁN** | 408 | 21% | -2.447 | -86% |
| | | 88% | | |




## Dagatal viðskiptalífsins
keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 12. september**
- **Greiðslumiðlun** hagtölur SÍ
- **Fjarskipti á náttúruhamfaratímum**

**Fimmtudagur 13. september**
- **Vísitala launakostnaðar á** 2. ársfjórðungi 2012
- **Gjaldeyrisforði og tengdir liðir** hagtölur SÍ
- **Útboð ríkisvíxla**

**Föstudagur 14. september**
- **Atvinnuleysi í ágúst** 2012
- **Smásöluvísitala RSV**
- **Fiskafli í ágúst** 2012
- **Tryggingafélög** hagtölur SÍ

**Mánudagur 17. september**
- **Velta skv. virðisaukaskattsskýrslum** jan.-jún. 2012
- **Samræmd vísitala neysluverðs í ágúst 2012**
- **Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum** útgáfa SÍ

**Þriðjudagur 18. september**
- **Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**
- **Mannanöfn** 1. janúar 2012

**Miðvikudagur 19. september**
- **Upplýsingar um leiguverð íbúðahúsnæðis**
- **Verðmæti sjávarafla** janúar-júní 2012

**Fimmtudagur 20. september**
- **Vísitala byggingakostnaðar október 2012**

**Föstudagur 21. september**
- **Mánaðarleg launavísitala** í ágúst 2012
- **Greiðslujöfnunarvísitala** 2012
- **Útboð verðbréfa**
- **Útboð ríkisbréfa**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* vísir

# Stórar útgerðir greiða skuldir hratt niður

***Bókfært virði útlána stóru bankanna til sjávarútvegs hefur lækkað um 40 milljarða frá því að þeir voru settir á fót. Uppgreiðslur stórra fyrirtækja á lánum hafa skipt sköpum í því samhengi.***

**SJÁVARÚTVEGUR**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Bókfært virði lána Landsbankans, Íslandsbanka og Arion banka til sjávarútvegsfyrirtækja hefur dregist saman um samtals 39,2 milljarða króna frá því að bankarnir voru settir á fót. Langstærsti hluti þeirrar lækkunar hefur átt sér stað hjá Landsbankanum en bókfærð útlán Arion banka til geirans hafa staðið í stað. Stór ástæða þessarar breytingar er sú að stærri sjávarútvegsfyrirtæki landsins hafa verið að borga skuldir sínar mjög hratt niður. Hjá Íslandsbanka einum saman nema afborganir stærri fyrirtækja í sjávarútvegi um fimmtíu milljörðum króna frá stofnun bankans. Bankarnir tjá sig ekki um einstaka viðskiptavini og því er ekki hægt að fá sundurliðun á því hvaða fyrirtæki hafa verið að greiða niður skuldir sínar.

Landsbankinn er stærsti lánveitandi sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi. Í svari bankans við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að útlánasafn bankans til þessa geira hafi staðið í 172 milljörðum króna í lok árs 2008 en hafi verið 139 milljarðar króna um mitt þetta ár. Það hefur því lækkað um 33 milljarða króna. Að sögn Kristjáns Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa Landsbankans, eru nokkrir þættir sem hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar. „Það eru gengisdómar, afskriftir, endurgreiðslur, ný lán og svo endurmat lána. Gengið er á svipuðum stað á báðum tímapunktum og hefur því ekki veruleg áhrif. Við erum ekki með sundurliðun á áhrifum annarra þátta en endurgreiðslur skulda eiga þar verulega stóran hlut að máli.“

Hjá Íslandsbanka fengust þau svör hjá Guðnýju Helgu Herbertsdóttur, upplýsingafulltrúa bankans, að afborganir lána stærri fyrirtækja í sjávarútvegi „nema um 50 milljörðum króna frá stofnun bankans og á sama tímabili hefur bókfært virði lánasafnsins lækkað um 6,2 milljarða króna. Skýringin á því að safnið minnkar ekki meira felst aðallega í nýjum lánveitingum, endurmati á lánasafni, verðbótum og gengisbreytingum.“ Bókfært virði allra útlána Íslandsbanka til sjávarútvegs nam 72,7 milljörðum króna um mitt ár 2012. Slík lán eru um þrettán prósent af heildarútlánum bankans. Eini geirinn sem fær meira lánað frá bankanum eru fasteignafélög, sem fá um fjórtán prósent af heildarútlánum.

Í svari Haraldar Guðna Eiðssonar, upplýsingafulltrúa Arion banka, við fyrirspurn Markaðarins segir að upphafsstaða lána til sjávarútvegs þegar bankinn var settur á fót hafi verið um 73 milljarðar króna. „Nettó útlán til þeirra félaga sem stóðu að baki upphafsstöðunni eru í dag á svipuðum slóðum, eða rúmir 73 milljarðar króna, að teknu tilliti til nýrra útlána, uppgreiðslna og afskrifta. Hins vegar hafa bæst við útlán til nýrra viðskiptavina í sjávarútvegi og fela þau í sér ríflega fjórðungs aukningu í útlánum bankans til sjávarútvegsfyrirtækja,“ segir Haraldur Guðni.



**ARÐBÆRT** Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja hefur verið mikill á síðustu árum. Stærstu fyrirtækin hafa nýtt sér góðærið til að greiða niður skuldir sínar við íslenska banka. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

### GRÍÐARLEG HAGNAÐARAUKNING

Hreinn hagnaður sjávarútvegs var samtals 62 milljarðar króna á árunum 2009 og 2010, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að afkoman í fyrra, og það sem af er árinu 2010, verður enn betri hjá mörgum fyrirtækjum í þessum geira.

Skuldir sjávarútvegs lækkuðu um 63 milljarða króna á milli áranna 2009 og 2010 og stóðu í 500 milljörðum króna í árslok 2010. Miðað við þá þróun sem sést í ársreikningum þeirra stóru sjávarútvegsfyrirtækja sem skilað hafa uppgjöri er ljóst að þessi skuldastaða hefur minnkað enn frekar í fyrra.

HB Grandi, eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins, er eina slíka fyrirtækið sem er skráð á markað. Í uppgjöri þess fyrir fyrstu sex mánuði ársins í ár kemur fram að hagnaður HB Granda fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 4,5 milljarðar króna. Slíkur hagnaður nam 8,8 milljörðum króna á árinu 2011 og 6,4 milljörðum króna árið 2010. Samtals hefur EBITDA-hagnaður HB Granda á síðasta tveimur og hálfa árinu numið 19,7 milljörðum króna miðað við gengi dagsins í dag. Á sama tíma hefur félagið greitt skuldir sínar hratt niður. Í árslok 2010 skuldaði HB Grandi 25,4 milljarða króna. Skuldir fyrirtækisins um mitt þetta ár voru hins vegar 19,7 milljarðar króna. Þær höfðu því lækkað um 5,7 milljarða króna á einu og hálfu ári.




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu



Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratugareynslu í þjónustu við sveitarfélög og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra og þörfum. Þannig getum við ávallt tryggt sveitarfélögum landsins þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Rósa Júlía Steinþórsdóttir hefur veitt sveitarfélögum og opinberum aðilum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár.

Rósa Júlía er viðskiptastjóri sveitarfélaga hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Bílaumboð tapaði 273 milljónum króna í fyrra:

# Brimborg tapaði þrátt fyrir afskriftir

Brimborg ehf. tapaði 273,1 milljón króna á síðasta ári þrátt fyrir að félagið hefði fengið fjóra milljarða króna af lánum sínum fellda niður í byrjun árs 2011 gegn því að hluthafar legðu 200 milljónir króna inn í félagið. Eigið fé Brimborgar var þó jákvætt um 394,5 milljónir króna í lok síðasta árs. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi félagsins.

Samhliða niðurfellingu ofangreinda skulda lækkaði fjármagnskostnaður Brimborgar um helming á milli ára. Hann var um 700 milljónir króna árið 2010 en tæplega 350 milljónir króna í fyrra. Skuldir félagsins eru enn um fjórir milljarðar króna.

Ljóst er að samdrætti í bílasölu var hvergi nærri lokið á árinu 2011. Rekstrartekjur Brimborgar á því ári voru 5,1 milljarður króna og drógust lítillega saman á milli ára. Til samanburðar voru rekstrartekjur félagsins 11,1 milljarður króna í árslok 2007.

Hluthafar í Brimborg voru sex í lok síðasta árs. Stærstir voru Jóhann J. Jóhannsson með 33,7 prósent hlut, Egill Jóhannsson með 24,4 prósent hlut, Arnór Jósefsson með 16,3 prósent hlut og Margrét Egilsdóttir með 15,3 prósent hlut. - þsj




**MINNKANDI VIRÐI** Þórsmerkurhópurinn keypti Árvakur í apríl 2009. Helsta eign félagsins er Morgunblaðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórsmörk ehf. tapaði rúmum 60 milljónum:

# Virði Árvakurs lækkar í bókum eigenda

Þórsmörk ehf., sem á Árvakur, útgefanda Morgunblaðsins og eiganda Landsprents, tapaði 61,2 milljónum króna í fyrra. Félagið hagnaðist um 6,5 milljónir króna á árinu 2010. Tapið á árinu 2011 er nær einvörðungu vegna hlutdeildar í afkomu Árvakurs. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Þórsmerkur.

Hluthafar Þórsmarkar eru alls þrettán talsins. Þrír eiga yfir tíu prósent, Hlynur A ehf. (í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur) með 26,7 prósent hlut, Krossanes ehf. (í eigu Samherja) og Áramót ehf. (í eigu Óskars Magnússonar) með 20,8 prósent hlut. Í reikningnum kemur fram að eignarhlutar í dótturfélögum séu metnir á 476,4 milljónir króna. Það er mun minna en árið áður þegar sami hlutur var metinn á 540 milljónir króna. Því lækkar bókfært virði Árvakurs á milli ára um 63,6 milljónir króna.

Í síðasta birta ársreikningi Árvakurs kom fram að félagið hefði tapað 205 milljónum króna í fyrra. Þá fór félagið í annað sinn í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu hjá Íslandsbanka í lok ársins og skuldir þess þá lækkaðar um 944 milljónir króna. Áður höfðu skuldir Árvakurs verið lækkaðar um 4,7 milljarða króna á árinu 2009 þegar núverandi eigendur félagsins tóku við því. – þsj

Misjafn gangur hjá verslunum Jóns Helga:

# Hagnaður hjá Kaupás en Byko tapaði

Byko ehf. tapaði 352,4 milljónum króna á síðasta ári. Það er aðeins minna tap en árið áður þegar félagið tapaði 416,4 milljónum króna. Á sama tíma hagnaðist Kaupás, sem er systurfélag Byko, um 532 milljónir króna. Norvik hf., fjárfestingafélag sem er að stærstum hluta í Jóns Helga Guðmundssonar og félaga sem tengjast honum, er eigandi bæði Byko og Kaupáss. Norvik hefur ekki skilað inn ársreikningi fyrir árið 2011.

Í ársreikningi Byko er sagt frá því að í ársbyrjun 2011 hafi félaginu verið „skipt í fimm félög, þar sem rekstri og efnahagi Elko, Intersport, Húsgagnahallarinnar og Egils vélaverkstæðis var skipt út úr Byko ehf.“.

Velta Byko jókst um tæpar 400 milljónir króna á milli ára og var 10,5 milljarðar króna í fyrra. Tap félagsins, 352,4 milljónir króna, var aðeins minna en árið 2010, þegar félagið tapaði 416,4 milljónum króna.

Kaupás gekk hins vegar mun betur. Félagið, sem rak verslanir Nóatúns, Krónunnar, 11-11 og Kjarval á síðasta ári, hagnaðist um 532 milljónir króna. Vegna þessa lagði stjórn þess til að greiða eiganda félagsins hálfan milljarð króna í arð. Kaupás hagnaðist um 463,8 milljónir króna á árinu 2010 en greiddi ekki út arð til eigenda sinna vegna þess rekstrarárangurs. Velta félagsins jókst um 800 milljónir króna á síðasta ári og var 22,8 milljarðar króna. Í mars 2012 voru 11-11 verslanirnar seldar út úr Kaupási til Tíu ellefu ehf. með fyrirvara um samþykkt Samkeppniseftirlitsins. Það samþykki fékkst í lok júní síðastliðins. - þsj



**HLUTI AF BYGMA** Danska byggingavörukeðjan keypti rekstur Húsasmiðjunnar í lok árs 2011. Hér sjást Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, og Peter Christiansen, eigandi og stjórnarformaður Bygma, þegar Húsasmiðjan varð formlega hluti af Bygma.

# Landsbankinn á kauprétt í Húsasmiðjunni

***Þegar Húsasmiðjan var seld tryggðu fyrri eigendur sér kauprétt á þrjátíu prósenta hlut. Sett inn til að tryggja viðbótarendurheimtur Landsbankans gangi reksturinn vel. Húsasmiðjan tapaði 1,6 milljarði króna í fyrra og skuldir voru skildar eftir í félaginu.***

BYGGINGAVÖRUVERSLUN

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Samhliða því að rekstur Húsasmiðjunnar var seldur til dönsku byggingavörukeðjunnar Bygma A/S í upphafi þessa árs var gert samkomulag sem tryggði seljandanum, gömlu Húsasmiðjunni, kauprétt á þrjátíu prósenta hlut í fyrirtækinu. Gamla Húsasmiðjan, sem nú heitir Holtavegur 10 ehf., er í dag í eigu Landsbankans. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Holtavegs 10 ehf.

Landsbankinn tók yfir Húsasmiðjuna í október 2009. Þá var allt hlutafé afskrifað og bankinn breytti 10,2 milljörðum króna af skuldum í nýtt hlutafé. Um var að ræða 70 prósent af öllum vaxtaberandi skuldum Húsasmiðjunnar við lánastofnanir. Fyrirtækinu var síðan komið fyrir innan Vestia ehf. sem var síðar selt til Framtakssjóðs Íslands (FSÍ). Í janúar breytti Landsbankinn síðan einum milljarði króna til viðbótar af skuldum Húsasmiðjunnar í nýtt hlutafé og við það eignaðist Höldur ehf., félag í eigu bankans, eignarhlut í fyrirtækinu.

Í desember 2011 gekk Bygma frá kaupum á rekstrareignum og skuldum Húsasmiðjunnar. Samkvæmt ársreikningnum var kaupverðið 760 milljónir króna auk þess sem keðjan tók yfir um 2,5 milljarða króna af skuldum félagsins. Þær námu 5,9 milljörðum króna í árslok 2011 og því ljóst að töluvert af skuldum var skilið eftir í „gömlu“ Húsasmiðjunni. Nafni hennar var breytt í Holtasel 10 ehf. þegar kaupin áttu sér stað.

Í ársreikningnum segir að samhliða samkomulaginu um söluna hafi félagið, Holtasel 10 ehf., „kauprétt á 30% hluta, í nýstofnuðu félagi Bygma um rekstur Húsasmiðjunnar. Hægt er að nýta réttinn á tímabilinu 1. maí 2015 til 30. apríl 2020“. Holtavegur 10 ehf. var í jafnri eigu Vestia, sem FSÍ á, og Hamla ehf. um síðustu áramót. Í febrúar 2012 keyptu Hömlur ehf. hins vegar fimmtíu prósenta hlut í félaginu og á í dag 100% hlut í því. Eigandi Hamla er Landsbankinn.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir ákvæðið vera hluta af stærri mynd. „Ef rekstur Húsasmiðjunnar gengur mun betur á komandi árum en áætlað var þegar félagið var endurskipulagt, er ætlunin að til komi viðbótargreiðsla fyrir reksturinn. Sú viðbót myndi renna til Landsbankans, í gegnum Hömlur ehf., og bankinn fengi þannig meira upp í þær skuldir Húsasmiðjunnar sem afskrifa þurfti við upphaflega fjárhagslega endurskipulagningu. Útfærslan er með kauprétti og kaupskyldu á fyrirfram ákveðnu verði og því kemur ekki til þess að Holtavegur 10, Hömlur eða Landsbankinn eigi þriðjungshlut í Húsasmiðjunni til langframa.

Rekstur Húsasmiðjunnar hefur ekki gengið sem skyldi á undanförnum árum. Í ársreikningnum kemur fram að félagið hafi tapað 1,6 milljörðum króna í fyrra og eigið fé hennar var neikvætt um 164 milljónir króna. Það kemur til viðbótar við tæpan milljarð króna sem það tapaði á árunum 2009 og 2010. Velta Húsasmiðjunnar, og alls byggingavörugeirans, hefur dregist mikið saman frá bankahruni. Á árinu 2008 velti Húsasmiðjan 18,9 milljörðum króna. Í fyrra var hún tólf milljarðar króna og hefur því dregist saman um tæp 37 prósent á nokkrum árum.

## ENDURÁLAGNING KOSTAÐI 677 MILLJÓNIR

Ríkisskattstjóri endurálagði 677 milljónir króna á Húsasmiðjuna í lok árs 2011 vegna rekstraráranna 2005-2009. Ástæða endurálagningarinnar var að fyrri eigendur Húsasmiðjunnar nýttu vaxtagreiðslur af lánum sem notuð voru til að kaupa fyrirtækið til skattafrádráttar. Ríkisskattstjóri telur slíkt ekki heimilt. Vegna þess lækkar yfirfæranlegt skattalegt tap Holtavegar 10 ehf., sem var bókfært á 7,6 milljarða króna, um sex milljarða króna þar sem RSK „hafnar frádráttarbærni taps“. Félagið sætti sig ekki við úrskurð RSK og vísaði málinu til Yfirskattanefndar. Niðurstaða liggur enn ekki fyrir.

Húsasmiðjan og Byko eru auk þess til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu, sem grunar þau meðal annars um að hafa boðið samkeppnisaðila að taka þátt í verðsamráði, að borga með tilboðum til að þau yrðu lægri en samkeppnisaðila og að hafa lækkað verð um tugi prósenta á þungavörum þegar nýr aðili hóf sölu á slíkum vörum. Vegna þessarar rannsóknar var gerð húsleit hjá fyrirtækjunum í mars 2011 þar sem á annan tug stjórnenda og starfsmanna voru handteknir og færðir til yfirheyrslu. Í ársreikningnum segir að „óvissa ríkir um niðurstöður málsins og áhrif þess á rekstur og fjárhag félagsins. Engar fjárhæðir hafa verið færðar í ársreikningi félagsins vegna framangreinds“.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## HJÓLUM TIL FRAMTÍÐAR

Ráðstefnan Hjólum til framtíðar 2012 – rannsóknir og reynsla verður haldin í Iðnó 21. september frá 9 til 16. Áhersla verður lögð á það sem efst er á baugi í heimi hjólavísinda og reynslu þeirra sem hafa eflt hjólreiðar í sínu nærumhverfi. Kynning á rannsókn um hjólreiðar á köldum svæðum er eitt lykilerinda ráðstefnunnar.



# RÉTTIRNAR HAFNAR

**SMÖLUN** *Nú geta landsmenn brugðið sér í réttir á næstu dögum. Réttir hófust snemma í september og halda áfram út mánuðinn víða um land.*

Fyrstu fjárréttir landsins voru haldnar 2. september þegar réttað var í þremur réttum; Baldursheims- og Hlíðarrétt í Mývatnssveit og í Þverárrétt ytri í Eyjafjarðarsveit. Á næstu tíu dögum fara síðan fjölmargar réttir fram um allt land. Ólafur R. Dýrmundsson, ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands, segir að það sé réttað í um 150 réttum á Íslandi en enginn veit nákvæma tölu þeirra enda eru þær misstórar. „Tímabilið sem réttir standa yfir er um þrjár vikur. Þessa dagana er verið að smala mikið á Suðurlandi og vestanverðu landinu en víðast hvar á Norðurlandi er búið að smala helstu afrétti.“ Næstu stóru réttir í nánd við höfuðborgarsvæðið fara fram föstudaginn 14. september en þá eru Hrunaréttir og Skaftholtsréttir á Suðurlandinu. Sunnudaginn 16. september fer Fossvallarétt fram við Lækjarbotna en hún er næsta rétt við Reykjavík. Þar er réttað fé úr Reykjavík og Kópavogi og því stutt fyrir borgarbörnin að fara sem vilja kynnast réttum. Einnig má nefna Þverárrétt í Þverárhlíð í Mýrasýslu en hún er haldin mánudaginn 17. september.

Ólafur segir réttirnar alltaf sívinsælar þrátt fyrir að þær hafi tekið miklum breytingum undanfarin ár. „Það færist sífellt meira í vöxt að verið sé að smala á fjórhjólum. Landið okkar er misjafnt og sums staðar viðkvæmt og því þarf að fara varlega enda getur akstur utan vega verið varasamur. Best er að nota hesta og vera gangandi þótt slík tæki geti komið sér vel til dæmis á heiðum.“

Fé hefur fækkað talsvert hérlendis undanfarin ár að sögn Ólafs. Þó eru fjölmennustu réttirnar með 5-10.000 fjár. „Svo eru auðvitað margar mun minni eða með 1.000-2.000 fjár. En hér áður fyrr voru þær mun fleiri.“ Upplýsingar um réttir má finna á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is, og í Bændablaðinu sem kemur út hálfsmánaðarlega.

■starri@365.is

**SKEMMTUN** Réttir eru alltaf jafnvinsælar hjá ungum sem öldnum.
MYND/BÆNDABLAÐIÐ



**BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS** Ólafur R. Dýrmundsson ráðunautur.


**Vandaðir þýskir herraskór úr leðri í úrvali**



**Til dæmis:** Teg: 305302/241
- Litur: svart - Stærðir: 40 - 47
**Verð: 15.885.-**

Misty skór
Laugavegi 178
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

**BRÚÐKAUPSGJAFIR**
- mikið af frábærum tilboðum

TILBOÐ



Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



Bikini
Tankini
Sundbolir
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Amerísk gæðavara

Meirapróf









ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Nýtt námskeið hefst 26. september

Lagerhillur
í öllum stærðum
á hagstæðu verði.



Afar auðvelt í uppsetningu
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00



# HANDAVINNA & FÖNDUR

**Kynningarblað** Námskeið, verkfæri, netverslun, handverk, heimilisiðnaður og þjóðararfur.



# Stendur vörð um íslenskt handverk

**Heimilisiðnaðarfélagið var stofnað árið 1913 í þeim tilgangi að varðveita íslenska gripi og menningarverðmæti frá þúsund ára tilveru íslenskrar þjóðar í landinu. Félagið býður upp á fjölda námskeiða í gerð íslensks handverks fyrir alla aldurshópa.**

Meginhlutverk íslenska Heimilisiðnaðarfélagsins er að vernda, auka og efla þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað. „Þetta gerum við að miklu leyti með því að reka skóla þar sem haldin eru námskeið í handverki. Auk þess gefum við út blað einu sinni á ári og rekum verslun sem selur efni til þjóðbúningagerðar, íhluti í vefstóla, ýmislegt til tóvinnu og fleira tengt íslensku handverki og menningararfi,“ segir Sólveig Theódórsdóttir, formaður félagsins.

Heimilisiðnaðarfélagið hefur unnið eftir Unesco-samningnum um verndun þjóðararfs sem undirritaður var árið 2005. „Okkar hlutverk er að standa vörð um gamalt íslenskt handverk. Við gáfum til dæmis út bókina Íslensk sjónabók með mynsturhandritum frá 17. og 18. öld. Mynstrin voru teiknuð að nýju af nemendum Listaháskólans og er elsta handritið eftir Ragnheiði Jónsdóttur, biskupsfrú á Hólum.“

Á döfinni er svo fjöldi áhugaverðra námskeiða fyrir alla aldurshópa. „Nú eru að fara af stað námskeið í tálgun fyrir börn sem er mjög spennandi en við höldum reglulega námskeið fyrir börn í ýmsum handverksgreinum. Svo mætti líka nefna þjóðbúninganámskeið, barnabúninganámskeið, námskeið í orkeringu auk fleiri námskeiða.“

Á heimasíðu félagsins www.heimilisidnadur.is er hægt að fylgjast með námskeiðsúrvali þess ásamt nánari upplýsingum um kostnað, skráningu auk ýmis fróðleiks um félagið.



Sólveig Theodórsdóttir, formaður Heimilisiðnaðarfélagsins. MYND/ANTON

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir, tp. elsaj@365.is, s: 512 5427.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

Föndurlist



Okkar vinsælu námskeið eru að byrja!

Höfum opnað glæsilega föndurverslun í Holtagörðum

Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-15
s. 553-1800 • www.fondurlist.is

# Skartgripir, tréútskurður og hnífagerð

Fjölbreytt námskeið eru í boði í vetur hjá Handverkshúsinu. Nýlega opnaði fyrirtækið glæsilega vefverslun þar sem allar vörur þess fást.

Handverkshúsið er fimmtán ára fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi og sölu hráefnis og verkfæra fyrir handverksfólk í öllum gerðum handverks. Þorsteinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri Handverkshússins, segir breiðan hóp viðskiptavina af báðum kynjum skipta við verslunina. „Hingað koma bæði þeir sem eru að iðka handverk eða kenna í skólum landsins. Við seljum hráefni og verkfæri til aðila sem vinna í tré, silfur, stein, gler og leir svo eitthvað sé nefnt. Auk þess þjónustum við skólana í landinu með eitt og annað sem verkgreinakennarar sinna í daglegu starfi.“



Þorsteinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri Handverkshússins. MYND/ANTON

### Fjölbreytt námskeið

Námskeiðahald er stór þáttur í starfssemi Handverkshússins. Þorsteinn segir fjölbreytt úrval námskeiða í boði, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. „Námskeiðin tengjast eðlilega því hráefni sem við erum að selja. Við bjóðum upp á tuttugu mismunandi námskeið, til dæmis skartgripanámskeið í silfursmíði, tálgunámskeið, námskeið í tréútskurði, brýnslunámskeið og námskeið í myndristutækni. Við erum einnig með glernámskeið og vinsælt námskeið í hnífagerð.“ Um er að ræða stutt námskeið að sögn Þorsteins þar sem mætt er í tvö til þrjú skipti og verkefni unnin frá grunni og fullkláruð. „Þátttakendur læra þá tæknina og geta síðan haldið áfram heima hjá sér með frekari verkefni.“

Kennarar námskeiðanna eru að öllu jöfnu innlendir handverksmenn með mikla reynslu segir Þorsteinn. Í vetur verður þó bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða upp á erlendan kennara. Um er að ræða námskeið í skartgripagerð sem Carol Simmons kennir í október.

### Ný vefverslun

Í upphafi árs opnaði Handverkshúsið nýja og glæsilega vefverslun. Þar er hægt að skoða allt vöruúrval verslunarinnar og ganga frá kaupum á netinu. Þorsteinn segir meginhugsunina á bak við vefverslunina vera þá að þjónusta alla landsmenn enda búa margir viðskiptavinir hennar utan höfuðborgarsvæðisins. „Við sjáum vel hvernig umferð inn á vefinn hefur aukist. Bæði eru viðskiptavinir okkar að skoða vöruúrvalið en líka að kaupa enda eru allar vörur okkar þar inni. Sem dæmi pantaði bóndi hjá okkur bandsög um daginn á vefsíðunni og stórt útgerðarfyrirtæki fann hjá okkur brýni á vefsíðunni og hringdi og pantaði.“ Handverkshúsið er til húsa í Bolholti 4, 105 Reykjavík. Sjá nánar á www.handverkshusid.is.

# Einfalt pils eða skokkur

Gamall stuttermabolur er til ýmissa hluta nytsamlegur. Með einföldum hætti má til dæmis breyta honum í pils á fullorðinn eða skemmtilegan skokk á barn.

1. Klippið gamlan stuttermabol í sundur rétt neðan við handveg.

2. Mælið út og merkið fyrir teygjunni með fatakrít eða notið saumavélafótinn til að áætla bilið milli teygjuranda.


Klippið gamlan stuttermabol í sundur. MYND/BLUEBIRDANDTHEBOY.BLOGSPOT.COM

3. Saumið með teygjutvinna í bolinn. Byrjið efst þar sem bolurinn var klipptur í sundur. Munið að skilja eftir nógu langan enda af teygjutvinnanum til að binda saman þegar komið er hringinn. Gott er að leita sér leiðbeininga um hvernig sauma á með teygjutvinna, áður en byrjað er.


Saumið með teygjutvinna rendur efst í bolinn.



4. Þegar rendurnar eru orðnar nógu margar skal úða létt yfir með vatni og renna yfir teygjusaumana með straujárni.

Við það kippist teygjutvinninn til baka.

*Heimild: bluebirdandtheboy.blogspot.com*

JUKI saumavélar og overlockvélar

Japanskt gæðamerki
- yfir 30 ára reynsla á íslenskum markaði -



Hjá okkur færðu einnig ýmislegt í saumaskapinn s.s. gæðatvinna á góðu verði frá COATS og MADEIRA, skæri, hjólahnífa og skurðarmottur frá KAI og ýmislegt fleira...

Sjá nánar um vöruúrval á www.bingvarsson.is

Verið velkomin!
Opið: mán-fim: 13-18 og föstud: 13-17

B. INGVARSSON ehf.
BÍLDSHÖFÐA 18 - 110 REYKJAVÍK
Sími: 588 9977 - bingvarsson@simnet.is

JUKI GLOBAL velt MADEIRA GROZ-BECKERT

Ný vefverslun:
handverkshusid.is
Skráðu þig núna! Þú gætir unnið 50.000 kr.
Handverkshúsið Bolholt 4, 105 Rvk. Sími: 555 1212

### TÖLUR TIL STYRKTAR GÓÐU MÁLEFNI

**Fjáröflun Kvennaathvarfsins** stendur til 23. september. Markmiðið er að afla fjár til kaupa á stærra húsnæði fyrir Kvennaathvarfið. Tölurnar fást í átta litum og er hægt að nota í alls kyns hannyrðir. Yfirlit yfir sölustaði er að finna á www.oll-medtolu.is.



# Fjölbreytt námskeið haldin í vetur

Amma mús – handavinnuhús býður mikið úrval prjóna- og útsaumsvöru og er starfsfólk verslunarinnar fullt af þekkingu og reynslu af hannyrðum. Jólaútsaumurinn er kominn í hús og ný útsaumsefni. Verslunin mun standa fyrir fjölbreyttum námskeiðum í vetur.

Amma mús – handavinnuhús var opnað í byrjun ágúst árið 2010. Lagt var upp með að opna alhliða hannyrðavöruverslun með prjón og útsaum. „Við horfðum til fyrri tíma verslana þar sem hægt var að fá mikið úrval vara á einum stað. Í Ömmu mús erum við með nánast allt sem viðkemur prjóni og saumum, til dæmis dásamlegt prjónagarn og uppskriftir á íslensku frá Rauma í Noregi og danskar prjónabækur og garn frá Isager í Danmörku. Í Ömmu mús eru miklir reynsluboltar á bak við borðið sem geta aðstoðað með nánast hvað sem er. Við erum sérverslun með þekkingu og þjónustu,“ segir Hildur Guðnadóttir, eigandi Ömmu músar.

Sú nýbreytni verður í haust hjá Ömmu mús að boðið verður upp á stutt námskeið sem miða að því að ná færni í því sem kennt er það kvöldið. „Hugsunin er sú að þeir sem ekki hafa áhuga á að binda sig í mörg skipti eða langar bara að læra eitthvað eitt til að koma sér af stað geti það með góðu móti. Þetta gæti líka verið góð tilbreyting fyrir saumaklúbbinn eða vinkonuhópinn. Sem dæmi um námskeið má nefna prjónaðar jólakúlur, heklaðar jólabjöllur og hekl fyrir byrjendur, líka örvhenta.“ Námskeiðin verða á miðvikudagskvöldum frá klukkan sjö til tíu og þau hefjast þann 26. september næstkomandi. Allt efni sem þarf að nota á námskeiðunum fæst á staðnum.

Hildur segir að margt hafi breyst í þjóðfélaginu á síðustu árum. Kunnátta í hannyrðum hafi minnkað eftir að húsmæðraskólum landsins fækkaði en eftir að kreppan skall á hafi þrýstingur á fólk að fara að prjóna og sauma sjálft aukist. „Við finnum vel fyrir þessum mikla áhuga og í fyrra urðum við líka varar við vaxandi áhuga fyrir útsaumnum. Það er greinilegt að nú á að sauma meira fyrir jólin en mörg undanfarin ár. Við erum búnar að fá jólaútsauminn í hús og ný útsaumsefni í bland við þau hefðbundnu. Nýjar mynsturbækur og strammamyndirnar gömlu og góðu koma inn eins og haustlægðirnar. Fyrir þær sem ekki hafa of mikinn tíma eða vilja skapa sjálfar sín verk þá má benda á að það eru ekki alltaf stærstu stykkin sem gera mesta lukku. Smá útsaumur í fallegum ramma getur líka glatt.“

Ásamt því að bjóða upp á áðurnefnd námskeið heldur starfsfólk Ömmu músar prjónakaffi annan hvern laugardag á milli tíu og tólf. „Þá kemur hingað fullt af fólki og prjónar saman. Okkur finnst gaman að heyra frá viðskiptavinum okkar hvað þá langar að gera og læra og höfum stundum orðið við óskum um ákveðin námskeið. Það er til dæmis á döfinni að halda mæðgnakvöld þar sem stelpur koma með mæðrum sínum og læra grunninn í prjóni. Við ætlum líka að vera með grunnnámskeið í hekli og finnum fyrir auknum áhuga á því hjá ungum konum. Við reynum að verða við óskum viðskiptavinanna og reynum eftir fremsta megni að leysa úr þeim vandamálum sem til okkar er leitað með,“ segir Hildur.

Nánari upplýsingar um verslunina má finna á Facebook-síðu hennar.



Starfsfólk Ömmu músar býr yfir mikilli reynslu. MYND/ANTON









## Heimilisiðnaðarfélag Íslands

### Heimilisiðnaðarskólinn

*Prjón, hekl, þjóðbúningasaumur, baldýring, útsaumur, orkering, knipl, jurtalitun, tóvinna, námskeið fyrir börn, vefnaður, leðursaumur, og margt fleira.*

### Verslun

*Mikið úrval af íslensku prjónabandi og lopa, prjónum, prjónabókum og blöðum.*
*Efni og tillegg fyrir þjóðbúningasaum og jurtalitun.*
*Garn ofl. fyrir vefnað og efni til jurtalitunar.*
*Gjafakort.*
*Opið alla virka daga kl. 12 – 18.*
*Verið velkomin.*

*Nethyl 2e*
*110 Reykjavík*
*Símar 5517800/5515500*
*hfi@heimilisiðnaður.is*
*www.heimilisidnadur.is*




20% afsláttur af öllum Létt- og Plötulopa

Gildir til 16. sept. eða á með birgðir endast




30% afsláttur af öllum Dale prjónablöðum



Mikið úrval af efni til skartgripagerðar



Dale Baby ull, 100% ull




Dale Vipe, 100% bómull



Fjölbreitt úrval af Tilda bútasaumsefnum




Skrapppappír. Aðeins 12. kr. örkin

**A4 Smáratorgi 1, Kópavogi**
**www.a4.is / sími 580 0010 / sala@a4.is**

Allar þessar vörur fást hjá **A4** Smáratorgi, en Létt- og Plötulopi fást einnig hjá **A4** Akureyri




NISSAN Terrano luxury. Árgerð 2005, ekinn 138 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, einn eigandi. Verð 1.990.000. Rnr.140154.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**




SKODA Superb ambition 140 hö. Árgerð 2011, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Ásett verð 4.390.Okkar verð 3.900 Rnr.112770.



OPEL Antara. Árgerð 2008, ekinn 99 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.390.okkar verð 2.000 Rnr.217656.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**Opið til kl. 21 á fimmtudögum.**
**www.nyja.is**




KIA Ceed lx 1.4 bensín beinskiptur. Árgerð 2011, ekinn 44 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.390.000. Rnr.140187.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

## Bílar til sölu




Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is



Mazda 1999 árgerð í toppástandi, sjálfskiptur. Keyrður 137.000km og aðeins tveir eigendur. Mjög vel með farinn. Fjögur vetradekk fylgja. 390.000kr- staðgreitt- S. 848-2781og 865-7320



Hyundai Santa fe árgerð 2005 ekinn 96.000 2,7 v6 Sjálfskiptur. Ný tímareim og í toppstandi. Ásett verð 1.690.000 Tilboð 1.400.000 Upplýsingar í síma 891-6401



**Gullmoli**
Toyota Avencis árg.2005. Sjálfskiptur. ek.71.000 þ.km, nýleg heilsársdekk, nýtt í bremsum og fl. Virkilega vel með farinn bill. Ásett verð 1.790.000. uppl. s. 660 1303



Toyota Corolla Verso Árg.'07 1,8 Ssk. 7 manna. Verð 1.600þús. Uppl. í s. 693 2991.



BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 700þús. S. 693 2991.



Lancer árg. '03. Ekinn 176 þús. Bíll í góðu standi. Skoðaður '13. Verð 580 þús. S. 862 0282.



Hyundai Santa Fe '06 sjálfsk, V6 bensín, krókur, álfelgur ofl Verð 1590 þús, ath skipti eða góður staðgr.afsláttur Uppl. í síma 772-0000

## 250-499 þús.



**YARIS SPARIBAUKUR! TILBOÐ 380 ÞÚS!**
TOYOTA YARIS árg' 2000, skoaðaður 2013, 3ja dyra, 5 gíra beinskiptur, svartur með spoiler og álfelgum, góður bíll sem eyðir nánast engu eða um 5,0 l/100 km, ásett verð 450 þús TILBOÐ 380 ÞÚS! s.841 8955

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Óska e.að kaupa M. Benz frá árg.1980-2000. Uppl.í s.866 0471

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880



Til sölu Nissan Interstar árg.'08., ek.62þ. Stöðvarleyfi á Nýju-sendibílastöðinni gæti fylgt. V. 2.500 þús. með vsk. Uppl. í s. 893 2217.

## Hjólhýsi



Til sölu Adria Classica 613 PK hjólhýsi árg. '06 ALDE hitakerfi, Isabella fortjald, gólfhiti, sólarsella, Kojur, örb.ofn, vel með farið hús m/öllu. Verð 3.4 millj. Ath skipti á bíl. Uppl. í síma 772-0000

## Fellihýsi



Nú er tíminn til að gera góð kaup á ferðavögnum Rockwood fellihýsi árgerð 2007 Eitt með öllu! Ásett verð 1.690.000 Tilboð 1.350.000 Upplísingar í síma 891-6401

## Vinnuvélar



Til sölu Komatsu WH 714 árg. 2006 notkun 960 klst. verð 7.5m.+ vsk. vélin lítur mjög vel út. uppl s. 892-0566 eða bygg@internet.is



Til sölu JCB CX 3 árg 2008 ónotuð verð 9.8m + vsk. Uppl. s. 892-0566 eða bygg@internet.is

## Lyftarar




**Körfubílaleiga**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

## Varahlutir




Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í Lancer 1300 árg.'00.MMC Carisma '98, Kia Rio '01, primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98, '99. Impreza '97 & '99. Legacy '98. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**Bílfix**
Bílaviðgerðir á betra verði. Bílfix Smiðjuvegi 10, rauð gata. S. 778 3911. www.bilfix.is

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum, er vön og vandvirk. Uppl. í s. 868 7283.

## Garðyrkja







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Regnbogalitir Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald



Parketslípun, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. S: 772 8100




**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Laga ryðbletti á þökum, hreinsa þakrennur. Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

## Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar




**908 1888**
**Spásími Daddýar alla daga (frá 13-23 næstu viku).**
**250 kr. mín.**

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Rafvirkjar geta bætt við sig verkefnum. Sanngjarnir, snöggir, vanir menn. Uppl. í s. 612 9885

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www. Heitirpottar.is Sími 777 2000



**Maxi Cosi Tobi 9-18kg Barnabílstóll**
Æðislegur barnabílstóll til sölu. Notaður af einu barni. Verð 28þús Uppl. s. 663 3313

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

## Þjónusta

**Losnaðu við flughræðslu Dáleiðsla.is**

## Fasteignir

### Andarhvarf 11a
203 Kópavogur
Falleg sérhæð með bílskúr

**Stærð: 159,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4-5**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 34.950**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

Opið Hús





**Í dag 12. september kl 17:30-18:00**

**Verð: 42.500.000**

Falleg og vönduð 4 til 5 herbergja efri hæð með sérinngangi og bílskúr. Einstakt útsýni yfir Elliðavatn og Bláfjöllin. Í íbúðinni eru þrjú góð svefnherbergi, rúmgóð stofa, fallegt eldhús með glæsilegu útsýni. Flísalagt baðherbergi ásamt gestasnyrtingu. Sér sjónvarpsrými og vinnuherbergi. Fallegar innréttingar. Gólfefni eru flísar og parket.
Góð eign á frábærum útsýnisstað.


Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is


Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

### Ingólfsstræti 21
101 Reykjavík
Langtímaleiga Glæsilegt hús

**Stærð: 301,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1903**
**Fasteignamat: 71.600.000**

RE/MAX Lind





**Til leigu**

**Verð: 500.000**

RE/MAX LIND KYNNIR TIL LEIGU Í 2 ÁR Í SENN, LEIGUVERÐ 500.000KR Á MÁNUÐI:
Einstakt einbýlishús með húsgögnum, sjónvörpum og öðrum húsbúnaði í miðbæ Reykjavíkur.
Einstaklega fallegur arkitektúr. Stór og falleg afgirt lóð, 70-80 fm timburverönd, þrjú sér bílastæði. Mikil lofthæð, einstök staðsetning.
Húsið er laust til leigu strax.
Allar upplýsingar veitir: Hannes Steindórsson s699-5008


Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is


Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is

# PRIKIÐ BANKASTRÆTI

Eitt elsta kaffihús landsins er til sölu.
Góður rekstur og langur leigusamningur fylgir.
Frábært tækifæri í veitingarekstri.

Nánari upplýsingar veitir:
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali, gtj@fastmark.is






PRIKIÐ
STOFNAÐ 1951

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Gullsmiðja Óla**
**Kaupum gull**
**Kaupum allt gull og silfur á toppverði.**
**Gullsmiðja Óla - Veltusundi 1, v/Ingólfstorg. 101 RVK.**
**Sími 564 3248**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**Frystigámur óskast**
40ft frystigámur óskast, má vera beyglaður enn gangfær. Uppl. s. 897 1731

## Til bygginga

**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




Nánari upplýsingar í s. 849 0698.

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Allar nýju HERBALIFE vörurnar fást hjá mér. Sólrún Ósk S. 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Kennsla

**Ódýr Stærðfræðikennsla**
Hagfræðinemi býður uppá stærðfræðikennslu fyrir grunn- og framhaldsskólanema. Upplýsingar í síma 8652731 eða 8652731@gmail.com

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Heimilistæki

**554 4445**
**Biluð tæki?**
Gerum við:
- Þvottarvélar
- Þurrkara
- Ísskápa
- Frystiskápa
- Rafmagnsverkfæri
- Heita potta

Tökum einnig að okkur almennar vélaviðgerðir.
EGILL Miðhrauni 2 210 Garðabæ www.egill.is
EGILL - ALLT Á SAMA STAÐ

## Dýrahald



Þessi yndislegu dvergschnauzer systkin eru til sölu. Þau eru fædd 4. júlí 2012. Þau eru með ættbók frá Hrfí. Þau eru búin að fá 1. sprautu. Systkinin eru tryggð hjá Vís. Uppl í síma 845-0009, Klara

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði í neðri hluta Þverár. Eingöngu fluguveiði frá 18. sept. - 30. sept. Uppl. í síma 848 2304.

## Húsnæði í boði



Til leigu velbúið 70fm hús í Heklubyggð svefnpláss fyrir 9-11manns, fallegt útsýni. 30þús vikan, ath aðeins vikuleiga. Nánari upplýsingar í 898 8300

70,2 fm íbúð til leigu í hafnarfirði á 3 hæð í lyftuhúsi, stofa, hjónaherbergi, eldhús með uppþvottavél, bílgeymsla og geymsla í sameign. S. 6945802

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Looking for cabin to rent near Heiðmörk Oct/Nov/Dec. Electricity & heating req. James on 6983423

## Atvinna

**ÍSLENSKA KAFFISTOFAN**

***ÍSLENSKA KAFFISTOFAN LEITAR AÐ KAFFIBARÞJÓNI Í FULLT STARF.***

*Allt sem við viljum er metnaður, samskiptahæfni, þjónustulund, heiðarleiki og jákvætt viðhorf til lífsins.*
*Og að sjálfsögðu ástríða fyrir góðu kaffi.*
*Sendu okkur umsókn ásamt mynd á* ***atvinna@kaffistofan.is.***

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m² iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU
ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

## Atvinna í boði

NONNABITI
...góður biti

**Nonnabiti**
**Starfsmaður óskast í Reykjavík og Kópavogi. Reyklaus. Æskilegt að geta hafið störf sem fyrst. Ekki yngra en 18 ára.**
**Upplýsingar í s. 899 1670 eða sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is**

**Öflug heildsöluverslun**
**Óskum eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu, nótuútskrift og önnur tilfallandi störf. Við leitum að duglegum starfsmanni, sem hefur áhuga á að vinna með fólki sem vill veita viðskiptavinum fyrirtækisins framúrskarandi þjónustu.**
**Umsóknir sendist á netfangið: vinnukraftar@gmail.is**
**Öllum fyrirspurnum verður svarað.**

Óskum eftir manni vönum hellulögnum, ekki verra ef viðkomandi er skrúðgarðyrkjufr. Uppl. í s. 698 0098 eða á stjornugardar@stjornugardar.is

Verslunin Kvosin, Ingólfstorgi, óskar eftir framtíðar starfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi verður að vera 18 ára eða eldri, reyklaus og með mikla þjónustulund. Áhugasamir sendið uppl. og ferilsskrá á netfangið kjartan@kvosin.is

Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin, föst laun og bónusar. Áhugasamir sendi póst á erna@tmi.is

Okkur vantar starfsfólk, íslenskumælandi, hjá fyrirtæki í matvælaframleiðslu í Hafnarfirði. Umsóknir sendist á svavar@gunnars.is

Símabær óskar eftir að ráða heiðarlegan og lipran sölumann til starfa strax. Vinnutími 10-18 og annanhvern laugard. 11-15 Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á simabaer@gmail.com

**Veitingarstaður**
Panorama veitingarstaður óskar eftir þjón og aðstoðar kokk í morgunmat og kvöldmat. frekari uppl. panorama@panoramaice.is eða 551 5800 / 691 1905.

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

# Afnám nýtt til að endurfjármagna

*Tillögur Samtaka fjármálafyrirtækja um afnám hafta miða við að ríki, sveitarfélög, fjármálafyrirtæki, orkufyrirtæki og fyrirtæki með undanþágu frá skilaskyldu gefi út löng skuldabréf sem eigendur haftakróna þyrftu að kaupa. Yrði hægt að endurfjármagna skuldir og fjármagna nýframkvæmdir á betri kjörum en bjóðast annars.*

FRÉTTASKÝRING

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Afnema á höft á fjármagnsflutninga með því að gefa út löng skuldabréf, sem útgefin verða af tegundum útgefenda til að endurfjármagna erlendar skuldir sínar eða til að ráðast í nýfjárfestingar. Þetta kemur fram í tillögum Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) sem kynntar hafa verið fyrir Seðlabanka Íslands, hagsmunaaðilum, stjórnvöldum og fjölmiðlum að undanförnu. Tillögurnar byggja á vinnu hóps sem samtökin skipaði snemma á þessu ári til að kanna til hvaða aðgerða hægt væri að grípa til að afnema höftin.

**Rúmlega 800 milljarðar fastir inni**

Samkvæmt lögum eiga höft á fjármagnsflutninga, sem í daglegu tali eru sjaldan kölluð annað en gjaldeyrishöft, að lyftast í lok árs 2013. Hvernig það verður gert er eitt helsta hagsmunamál Íslendinga, enda eru að minnsta kosti rúmlega 800 milljarðar króna, sem eru í eigu erlendra aðila, fastir innan haftanna. Eigendur þeirra eru af ýmsum toga, en þeirra stærstir eru jöklabréfaeigendurnir svokölluðu með nokkur hundruð milljarða króna eign og kröfuhafar föllnu bankanna þriggja, sem áætla að um 450 milljarðar króna af endurgreiðslum þeirra verði í íslenskum krónum. Þetta fé á það sameiginlegt að vera afar líklegt til að leita út úr íslensku hagkerfi við afléttingu hafta með tilheyrandi vandamálum fyrir Ísland, enda þyrfti þá að skipta allri þeirri upphæð í gjaldeyri sem er einfaldlega ekki til.

**Áætlanir hafa skilað litlu**

Stjórnvöld og Seðlabankinn eru með áætlun í gangi til að vinna á þessu vandamáli, meðal annars með því að bjóða eigendur þessara krónueigna að fjárfesta þær hérlendis gegn afslætti. Ýmsir hagsmunaaðilar telja þó að áætlunin muni ekki ganga ein og sér og hafa lagt til viðbótartillögur. SFF hefur verið að kynna sínar að undanförnu. Þær eru af svipuðum meiði og tillögur sem Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins (SA) hafa áður gefið út og snúast í grófum dráttum um að gefa út löng skuldabréf sem eigendur krónueigna sem fastar eru í höftum verða að kaupa. Þannig verði þessu vandamáli komið í langt endurgreiðsluferli.

**Fleiri en ríkið útgefendur**

Munurinn á tillögum SFF og hinna er þó sá að samtökin vilja að fleiri en bara ríkið geti gefið út þau skuldabréf sem krónueigendurnir verða skikkaðir til að kaupa. Samkvæmt tillögum SFF verða útgefendur þessara löngu skuldabréfa, sem eiga að vera til að minnsta kosti fimmtán ára, af fimm mismunandi tegundum. Þær er hægt að sjá í hliðarefni.

Í tillögunum segir að „vextir á bréfunum yrðu ákveðnir af útgefendum en gengi krónunnar við kaup á þeim af Seðlabankanum – annaðhvort með sérstökum útboðum eða þá með einhliða ákvörðun SÍ“.

Með öðrum orðum á að endurfjármagna nær allar erlendar skuldir íslenskra aðila með því að knýja eigendur aflandskróna til að selja okkur þær á verði sem Seðlabankinn ákveður og vöxtum sem lántakendurnir sjálfir ákveða. Í staðinn ætlum við að endurgreiða þeim í erlendum gjaldeyri á nokkrum áratugum. Endurgreiðsla höfuðstóls hefst ekki fyrr en árið 2018, þegar Ísland verður búið að endurgreiða þau lán sem vinaþjóðir okkar veittu okkur eftir hrunið, og eiga að verða jafnar frá þeim tíma.

**Óvíst með viðbrögð eigenda**

Þá stendur einfaldlega eftir sú spurning hvernig eigendur þessara krónueigna munu taka í það að fá ekki að fara með eignir sínar út úr íslensku hagkerfi að fullu fyrr en eftir áratugi, og fá fyrir það greidda vexti sem eru einhliða ákvarðaðir af útgefendum bréfanna sem þeir yrðu neyddir til að kaupa. Sumir þessara aðila eignuðust nefnilega krónueignir sínar eftir hrunið, til dæmis með því að kaupa kröfur á föllnu bankanna. Á þeim tíma voru ekki neinar hömlur á útgreiðslum þrotabúa bankanna. Þær voru hins vegar settar í mars með lagabreytingu og því eru þessir fjárfestar skyndilega lokaðir inni. Þeir sem standa að tillögum SFF horfa til þess að auðveldara verði að ræða beint við þennan hóp, og aðra kröfuhafa bankanna, þegar nauðasamningar Kaupþings og Glitnis verða frágengnir á næstu mánuðum. Þá mun verða skipaður einhvers konar forstjóri og stjórn yfir eignarhaldsfélög utan um eignir þeirra sem hafa mun skýrara umboð kröfuhafa en nokkurn tímann skilanefndir eða slitastjórnir.

**Væri gott fyrir Ísland**

Ljóst er að ef leið SFF yrði að veruleika þá væri það ákaflega gott fyrir Ísland og Íslendinga. Hægt væri að endurfjármagna skuldir ríkis, sveitarfélaga, orkufyrirtækja og viðskiptavina bankanna sem fá lánað í erlendri mynt á miklu betri kjörum en þeim býðst nú og til mjög langs tíma. Til viðbótar væri í boði nýtt lánsfé til að ráðast í nýfjárfestingar sem myndu auka hagsæld.

Það liggur þó ekki fyrir hvernig alþjóðasamfélagið myndi bregðast við slíkri aðgerð og hvort Ísland fái endalaus tækifæri til að ganga á hagsmuni kröfuhafa á sama tíma og landið skapar sjálfu sér betri skilyrði. Ísland gerði það með neyðarlögunum þegar eigendur skuldabréfa voru látnir blæða til að hægt væri að tryggja innstæður og endurreisa föllnu bankanna. Ótrúlegur skilningur hefur ríkt gagnvart þessum neyðaraðgerðum Íslendinga. Fróðlegt verður að sjá hvort slíkt umburðarlyndi myndi ná yfir þá leið sem SFF leggur til.



**SEÐLABANKINN** Lög gera ráð fyrir því að höftin verði afnumin fyrir lok árs 2013. Rúmlega 800 milljarðar króna hið minnsta eru fastir inni í höftunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÚTGEFENDUR SAMKVÆMT TILLÖGUM SFF

Tillögurnar gera ráð fyrir því að útgefendur skuldabréfanna verði af fimm mismunandi gerðum. Í fyrsta lagi á Ríkissjóður Íslands að gefa út bréf, en umfang þeirra á að takmarkast við aflandskrónueign í innlendum skuldabréfum um síðustu áramót. Sú eign nam tæplega 300 milljörðum króna á þeim tíma.

Í öðru lagi eiga orku- og orkudreifingarfyrirtæki að gefa út bréf sem svara til „innlends þáttarkostnaðar nýfjárfestingar eða til endurfjármögnunar erlendra lána frá erlendum aðilum sem eru á gjalddaga á næstu 12 mánuðum“. Á einfaldara máli þýðir þetta endurfjármögnun á erlendum skuldum íslenskra orkufyrirtækja og fjármögnun á öllum fjárfestingum sem þau ætla að ráðast í. Þarna mun Landsvirkjun vitanlega spila stóra rullu, sérstaklega í krafti þeirrar ríkisábyrgðar sem hvílir á skuldum fyrirtækisins.

Þá eiga fjármálafyrirtækin að fá að gefa út bréf til að lækka gjaldeyrisójöfnuð sinn, fyrirtæki sem hafa undanþágu frá skilaskyldu gjaldeyris að fá að gefa út sem svarar til innlends þáttarkostnaðar vegna nýfjárfestingar og sveitarfélög eiga að fá að endurfjármagna öll erlend lán sem eru á gjalddaga á næstu tólf mánuðum.

---

Íslenska fyrirtækið Handpoint haslar sér loks völl á Íslandi:

# Býður upp á nýja tegund posa



ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR

Íslenska fyrirtækið Handpoint hefur hafið að bjóða fyrirtækjum hér á landi posaþjónustu. Fyrirtækið hefur um árabil boðið lausnir á þessu sviði erlendis en samhliða innleiðingu korta- og pinn-posa hér á landi hyggst það hefja landvinninga hér.

„Í fyrst lagi finnst okkur rosalega gaman að geta loksins boðið innlendum fyrirtækjum upp á valkost í þessum efnum,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri Handpoint, og heldur áfram: „Þá keppum við ekki bara í verði heldur bjóðum við upp á ýmsar nýjungar. Í því samhengi má nefna svokallaða vefgátt sem gerir fyrirtækjum kleift að fara á vefinn og sjá allar færslur sem er svo auðvelt að prenta út. Þá eru tveir góðir kostir við okkar posa að þeir krefjast hvorki sér internetsnúru né sér rafmagnssnúru.“



Handpoint var stofnað árið 1999 og hefur unnið að þróun greiðslulausna frá árinu 2004. Hjá fyrirtækinu starfa 35 starfsmenn í þremur löndum en það sérhæfir sig nú í greiðslulausnum fyrir fyrirtæki sem gera þeim kleift að taka á móti korta- og pinn-greiðslum með öruggum hætti.

Á Íslandi hafa hingað til verið í notkun posar sem lesa segulrönd greiðslukorta. Um þessar mundir standa yfir skipti yfir í svokallaða korta- og pinn-posa sem lesa örgjörva á kortum auk þess sem eigandi kortsins þarf að staðfesta færsluna. Handpoint hefur sérhæft sig í lausnum sem byggja á kort- og pinngreiðslukerfi. Fyrirtækið hefur því ekki boðið þjónustu sína á Íslandi þangað til nú en það hefur meðal annars haslað sér völl í Bretlandi.

Erla Ósk segir að viðtökur fyrirtækisins hér á landi hafi verið mjög góðar. „Markaðinn greinilega þyrsti í samkeppni og við höfum þegar kynnt þjónustu okkar fyrir flestum stærstu söluaðilum landsins.“

Loks segir Erla að fyrirtækið muni á næstu mánuðum kynna fleiri greiðslulausnir en hefðbundna posa og nefnir til að mynda smáposa sem tengjast snjallsímum og spjaldtölvum. - mþl

---

Nýtt starfsþróunarverkefni Íslandsbanka:

# Reynsluboltar miðla af reynslu sinni

Íslandsbanki hóf fyrr í ár að bjóða starfsfólki sínu upp á að vinna með lærimeistara, eða mentor, til að stuðla að starfsþróun innan bankans. Konum hefur hingað til boðist þátttaka en í haust mun körlum einnig bjóðast tækifæri.

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segir að þetta verkefni sé liður í því að efla starfsþróun starfsmanna bankans. „Þetta er góð leið fyrir þá reynsluminni til að sækja í brunn þeirra sem eru reynslumeiri og fyrir fólk til að þróa sig áfram í starfi, þróa eigin getu og færni. Markmiðið var fyrst og fremst að stuðla að starfsþróun innan bankans og það hefur gengið mjög vel.“

Áhugasamir hafa komist í samband við lærimeistara í gegnum mannauðsstjórn bankans og er þá miðað við óskir og starfssvið viðkomandi. Verkefnið einskorðast ekki við fólk innan bankans en Katrín Oddsdóttir, forstöðumaður Einkabankaþjónustu VÍB, fær til dæmis að leita í reynslubanka Hrundar Rúdólfsdóttur, framkvæmdastjóra starfsþróunar hjá Marel. Katrín segir ýmislegt hafa vakið áhuga hennar á að taka þátt í þessu verkefni. „Ég hef unnið í bankanum síðan ég útskrifaðist úr háskóla, þannig að mig langaði til þess að kíkja út fyrir bankageirann til að fá speglun á tilveruna annars staðar. Fjármálageirinn, þar sem ég starfa, er frekar karllægt umhverfi og ég vildi fá sjónarhorn úr öðrum karlaheimi, og svo er Hrund með mikla reynslu af stjórnun sem hún getur miðlað til mín. Þá er ég líka tveggja barna móðir sem er að reyna að samþætta vinnu og heimilislíf, þannig að ég hugsaði mér að ég gæti lært mikið og bætt mig, bæði faglega og á persónulega sviðinu.“

Katrín segist afar ánægð með reynsluna hingað til og vonast til þess að framhald verði á. - þj

# Ræða reglur til varnar stöðugleika

***Seðlabankinn hefur kynnt tillögur að varúðarreglum sem eiga að draga úr kerfisáhættu í efnahagslífinu og búa í haginn fyrir lyftingu gjaldeyrishafta. Skiptar skoðanir eru meðal stjórnmálaflokkanna um ágæti hugmyndanna.***

**FRÉTTASKÝRING**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Seðlabankinn gaf 27. ágúst út rit sem nefnist Varúðarreglur eftir fjármagnshöft. Í ritinu eru kynntar tillögur að svokölluðum þjóðhagslegum varúðarreglum. Leggur bankinn til að nokkrar slíkar verði lögfestar hér á landi með það fyrir augum að minnka líkurnar á þjóðhagslegum áföllum. Þá telur bankinn jafnframt að setning varúðarreglna búi í haginn fyrir afléttingu gjaldeyrishafta á næstu árum.

Í inngangi skýrslunnar segir að reynslan í aðdraganda fjármálakreppunnar sýni að þótt óheftar fjármagnshreyfingar geti ýtt undir fjármunamyndun og hagvöxt fylgi þeim einnig áhætta fyrir fjármálakerfið og innlent efnahagslíf sem nauðsynlegt sé að draga úr. Þá geti orðið óstöðugleiki á gjaldeyrismarkaði við losun gjaldeyrishaftanna sem skynsamlegt geti verið að reyna að lágmarka.



**SIGRÍÐUR BENEDIKTSDÓTTIR**

„Við erum að vinna eftir ákveðnu ferli til að afnema megi gjaldeyrishöftin. Meðan á því ferli stendur er mikilvægt að það sé skýrt hvernig aðstæður verða hér á landi eftir að höftin verða afnumin,“ segir Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabankans, og heldur áfram: „Þá þarf að koma í veg fyrir að þær áhættur sem mynduðust til að mynda fyrir árið 2008 endurtaki sig og valdi vandræðum á ný. Að sjálfsögðu verður aldrei hægt að fyrirbyggja allar áhættur en vonandi getum við komið í veg fyrir þær augljósustu.“

Í skýrslunni er einkum vísað til þrenns konar áhættu sem mikilvægt geti verið að draga úr. Í fyrsta lagi sveiflukenndar fjármagnshreyfingar sem magni hagsveifluna. Í öðru lagi gjaldmiðlamisvægi í efnahagsreikningum innlendra aðila en það þýðir til að mynda að lögaðilar hafi lán í erlendum myntum en tekjur í íslenskum krónum. Og í þriðja lagi gjalddagamisræmi í erlendum gjaldmiðlum í efnahagsreikningum fjármálastofnana. Er þar átt við þegar fjármálastofnanir kaupa erlendar langtímaeignir og fjármagna kaupin með skammtímaskuldbindingum, til að mynda innlánum og endurhverfum lánum.

„Við höfum glímt við ákveðinn vanda í peningastefnunni, að þegar það er þensla og vextir eru hækkaðir þá eykst oft innflæði fjármagns. Það má því segja að hækkun vaxta sé að hluta til þensluhvetjandi sem er óheppilegt og eitthvað sem við þurfum að geta komið í veg fyrir. Þá þarf að taka á þeirri áhættu sem myndast þegar gjaldeyrisáhætta er færð frá aðilum eins og bönkum, sem kunna að stýra áhættunni, yfir á þau heimili og fyrirtæki sem skortir tæki og kunnáttu til þess að stýra henni,“ segir Sigríður um þá áhættuþætti sem Seðlabankinn vill meðal annars að tekið verði á.

Þá segir Sigríður að Íslendingar séu síður en svo fyrsta þjóðin til að skoða upptöku varúðarreglna. „Sem dæmi má nefna að Bandaríkjamenn og Kanadabúar greiða aðeins út innlán í sínum eigin gjaldmiðli ef innlánastofnanir lenda í vandræðum. Þessu til viðbótar er nokkuð algengt að lönd hafi ákveðin takmörk á því hve mikið lífeyrissjóðir geta fjárfest erlendis en við erum svo sem ekki að mæla með því til frambúðar,“ segir Sigríður og bætir við: „Okkar hugmynd byggir á þeirri áhættu að ef lífeyrissjóðirnir mega skyndilega allir fara úr 20% erlendum eignum upp í 50% erlendar eignir, til dæmis 1. janúar 2014, þá er hætta á að þeir fari allir að sækja á sömu miðin. Það gæti valdið gengisveikingu krónunnar og því að sjóðirnir fengju færri erlendar eignir en ella. Þetta er því hugsað sem tímabundin hraðahindrun til að koma í veg fyrir að öll fiskiskipin fari á miðin á sama tíma ef svo má að orði komast.“

Í skýrslunni leggur Seðlabankinn til að stofnaður verði vinnuhópar til að útfæra nánar þær hugmyndir sem kynntar eru í skýrslunni. Þá er ljóst að vilji stjórnvöld fylgja tillögunum eftir þurfa að koma til lagabreytingar vegna fjögurra af þeim fimm reglum sem kynntar eru í skýrslunni. Þá kann að vera nauðsynlegt að breyta lögum vegna fimmtu reglunnar.

Þar sem það verður stjórnmálamanna að vinna áfram með þessar tillögur hafði Markaðurinn samband við fulltrúa allra þingflokka og bað um álit á tillögunum. Svörin má sjá hér á síðunni.

## TILLÖGUR SEÐLABANKANS AÐ VARÚÐARREGLUM

**1. Reglur um laust fé og gjaldeyrisjöfnuð fjármálafyrirtækja**
Lausafjárreglurnar munu byggjast á hinu alþjóðlega Basel-III-regluverki en verða lagaðar að íslenskum aðstæðum. Þannig verður stefnt að því að tryggja fjármálafyrirtækjum laust fé í allt að einn mánuð undir töluverðu álagi og þá þurfa fjármálafyrirtæki að geta staðist lokun fjármagnsmarkaða í allt að þrjú ár án þess að gengið sé á gjaldeyrisvaraforða landsins. Með þessu eru gjalddagamisræmi í erlendum gjaldeyri settar mjög þröngar skorður.

**2. Takmörk á söfnun innlána erlendis**
Stefnt skal að því að dregið verði verulega úr möguleikum innlendra fjármálafyrirtækja til að safna innstæðum í erlendum gjaldmiðli. Hugmyndin er sú að draga úr gjalddagamisræmi í erlendum gjaldmiðlum og undirstrika einnig hlutverk Seðlabankans sem lánveitanda til þrautavara í íslenskum krónum einungis. Seðlabankinn getur ekki verið lánastofnunum lánveitandi til þrautavara í erlendum gjaldeyri nema að mjög takmörkuðu leyti.

**3. Skorður settar við lánveitingum í erlendum gjaldmiðlum**
Seðlabankinn mælist til þess að settar verði skorður við lánveitingum í erlendum gjaldmiðlum til sveitarfélaga, heimila og annarra sem ekki hafa tekjur eða eignir í erlendum gjaldmiðli. Hugmyndin er sú að draga úr gjaldeyrisáhættu sem getur myndast við slíkar lánveitingar.

**4. Spornað við sveiflum í fjármagnsflæði**
Seðlabankinn vill fá í hendurnar stýritæki til þess að sporna við óhóflegum sveiflum í flæði fjármagns. Stýritækin gætu til að mynda verið gjald á fjármagnshreyfingar eða sérstök bindiskylda á erlenda fjármögnun.

**5. Tímabundnar takmarkanir á kaupum lífeyrissjóða á erlendum eignum**
Þegar gjaldeyrishöftin verða losuð vill Seðlabankinn að bundið verði í lög hversu hratt lífeyrissjóðirnir geta á ný byggt upp erlendar eignir. Ljóst er að sjóðirnir munu þurfa að stækka erlent eignasafn sitt þegar höftin verða losuð sem gæti skapað þrýsting á gengi krónunnar til lækkunar. Seðlabankinn vill því að fyrst um sinn eftir að höftin verða losuð verði takmarkanir settar við kaupum lífeyrissjóða á erlendum eignum sem verði svo losaðar í skrefum.

## ALMENNT JÁKVÆTT INNLEGG



„Almennt held ég að þetta sé jákvætt innlegg. Það er hins vegar alltaf spurning hversu langt á að ganga í að setja upp takmarkanir á borð við þær sem þarna eru lagðar til. Ég held þó að við höfum lært þá lexíu af fjármálahruninu að heilt yfir sé skynsamlegt að setja einhverjar reglur til að minnka hugsanlegt ójafnvægi í hagkerfinu og til að við getum gripið inn í ef í óefni stefnir,“ segir **Birkir Jón Jónsson**, varaformaður Framsóknarflokksins. Þá telur Birkir ástæðu til að skoða hagstjórnina hér á landi í víðara samhengi og endurskoða peningamálastefnu Seðlabankans. „Ég held að það hafi sýnt sig að peningamálastefnan gengur hreint ekki upp. Fulltrúar allra þingflokka vinna nú að endurskoðun á stefnunni og þar kemur til dæmis til greina að fjölga stýritækjum bankans.“

## HLJÓMAR EINS OG FRAMLENGING Á HÖFTUM



„Þessar hugmyndir hljóma eins og framlenging á gjaldeyrishöftunum. Það eru mér mikil vonbrigði að við séum nú, fjórum árum eftir að höftin voru sett, enn að ræða um jafn viðamiklar takmarkanir á frjálsum fjármagnsflutningum og raun ber vitni,“ segir **Bjarni Benediktsson**, formaður Sjálfstæðisflokksins, um hugmyndirnar. „Grunnvandinn er sá að við erum ekki með nægilegan hagvöxt í landinu. Þar af leiðandi erum við með það óhagstæðan viðskiptajöfnuð að við getum ekki sýnt fram á með trúverðugum hætti að við getum bæði staðið við þær skuldbindingar sem stofnað hefur verið til og leyst höftin.“ Þá segir Bjarni nauðsynlegt að ræða framtíð peningastefnu Seðlabankans í víðara samhengi. „Það er augljóst að það skortir alla samþættingu á milli þess sem ríkissjóður og sveitarfélög annars vegar og Seðlabankinn hins vegar voru að gera fyrir hrun. Að því marki sem ný tæki kynnu að þvinga fram aukna samþættingu ætti það að koma til skoðunar. Ég sakna þess að ekki sé rætt meira um það í þinginu.“

## MIKILVÆGT AÐ SETJA NIÐUR VARÚÐARREGLUR



„Ég fagna þessari skýrslu og held að hún sé mikilvægt innlegg í þá vinnu sem er fram undan við að aflétta gjaldeyrishöftunum. Um leið er hún hluti af því ferli að draga lærdóm af þeim óförum sem við fórum í gegnum í efnahagsmálum. Það hefur sýnt sig býsna harkalega að við höfðum ónógan viðbúnað og okkur skorti ýmsar varúðarreglur og tæki til inngripa. Það er því mikilvægt fyrir okkur nú að setja slíkar reglur niður þannig að ef ástand skapast þar sem hætta er á bólum eða óæskilegum sveiflum verðum við tilbúnari en áður,“ segir **Helgi Hjörvar**, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður efnahags- og viðskiptanefndar. Þá segir Helgi að horfast þurfi í augu við að krónan muni ekki fljóta aftur með sama hætti og gerð hafi verið tilraun með. „Þess vegna höfum við í Samfylkingunni talið okkur betur borgið í stærra myntsambandi. Þannig getum við aukið viðskiptafrelsi og dregið úr þörfinni á takmörkunum sem þessum,“ segir Helgi.

## SKEPTÍSKUR Á AÐ KRÓNAN EIGI FRAMTÍÐ



„Mér finnast þessar tillögur allar saman líta vel út á blaði. Það gerði hins vegar líka fyrirkomulagið sem var haft á þegar krónunni var fleytt árið 2001 en gekk svo ekki upp. Það er nefnilega eitt að vera með svona varúðarreglur sem líta vel út á blaði. Það er annað að koma þeim til framkvæmda og það er það þriðja að fylgja þeim eftir. Það þarf að vera algjörlega tryggt að skrefum tvö og þrjú verði fylgt eftir og í því pólitíska umhverfi sem við búum við líst mér eiginlega frekar illa á framhaldið,“ segir **Þór Saari**, þingmaður Hreyfingarinnar, og heldur áfram: „Ég er einnig skeptískur á þessa leið vegna þess að ég er almennt skeptískur, að fenginni reynslu, á að við getum haldið krónunni hér áfram sem gjaldmiðli án þess að það verði almenningi til skaða enn eina ferðina.“ Þá segir Þór mikilvægast nú að skoða aðrar leiðir í gjaldmiðilsmálum og lítur hann þá helst til upptöku annars gjaldmiðils og afnáms verðtryggingar.

## ILLA BRENND AF ÓVÖRÐU HAGKERFI



„Fyrir mitt leyti er ég tilbúinn að skoða allt sem þarna er talið upp,“ sagði **Steingrímur J. Sigfússon**, formaður vinstri grænna, í Klinkinu, viðtalsþætti um efnahags- og þjóðfélagsmál á Vísi, 2. september. „Við erum náttúrulega mjög illa brennd af því hversu óvarið hagkerfið reyndist og hversu opnar áhætturnar voru hjá ýmsum aðilum. Það hefur bersýnilega sýnt sig að það er til dæmis ekki mjög skynsamlegt að innlendir aðilar með tekjur í krónum skuldsetji sig stórlega í erlendum myntum og séu óvarðir fyrir áhættu því tengdri.“ Þá sagðist Steingrímur fagna vinnu Seðlabankans sem væri liður í víðtækari undirbúningi sem miðaði að því að skilgreina skipulag efnahagsmála hér á landi til framtíðar.


f í TRAVEL

ARCTICA FINANCE

## Ferðaskrifstofa Íslands ehf. í söluferli

Academy S.a.r.l. hefur falið Arctica Finance að annast sölu á öllu hlutafé í Ferðaskrifstofu Íslands ehf.

Ferðaskrifstofa Íslands er stærsta ferðaskrifstofa landsins og markaðssetur hún ferðir undir vörumerkjum Úrvals Útsýnar, Sumarferða, Plúsferða og Hekla Travel.

Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem að mati seljanda geta sýnt fram á að hafa viðeigandi þekkingu og fjárfestingargetu umfram 500 milljónir króna. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu, meðal annars ef fyrir hendi eru lagalegar hindranir á því að viðkomandi fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, til dæmis vegna samkeppnisreglna.

Nánari upplýsingar um söluferlið má finna á vef Arctica Finance, www.arctica.is, í síma 513-3300 og um netfangið FITravel@arctica.is.

Frestur til að skila óskuldbindandi tilboði er kl. 16:00 þann 28. september 2012.

ÚRVAL-ÚTSÝN plús FERÐIR www.plusferdir.is SUMARFERÐIR VIÐSKIPTAFERÐIR ÚÚ

# Styrktu stöðu þína

## Námskeið á haustmisseri á sviði stjórnunar og fjármála



### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Lestur ársreikninga
**skráningarfrestur til 17. september**

Fjármála- og eiginfjárgerningar skv. IFRS - grunnatriði
**skráningarfrestur til 24. september**

Excel I
**skráningarfrestur til 25. september**

Gerð viðskiptaáætlana – í fimm skrefum
**skráningarfrestur til 27. september**

Sameignarfélög, stofnun, slit og skattlagning
**skráningarfrestur til 1. október**

Framtíð íslensku krónunnar
**skráningarfrestur til 1. október**

Áhættugreining fyrir stjórnendur
**skráningarfrestur til 2. október**

Greining ársreikninga og notkun upplýsinga úr bókhaldi við stjórnun
**skráningarfrestur til 8. október**

Skattlagning tímabundinnar vinnu erlendis
**skráningarfrestur til 16. október**

Rekstur smáfyrirtækja
**skráningarfrestur til 18. október**

Excel II
**skráningarfrestur til 23. október**

Mismunandi félagaform – skattlagning hagnaðar og úttektar úr rekstri
**skráningarfrestur til 5. nóvember**

Skuldabréf
**skráningarfrestur til 7. nóvember**

Alþjóðlegur skattaréttur
**skráningarfrestur til 12. nóvember**

Virðisrýrnunarpróf fastafjármuna og óefnislegra eigna
**skráningarfrestur til 4. desember**

**IFRS – alþjóðlegir reikningsskilastaðlar:**

1. Tekjur birgðir, viðskiptakröfur
**skráningarfrestur til 1. nóvember**

2.Fastafjármunir, óefnislegar eignir og virðisrýrnun eigna
**skráningarfrestur til 7. Nóvember**

3. Starfsþáttayfirlit, tengdir aðilar og gengisbreytingar
**skráningarfrestur til 14. nóvember**

4. Dóttur- og hlutdeildarfélög, samrekstur, samstæðu- og sérgreind reikningsskil
**skráningarfrestur til 21. nóvember**

5. Tekjuskattur, fjárfestingar í hluta- og skuldabréfum, skuldir
**skráningarfrestur til 28. nóvember**

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Managing Yourself and Leading Others
**BIÐLISTI**

Notkun sviðsmynda (scenartios) við gerð rekstraráætlana
**hefst 17. september**

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
**skráningarfrestur til 15. september**

Að viðhalda neistanum sem stjórnandi
**skráningarfrestur til 24. september**

Notkun sviðsmynda (scenarios) fyrir stefnumótun og rekstur fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga
**skráningarfrestur til 26. september**

Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness
**skráningarfrestur til 27. september**

Breytingastjórnun: Einstaklingurinn og breytingar
**skráningarfrestur til 1. október**

Vinnan þín – sérstaða þín – ástríðan þín
**skráningarfrestur til 2. október**

Virk hlustun
**skráningarfrestur til 2. október**

Gerð gæðahandbókar fyrir vef
**skráningarfrestur til 4. október**

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
**skráningarfrestur til 9. október**

Stjórnun og leiðtogahæfni
**skráningarfrestur til 16. október**

Stefnumiðuð starfsþróun og mælingar á árangri fræðslumála
**skráningarfrestur til 17. október**

Grunnatriði í áhættustjórnun í verkefnum
**skráningarfrestur til 17. október**

Expanding your sales in export markets
**skráningarfrestur til 19. október**

Enterprise Information Technology: Strategies for Complex System Implementations
**skráningarfrestur til 25. október**

Hrós, hvatning og jákvæð endurgjöf
**skráningarfrestur til 6. nóvember**

Fíknisjúkdómar, íhlutun og erfið starfsmannamál
**skráningarfrestur til 12. nóvember**

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum
**skráningarfrestur til 14. nóvember**

Sáttamiðlun
**skráningarfrestur til 15. nóvember**

## Ef fyrirtæki eða stofnun skrá fimm eða fleiri á námskeið er veittur 20% afsláttur

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

Hin hliðin



RÚNA MAGNÚSDÓTTIR

# Forstjórinn ÞÚ í fyrirtækinu „ÉG“

Það var árið 1997 sem Tom Peters, einn dálkahöfunda hjá Fast Company, skrifaði grein undir yfirskriftinni „THE BRAND CALLED YOU!“ eða „Vörumerkið þú!“ Greinin vakti viðbrögð um allan heim og opnaði augu fólks fyrir því að verða meðvitaðra um fyrir hvað það stendur, fyrir hvað það vill verða þekkt og hvaða tilfinningu það vill kveikja í hugum samferðafólks síns. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá erum við þegar komin með ákveðið orðspor, við erum þegar komin með ákveðna ímynd í hugum fólks þegar nafn okkar ber á góma. Spurningin er hvort það sé sú ímynd sem við viljum vera þekkt fyrir? Þetta var árið 1997, löngu fyrir tíma Facebook, LinkedIn, Twitter og hundruða annarra samfélagssíðna, bloggsíðna og annarra netmiðla. Í dag lifum við í heimi þar sem allt gengur út á gegnsæi einstaklingsins og þátttöku hans á samfélagsmiðlum. Orð, athafnir okkar og atferli sem einstaklingar hafa aldrei verið sýnilegri fyrir alheiminum og um leið haft úrslitaáhrif á þá ímynd sem við höfum og allt gerist þetta í rauntíma.

### Hvað segja Google-niðurstöður um þig og fyrirtækið þitt „ÉG ehf.“?

Hvort sem þú ert að fara á blint stefnumót eða á viðskiptafund með nýjum aðilum, þá er viðmælandi þinn að öllum líkindum búinn að gúgla nafnið þitt til að kanna nánar hver þú ert og fyrir hvað þú stendur. Rannsóknir hafa sýnt að það tekur undirmeðvitund okkar innan við mínútu að ákveða hvort okkur líkar eða líkar ekki við eitthvað/einhvern. Við tökum ákvörðun á augabragði hvort við treystum viðkomandi eða ekki, og traust er vissulega ein nauðsynlegasta undirstaða í öllum viðskiptum.

### Hvað segir LinkedIn-prófíllinn þinn um þig?

Með því að vera með vel útfærðan prófíl á LinkedIn ertu hluti af alþjóðlegu samfélagi 175 milljóna manna og kvenna í atvinnulífinu um heim allan. Þar sem íslenskt atvinnulíf er samtengt alþjóðlegu atvinnulífi getur þessi eini prófíll opnað ný viðskiptatækifæri fyrir þig og vörumerki þitt! Vel uppsettur og útfærður LinkedIn-prófíll, sem sýnir sérstöðu þína á samkeppnismarkaði, verður að uppfylla sjö lykilatriði innan leitarkerfis LinkedIn svo að þitt nafn komi upp í leitarniðurstöðum vefsins. Slíkur prófíll er að mínu mati eitt af því nauðsynlegasta sem þú þarft að huga að til að vinna að því að efla orðspor þitt og ímynd í atvinnulífinu, skapa þér traust og byggja upp það persónulega vörumerki sem þú vilt standa fyrir.
Fyrir hvað stendur ÉG ehf.?






FítonSÍA

Á Íslandi þurfa nokkur börn að takast á við ólæknandi sjúkdóma og erfiðleika sem mörgum hinna fullorðinna væri um megn. Öll fjölskyldan berst og þjáist með og enginn veit hvar illvíga sjúkdóma ber næst niður. En við getum hjálpað þessum ungu hetjum í baráttunni og með því að kaupa ***Á allra vörum*** gloss frá Dior leggur þú þitt lóð á vogarskálarnar!

**Eftirtaldir staðir selja *Á allra vörum* gloss**
- Fríhöfnin, Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Snyrtivöruverslanir Hagkaups um land allt
- Lyf og heilsa um land allt
- Lyfja um land allt
- Hygea, Kringlunni og Smáralind // Sigurboginn // Snyrtivöruverslunin Glæsibæ // Ólöf snyrtistofa, Selfossi // Jara, Akureyri
- Einnig er hægt að kaupa gloss á www.aallravorum.is

Dior vistor MEDOR FÍTON truenorth

Á ALLRA VÖRUM
www.aallravorum.is

Fjölnota LITA prentari með netkorti


CLX-3185FN

**LITAPRENTARI, SKANNER og FAX**
Prenthraði: 16 bl./mín. svörtu og 4 bl/lit
Upplausn: 2400x600dpi

**SKANNI OG LJÓSRITUN:**
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
**FAX:** Minni 2MB, 160 síður
Skannar skjöl og vistar beint á minniskubb í JPEG eða PDF sniði.

Pappírsbakki inn/út: 130/80 blöð
Minni: 256 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux. Pcl5, Pcl6
Tenging: 100mbps LAN, USB 2.0

**Tilboðsverð: 69.900 kr.**

Fjölnota prentari með netkorti


SCX-4825FN

**PRENTARI, SKANNER og FAX**
Prenthraði: 24 bl./mín.
Fyrsta blaðsíða: 10 sek.
Upplausn: 1200x1200dpi

**SKANNI OG LJÓSRITUN:**
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
**FAX:** Leshraði: um 3 sek. pr. síðu

Pappírsbakki inn/út: 250/150 blöð
Minni: 128 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet

**Tilboðsverð: 59.900 kr.**

LITA-laserprentari með netkorti


CLP-670N

**PRENTARI**
Prenthraði: 24 bl./mín. í svarthvítu, 24 bl./mín. í lit
Fyrsta blaðsíða út: 20 sek.
Upplausn: 9600x600dpi
Minni: 256MB
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Pappírsbakki út: 200 blöð
Hljóðmagn: < 52dB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet 10/100 Base TX

**Tilboðsverð: 45.900 kr.**

SAMSUNG
HÁGÆÐA VINNUDÝR á UNDRAGÓÐU VERÐI!

ORMSSON
Umboðsmenn um land allt · Sjá nánar á www.ormsson.is
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

# ÞRJÁR SJÓÐHEITAR KILJUR

## Hún er komin!

Þriðju og síðustu bókina í Hungurleika-seríunni þarf vart að kynna því þúsundir viðskiptavina okkar hafa gleypt í sig fyrri bækurnar. Hermiskaði mun engan svíkja!

**TILBOÐ kr. 2.299,-**
Verð áður kr. 2.699,-

Einnig fáanleg innbundin.




KOMIN




**1.**
Kiljulisti Eymundsson

**Þessi er án efa umtalaðasta bók ársins. Bókin hefur selst í tugmilljónum eintaka um allan heim og er nú í fyrsta sæti á kiljulista Eymundsson um land allt.**

**TILBOÐ kr. 2.799,-**
Verð áður kr. 3.299,-




**2.**
Kiljulisti Eymundsson

★ ★ ★ ★

**„... einfaldlega besta spennusagan á markaðnum nú um stundir.“**
Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið

**TILBOÐ kr. 2.299,-**
Verð áður kr. 2.699,-

Tilboð gildir til og með 19.09.12


VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



5% aukaafsláttur af tilboðum.
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# tímamót

timamot@frettabladid.is



37 **ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN** leikkona á afmæli í dag

*„Lífið er það stutt að við eigum að nýta tækifærin sem við höfum, vera saman og njóta þess. Njóta lífsins og ekki alltaf vera að hugsa um að við höfum fleiri tækifæri á morgun.“*

FYRIRLESTRARÖÐ MARK: HINSEGIN UPPELDI VIÐFANGSEFNI DAGSINS

# Margbreytileikafræði í víðum skilningi í hádegisfyrirlestrum

MARK, Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna, er rannsóknamiðstöð á félagsvísindasviði Háskóla Íslands og sameinar allt sviðið,“ segir Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði og formaður stjórnar MARK, spurð um hvað starfsemi miðstöðvarinnar snúist. „Þetta er sem sagt vettvangur fyrir rannsóknir fræðimanna á félagsvísindasviði. Miðstöðin spratt upp úr skipulagsbreytingunum við Háskólann haustið 2008 og formlegur stofnfundur var haldinn í janúar 2011. Síðan hefur starfsemin verið öflug, til dæmis byrjaði fyrirlestraröðin okkar strax tíu dögum eftir stofnfundinn,“ segir Þorgerður.

Fyrirlestrar haustsins eru af margvíslegum toga. Í hádeginu í dag flytur Svandís Anna Sigurðardóttir fyrirlesturinn Hinsegin mæður og börn þeirra, sem byggir á M.A.-ritgerð hennar þar sem hún skoðaði hvort kyngerðir, kynímyndir og kynhneigð væru ítrekaðar eða afbyggðar í lesbískum samböndum. Þann 26. september flytur Jónína Einarsdóttir fyrirlestur sem hún nefnir Í sveit – kynjað uppeldi og þann 10. október verður opinn umræðufundur um jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum undir stjórn Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur og Svandísar Önnu Sigurðardóttur.

Þessi uppröðun bendir til áherslu á kynjafræði en Þorgerður segir svo alls ekki vera. „Það er í raun tilviljun að þetta hefur raðast svona upp í haust,“ segir hún. „Það hafa verið mjög fjölbreyttir fyrirlestrar hjá okkur og þeir halda áfram að vera það þegar líður á haustið. Þetta er margbreytileikafræði í víðum skilningi, en vissulega er kynjafræðin sterk og margir þessara fræðimanna með kynjasjónarmið, en ekki allir. Til dæmis fjallar Ásta Snorradóttir um bankastarfsmenn eftir hrun í nóvember og það verður ráðstefna um félagsvísindi þann 26. október, Þjóðarspegill, þar sem verða margar málstofur um ólík efni sem rúmast innan félagsvísindasviðs.“

fridrikab@frettabladid.is



**STJÓRNARFORMAÐUR** Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði, segir MARK vera vettvang fyrir rannsóknir fræðimanna á Félagsvísindasviði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## MARKMIÐ MARK

Á heimasíðu MARK er hlutverk miðstöðvarinnar skilgreint þannig: MARK sinnir rannsóknum á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða. MARK stuðlar að innlendu og erlendu samstarfi á fræðasviðinu, sinnir ráðgjöf og rannsóknatengdum þjónustuverkefnum, kynnir niðurstöður rannsókna með útgáfu, fyrirlestrum, fræðslufundum, málþingum og ráðstefnum. MARK tekur þátt í stefnumótun, umræðu og framþróun á sviðinu í samstarfi við opinbera aðila, atvinnulíf og þjóðlíf.

---



Elskulegur bróðir okkar og frændi,

**GUNNLAUGUR ELÍSSON**
**efnafræðingur,**
**Espigerði 10, Reykjavík,**

lést 6. september sl. Útförin fer fram frá Grensáskirkju mánudaginn 17. september kl. 15.00.

**Systkini og fjölskyldur.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GÍSLÍNA GUÐLAUG ÁRNADÓTTIR**
**Mörkinni, Suðurlandsbraut 66,**

sem lést föstudaginn 7. september verður jarðsungin frá Fossvogskapellu föstudaginn 14. september kl. 13.00.

**Jóhanna Kristín Björnsdóttir**
**Viðar Björnsson**
**Sigurjón Stefán Björnsson** **Björk Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**ARNÞÓRS BJÖRNSSONAR**
**Holtateigi 28,**
**Akureyri.**

**Anna Sigríður Arnþórsdóttir** **Tryggvi Jónsson**
**Birna Margrét Arnþórsdóttir** **Steinar Magnússon**
**Drífa Þuríður Arnþórsdóttir** **Mark Siddall**
**afa- og langafabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**LOFTUR ÞORKELSSON**
**Melgerði 15, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að kvöldi 9. september.

**Védís Þórhalla Loftsdóttir** **Sigurður Ásgeirsson**
**Elfar Reifnir Loftsson**
**Bergþóra Ósk Loftsdóttir**
**systur, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**GRÉTARS SIGURÐSSONAR**
**bókbindara,**
**Hvassaleiti 109.**

Starfsfólki á deild 13E á Landspítalanum sendum við sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun. Einnig sendum við þakkir til Félags bókargerðarmanna.

**Ingveldur Fr. Sigmundsdóttir**
**Sigmundur Þ. Grétarsson** **Eirný Valsdóttir**
**Ómar Grétarsson**
**Rúnar Grétarsson** **Jóna Grétarsdóttir**
**Guðrún Erla Grétarsdóttir** **Anton Brink Hansen**
**og barnabörn.**

---



Hjartans þakkir til ykkar allra sem heiðruðuð minningu mannsins míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**ÓLAFS BENEDIKTSSONAR**
**Gautlandi 7,**

með nærveru ykkar, heimsóknum, blómum og gjöfum. Einnig þökkum við læknum og hjúkrunarfólki sem önnuðust Óla í margvíslegum veikindum hans. Guð blessi ykkur öll.

**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Hallfríður Ólafsdóttir** **Sigurður Leifsson**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Ingi Ragnar Pálmarsson**
**Hildur Sigurðardóttir** **Henry Birgir Gunnarsson**
**Una Björk Sigurðardóttir**
**Sigrún Ýr Sigurðardóttir**
**Kári Ingason**
**Dagur Ingason**
**Ísak Daði Henrysson**
**Ísabella Henrysdóttir**

---



Minningarathöfn vegna eiginkonu, móður, systur og ömmu,

**EDDU LARSEN KNÚTSDÓTTUR**

verður í Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 14. september kl 13.00 en ekki kl 14.00 eins og birtist í Fréttablaðinu 11. september.

**F. h. aðstandenda**
**Ásgeir Sölvason**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**ÖNNU STEINUNNAR ÁGÚSTSDÓTTUR.**

**Kjartan Bjargmundsson**
**Elsa Kjartansdóttir**
**Bjargmundur Ingi Kjartansson**
**Ingibjörg Kjartansdóttir**
**Ragnheiður Ólína Kjartansdóttir**
**Ágúst H. Elíasson**
**Elsa Vestmann Stefánsdóttir** **Birgir Sigurðsson**
**Einar Ingi Ágústsson** **Ásta Margrét Guðlaugsdóttir**
**Elías Halldór Ágústsson** **Kristín Vilhjálmsdóttir**
**Eva Ágústsdóttir**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

**HANNA JÓNSDÓTTIR**
**Hrísateig 26,**
**Reykjavík,**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 3. september, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju föstudaginn 14. september kl. 11.00.

**Júlíus Óskar Sigurbjörnsson**
**Margrét Gróa Júlíusdóttir**
**Jón Júlíusson** **Ragna Ingimundardóttir**
**Sigurður Tryggvi Júlíusson** **Sirigorn Inthaphot**
**Kristín Ósk Júlíusdóttir**
**systkini og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTBJÖRG HÉÐINSDÓTTIR**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík, 5. september, verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju föstudaginn 14. september kl. 13.00.

**Helga Jónína Stefánsdóttir** **Guðmundur A. Hólmgeirsson**
**Hjördís Stefánsdóttir** **Haukur Tryggvason**
**Héðinn Stefánsson** **Hjördís Garðarsdóttir**
**Sigurjón Pétur Stefánsson** **Sigurlaug Sigurpálsdóttir**
**ömmu- og langömmubörnin.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

BÓKA LAGERSALA




**Næg bílastæði og kaffi á könnunni**

# RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 2500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

## Opið alla daga kl. 10–19




25% afsláttur

HVAR ER VALLI?
**Nú: 1.790 kr.**
Verð áður: 2.390 kr.




25% afsláttur

HVAR ER VALLI NÚNA?
**Nú: 1.790 kr.**
Verð áður: 2.390 kr.




25% afsláttur

LEGO – NINJAGO
**Nú: 2.990 kr.**
Verð áður: 3.990 kr.




22% afsláttur

GAMLINGINN SEM SKREIÐ ÚT UM GLUGGANN ... – KILJA
**Nú: 1.790 kr.**
Verð áður: 2.290 kr.




57% afsláttur

FRÖNSK SVÍTA
**Nú: 1.990 kr.**
Verð áður: 4.590 kr.




33% afsláttur

PÉTUR OG ÚLFURINN
**Nú: 1.990 kr.**
Verð áður: 2.950 kr.




36% afsláttur

1000 DRAUMARÁÐNINGAR
**Nú: 1.590 kr.**
Verð áður: 2.490 kr.



87% afsláttur

STJÓRNARSKRÁ LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
**Nú: 99 kr.**
Verð áður: 740 kr.




31% afsláttur

DÁVALDURINN – KILJA
**Nú: 1.590 kr.**
Verð áður: 2.290 kr.




33% afsláttur

RÍKISFANG: EKKERT
**Nú: 1.990 kr.**
Verð áður: 2.990 kr.




2 fyrir 1

SAFAR OG ÞEYTINGAR

DETOX – 14 LEIÐIR TIL AÐ HREINSA LÍKAMANN OG STYRKJA VARNIR HANS

**Verð: 1.690 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** lappi, **6.** pot, **8.** mál, **9.** rönd, **11.** 950, **12.** sneið, **14.** bæ, **16.** í röð, **17.** nár, **18.** stefna, **20.** samtök, **21.** eignarfornafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, **3.** bardagi, **4.** land í SA-Asíu, **5.** angan, **7.** agn, **10.** óvild, **13.** hlaup, **15.** hrumur, **16.** rámur, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sami, **6.** ot, **8.** tal, **9.** rák, **11.** lm, **12.** flaga, **14.** bless, **16.** hí, **17.** lík, **18.** átt, **20.** aa, **21.** sitt.

**LÓÐRÉTT: 1.** torf, **3.** at, **4.** malasía, **5.** ilm, **7.** tálbiti, **10.** kal, **13.** gel, **15.** skar, **16.** hás, **19.** tt.






# Sjónvarpið mitt

**BAKÞANKAR**
**Svavar Hávarðsson**



Stofan mín er á stærð við leikteppi tveggja ára gamals barns. Í öndvegi stendur þar forláta túbusjónvarp af Grundig-gerð, fjórtán ára gamalt. Það er á stærð við tönn á traktorsgröfu og myndgæðin á 29 tommu skjánum eru satt best að segja engin. Þetta tvennt, stofan mín og Grundigginn, eiga illa saman en einhverra hluta vegna fæ ég það ekki af mér að skilja á milli og bjóða nýtt sjónvarp velkomið í húsið. Fyrir því eru fleiri en ein ástæða. Hér verður aðeins fjallað um eina þeirra.

**EINHVERN** tímann á því herrans ári 1998 vantaði mig sjónvarp. Á þeim tíma voru þessi tæki dýr en ég lét það ekki fara í taugarnar á mér. Ég hafði í huga orð föður míns að þegar ráðist væri í stærri sem smærri fjárfestingar ætti að hafa það að leiðarljósi að kaupa „einu sinni gott". Eins háttaði svo til á þessum tíma að ég hafði alveg efni á því að kaupa mér kjörgrip, og leit því ekki við öðru. Ég staðsetti Grundig Megatron 100Hz í verslun einni og gerði að því skóna að ganga frá kaupunum. Fyrir tækið þurfti ég að reiða fram 199.900 krónur.

**ÞÁ** kom inn óvæntur vinkill á málið. Mér bauðst yfirdráttarheimild hjá fjármálafyrirtæki sem ég átti ekki í neinum viðskiptum við. Ég hafði á þessum árum [lesist: hef] ekki nokkurt einasta vit á fjármálum svo ég tók þessari nýju fjármögnunarleið fyrir sjónvarpið mitt tveimur höndum. Upphæðin var 200.000 svo þetta skítsmall allt saman. Ég ætlaði svo að greiða þetta niður með jöfnum afborgunum, eins og menn gera þegar þeir taka lán.

**ÞETTA** gekk ekki eftir. Ég keypti vissulega sjónvarpið en yfirdráttarheimildin var alltaf þarna fullnýtt. Það var svo á útmánuðum ársins 2010 að ég fékk símtal frá þjónustufulltrúa þar sem mér var tjáð að mér stæðu til boða tveir kostir. Greiða yfirdráttinn að fullu eða borga hann niður með jöfnum afborgunum á næstu fjörutíu mánuðum. Ég gekk að þeim síðari.

**ÉG** er þess vegna nýbyrjaður að borga niður sjónvarp sem ég keypti haustið 1998, og á töluvert eftir. Mér telst til að ég hafi núna borgað 24 sinnum fimm þúsund kall, en það var svipað og ég borgaði í vexti 144 mánuði þar á undan að meðaltali. Það er þá ekki nema 80 þúsund krónur eftir og þá er sjónvarpið loksins mitt.

**900.000?** Smá plús eða mínus. Nei, það getur ekki verið. Yfirdráttarskuldir heimilanna hafa vaxið um marga milljarða frá hruni. Það geta ekki allir verið jafn vitlausir og ég að reikna.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott





## Tertio

Hæðarstilling

Dýptarstilling setu

Samhæfð stilling setu og baks-fylgir hreyfingum notandans

Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd

Bólstruð seta og netbak

Með hæðarstillanlegum örmum

Mjúk eða hörð hjól

**5 ára ábyrgð**

**POTTÞÉTT PENNA TILBOÐ**

**TERTIO 49.900 KR.**
VERÐ ÁÐUR ~~79.900 KR.~~

**30.000 KR. AFSLÁTTUR**

# BAKHJARLAR HEIMA



## Dealer

Hæðarstilling

Hæðarstillanlegt bak fylgir hreyfingum notandans fram og aftur

Með eða án fastra arma

Mjúk eða hörð hjól

Bólstruð seta og bak

Fæst með hækkun og fóthring

**5 ára ábyrgð**

**DEALER 19.900 KR.**
VERÐ ÁÐUR ~~24.900 KR.~~



## Prima lampi grár

**14,900 KR.**
VERÐ ÁÐUR ~~24,900 KR.~~

**10.000 KR. AFSLÁTTUR**

Tilboð gilda út september 2012.



## Penninn Húsgögn - Grensásvegi 11 (Skeifunni)

Í sýningarsal húsgagna getur þú kynnt þér úrvalið af þeim húsgögnum sem Penninn býður. Þar getur þú fengið aðstoð sölumanna við að finna þá lausn sem hentar þér best. Penninn er einnig með sýningarsal á efri hæð við

Hafnarstræti 91-93 á Akureyri og þar aðstoða sölumenn þig og kynna þér úrval Pennans á sviði húsgagna og þjónustu.

Sími: 540-2330 | Netfang: husgogn@penninn.is | Virka daga: 8 – 18 | Laugardaga: 11 - 15

**SÍÐUSTU HÁDEGISTÓNLEIKARNIR** Kammerkórinn Schola cantorum syngur íslenska og erlenda kirkjutónlist í Hallgrímskirkju klukkan 12 í dag. Kórinn hefur haldið tónleika vikulega í allt sumar og eru þetta síðustu tónleikarnir á þessu hausti. Á efnisskrá tónleikanna í dag eru meðal annars verk af nýútkomnum geisladiski Schola Cantorum, Foldarskarti. Miðaverð er 1.500 krónur en listvinir Hallgrímskirkju fá tuttugu prósenta afslátt.

# Dansað um tilvist mannsins

**Listdans, myndlist, tónlist og ljós leggjast á eitt í verkinu Dúnn eftir dansdúettinn Litlar og nettar sem frumsýnt verður í Tjarnarbíó á föstudag. Í verkinu er ekki lítið undir, sjálf tilvist mannsins og sólin.**

Dúettinn Litlar og nettar skipa þær Berglind Pétursdóttir og Ásrún Magnúsdóttir sem útskrifuðust af listdansbraut Listaháskóla Íslands í fyrra. Berglind og Ásrún höfðu unnið mikið saman í LHÍ og voru staðfastar í að halda samstarfinu áfram að lokinni útskrift. Í mars síðastliðnum settust þær niður og hófu hugmyndavinnu að nýju verki og ákváðu að ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur heldur fjalla um tilvist mannsins og sólina. „Þetta tvennt tengist traustum böndum,“ segir Berglind, „þegar við byrjuðum að fjalla um tilvistina gátum við ekki látið sólina afskipta.“

Eftir um mánaðarvinnu fengu þær Berglind og Ásrún þrjá aðra listamenn af ólíkum sviðum til liðs við sig: Ásu Dýradóttur myndlistarkonu, Áka Ásgeirsson tónlistarmann og Jóhann Bjarna Pálmason ljósameistara, sem lögðu öll sitthvað til verksins. „Þetta er allt fólk sem við þekktum úr einni eða annarri átt,“ segir Berglind. „Áki kenndi okkur til dæmis í LHÍ og við þekktum Ásu og Snorra líka. Þau tóku vel í þessa hugmynd þegar við bárum hana undir þau og það varð til þessi klíka.“

Útkoman er sýning sem Berglind og Ásrún lýsa sem allt í senn dansverki, gjörningi, ljósverki og leikriti.

„Dúnn er sjónarspil,“ segir Berglind. „Við unnum þetta mjög abstrakt; þetta byggir mikið á hreyfitjáningu, eðli málsins samkvæmt, en líka á myndum, vídeóverkum, tónlist og fleiri miðlum. Við höfum verið að prófa okkur mikið áfram á meðan undirbúningur stóð.“

Dúnn verður sem fyrr segir frumsýnt á föstudag. Verkið verður sýnt alls sex sinnum. Verkið var unnið með styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem veitti 2,8 milljónir króna til verksins. Nánari upplýsingar um verkið má finna á heimasíðu þess, http://dunn2012.tumblr.com/. **bergsteinn@frettabladid.is**



**DÚNN** Berglind og Ásrún unnu grunngerð verksins saman en fengu síðar Ásu Dýradóttur, Áka Ásgeirsson og Jóhann Bjarna Pálmason til liðs við sig. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tónlistarleg ekkólalía

Tónlist ★★★☆☆

**Upphaf Norræns kirkjulistarmóts**
Ýmsir flytjendur

**Hallgrímskirkja, 6. september**

Maður hefði haldið að undir kirkjutónlist flokkaðist eingöngu músík sem hefði trúarlega skírskotun. Svo þarf ekki að vera. Áður en Salurinn í Kópavogi, og síðar Harpan, kom til sögunnar, fór stór hluti tónlistarlífs þjóðarinnar fram í kirkjum. Þar hafa verið flutt alls konar verk, bæði trúarleg og veraldleg.

Þetta endurspeglaðist í dagskrá opnunartónleika Norræns kirkjutónlistarmóts. Hún var sett á fimmtudagskvöldið í Hallgrímskirkju. Trúarleg verk voru á dagskránni, eftir Jón Nordal, Þorkel Sigurbjörnsson og Mist dóttur hans. En einnig var fluttur orgelkonsert eftir Hjálmar H. Ragnarsson. Hann virtist í fljótu bragði ekki hafa mikla trúarlega skírskotun. Nema auðvitað að vera fyrir orgel.

Ég er reyndar ekki alveg viss um að hann hefði átt að vera á dagskránni yfir höfuð. Konsertinn hljómaði jú eins og hann væri haganlega gerður, hann var gæddur innra samræmi, þótt lokakaflinn væri óneitanlega dálítið snubbóttur. Verra var hversu endurtekningarsamur hann var. Einhvers konar tónlistarleg ekkólalía sveif yfir vötnunum í fyrstu tveimur köflunum af þremur. Þrástefjun getur auðvitað verið mjög áhrifarík, en hér var hún eins og maður sem segir allt tvisvar. Fyrir bragðið vantaði flæðið í tónlistina. Hún var of fyrirsjáanleg.

Konsertinn var samt vel fluttur. Einleikari var Guðný Einarsdóttir. Hún spilaði skýrt og af krafti. Túlkun hennar var stílhrein og hnitmiðuð. Og hljómsveitin spilaði fallega undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Sömu sögu er ekki að segja um verk Mistar Þorkelsdóttur. Það bar nafnið Hugleiðingar um síðustu stundir Kolbeins Tumasonar. Kolbeinn (1173 - 1208) orti sálminn Heyr himna smiður skömmu áður en hann lét lífið



í Víðinesbardaga. Hugleiðing Mistar er um sálminn, sem faðir hennar tónsetti (og var sunginn á tónleikunum). Verkið er fyrir strengjasveit og rörklukkur, og var alls ekki nógu vel spilað. Strengjaleikararnir úr Sinfóníuhljómsveit Íslands voru ósamtaka, leikurinn var loðinn og ómarkviss. Tónlistin sjálf er líka fremur svipLaus. Flutningurinn þarf að vera sérstaklega vandaður til að fábrotnar línurnar hverfi ekki með öllu.

Langtilkomumestir voru Óttusöngvar á vori eftir Jón Nordal. Þeir voru samdir árið 1993, en voru hér frumfluttir í hljómsveitarbúningi. Einsöngvarar voru þau Þóra Einarsdóttir sópran og kontratenórinn Tobias Nilsson. Einnig sungu Mótettukór Hallgrímskirkju og Hljómeyki. Textinn er bæði hin klassísku Kyrie, Sanctus og Agnus Dei, en líka Sólhjartarljóð eftir Matthías Johannessen.

Verkið var hástemmt, þungbúið, hrífandi ljóðrænt og skreytt ákaflega fallegum laglínum. Flutningurinn var glæsilegur, Nilsson söng prýðilega og Þóra var einfaldlega frábær. Það var hreinn unaður að hlusta á hana syngja. Röddin var tær og hljómmikil, laglínurnar fagurlega mótaðar. Kórinn söng líka vel og hljómsveitin var mun betri en í verkinu eftir Mist. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Nokkuð misjafnir tónleikar; upp úr stendur einstaklega fallegt verk eftir Jón Nordal.





ÞÚ TREYSTIR HONUM
EN GÆTI VERIÐ AÐ BARNIÐ ÞITT ÞEKKI HANN BETUR EN ÞÚ?

93% barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þekkja gerandann*
Almenningsvitund er sterkasta vopnið gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum
Upplýstir foreldrar vernda börn
www.blattafram.is

TIL BÓKAÚTGEFENDA:

Bókatíðindi 2012

Skráning nýrra bóka í Bókatíðindi 2012 er hafin.

Útgefendur eru hvattir til að skrá bækur sínar sem allra fyrst en lokaskil vegna kynninga og auglýsinga er 19. október.

Bókatíðindum verður sem fyrr dreift á öll heimili á Íslandi.

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

Frestur til að leggja fram bækur vegna Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2012 er til 8. október nk.

Allar upplýsingar á skrifstofu Félags íslenskra bókaútgefenda.
Netfang: baekur@simnet.is

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA
www.bokautgafa.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG?

vísir - oft á dag

# MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10.00



*Sena kynnir*

# Elly Vilhjálms

*Minningartónleikar 13. október*

**HEIÐURSGESTIR**

*Raggi Bjarna, Jón Páll Bjarnason og Guðmundur Steingrímsson*

## PÓSTLISTA-FORSALA Í DAG KL. 14.00

Þeir sem eru skráðir á viðburðapóstlista Senu fá sendan póst með tengli sem gerir þeim kleift að kaupa miða samstundis.

Athugið að takmarkað magn miða er í boði í póstlistaforsölunni.

## ALLAR HELSTU SÖNGKONUR LANDSINS SAMANKOMNAR Á EINUM STAÐ

### ÁSAMT STÓRSKOTALIÐI KARLSÖNGVARA, HRYNSVEIT, BLÁSURUM OG STRENGJASVEIT

### Á GLÆSILEGUM STÓRTÓNLEIKUM Í HÖLLINNI



ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON



ÚTSETNINGAR & STJÓRN STÓRSVEITAR SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON  STJÓRN STRENGJASVEITAR GRÉTA SALÓME
HANDRIT & LAGAVAL GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · GUNNAR HELGASON · MARGRÉT BLÖNDAL · SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON
SVIÐSMYND MÓEIÐUR HELGADÓTTIR  BÚNINGAR ELLEN LOFTSDÓTTIR
KYNNIR MARGRÉT BLÖNDAL  LEIKSTJÓRI GUNNAR HELGASON

www.sena.is/elly

MIÐASALA Á MIÐI.IS, Í VERSLUNUM BRIM LAUGAVEGI OG KRINGLUNNI OG Í SÍMA 540-9800

sena

# Eðlumaðurinn mætir í Súlnasal

„Þetta er í fyrsta skipti sem sýningin er haldin og við eigum von á mörgum af stærstu nöfnum tattúheimsins,“ segir Fjölnir Geir Bragason, betur þekktur sem Fjölnir tattú, um hátíðina Icelandic tattoo expo, sem verður haldin í Súlnasal Hótels Sögu um helgina.

Von er á um 35 erlendum og tíu íslenskum húðflúrurum á sýninguna. „Sumt af þessu fólki er með upp í tveggja ára langa biðlista svo það er geggjað að hafa tækifæri til að komast að hjá þeim,“ segir hann en hægt verður að fá flúr á sýningunni. Óski fólk þó eftir því að vera skreytt af sérstökum flúrara mælir Fjölnir með að haft sé samband við þann aðila fyrir fram og pantaður tími. Hann nefnir sem dæmi flúrarann Colin Dale, sem er einn sá frægasti í bransanum og handstingur öll sín tattú.

Margir þekktir gatarar verða einnig á sýningunni og alls kyns viðburðir verða í boði. Þar má meðal annars nefna að japanski dansarinn Sana verður með danssýningu og ljósmyndarinn Mick verður með myndasýningu. „Mick hefur ferðast um heiminn og tekið myndir af húðflúri. Það er mjög áhugavert að sjá hvernig flúrið breytist eftir menningarsvæðum,“ segir Fjölnir. Hljómsveitin Contalgen Funeral spilar á laugardagskvöld og hinn frægi Lizardman mætir á svæðið, en hann er flúraður eins og eðla og með klofna tungu. „Svo verðum við með keppnir í gangi þar sem fólk getur mætt með flúrið sitt og átt möguleika á að komast í erlend tattúblöð,“ segir Fjölnir. **- trs**



**VINIR** Hér er Fjölnir með The Lizardman sem er væntanlegur á sýninguna um helgina. MYNDIR/EINKAEIGN



**LEIKSTJÓRAR** Nicolò Massazza og Iacopo Bedogni eru leikstjórar Tralala.

# Ítölsk mynd um Ísland

Glæný heimildarmynd um Ísland, séð með augum tveggja ítalskra listamanna, verður sýnd á Riff-hátíðinni. Hún nefnist Tralala og var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í síðustu viku við góðar undirtektir.

Leikstjórarnir, þeir Nicolò Massazza og Iacopo Bedogni, eyddu sex mánuðum á Íslandi í leit að innblæstri. Útkoman er mynd sem sýnir lífið á Íslandi korteri fyrir hrun. Fjölmargir Íslendingar tjá sig í myndinni, þ.á.m. Kári Stefánsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Bryndís Schram, Friðrik Þór Friðriksson, Elísabet Jökulsdóttir og Thor Vilhjálmsson heitinn.

Í aðdraganda Riff-hátíðarinnar verða haldin þrjú „pöbb-quiz“ á KEXI-hosteli. Hugleikur Dagsson verður spyrill á fyrsta kvöldinu fimmtudaginn 13. september.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 12. sept. 2012**

**Uppákomur**

**18.00** Listakonurnar María Kosmolinskaja og Ljúbov Osipova frá Rússlandi verða í sal MÍR, Hverfisgötu 105.

**20.00** Kaffihúsið Álafossi býður unnendum ljóða að njóta kvöldstunda með upplestri ljóða og tónlist í bland.

**22.00** Ari Eldjárn, Þórhallur Þórhalls og Leifur hressi koma fram á uppistandsseríu á Gullöldinni í Grafarvogi. Aðgangur er ókeypis.

**Tónlist**

**12.00** Kammerkórinn Schola cantorum mun syngja undir hvelfingu Hallgrímskirkju. Þetta eru síðustu tónleikar haustsins. Miðaverð er kr. 1.500.

**17.30** Sópransöngkonan Hallveig Rúnarsdóttir flytur íslensk þjóðlög í Salnum, Kópavogi. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Hljómsveitin Þrjár söngkonur og bandið skemmta á Café Rosenberg.

**21.00** Hörður Torfason heldur hausttónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | 7, 10(P) | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | 8, 10.10 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | 6 | L |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8, 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 - 11 | 2D | 16 |
| FROST Luxus VIP | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | VIP |
| BOURNE LEGACY | KL. 5:20 - 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | VIP |
| HIT AND RUN | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ísl. Tali | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ensku. Tali | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 - 11 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| HIT AND RUN | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |
| STEP UP: REVOLUTION | KL. 5:40 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 16 |
| HIT AND RUN | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE ísl. Tali | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FROST | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HIT AND RUN | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 4 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 - 10.45 | 12 |
| PARANORMAN 2D | KL. 3.30 | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 6 - 9 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE BOURNE LEGACY | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

EIN SÝNING Á MÁNUÐI AÐ EIGIN VALI INNIFALIN AUK MARGSKONAR ANNARRA FRÍÐINDA! bioparadis.is/klubburinn

TILNEFND TIL KVIKMYNDAVERÐLAUNA NORÐURLANDARÁÐS — STÆRSTA MYND DANA Á ÞESSU ÁRI — KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)

MIÐVIKUDAGUR: KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 17:20, 20:00, 22:40 ■ ELLES (ÞÆR) 17:50, 20:00, 22:10 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00, 20:00, 22:10 ■ HRAFNHILDUR 20:00, 22:00 ■ FJALLKONAN HRÓPAR Á VÆGÐ 18:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Við bjóðum 20% af bíómiðanum og meira popp og gos

Þegar þú greiðir með Stúdentakorti Íslandsbanka í Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri færðu stórt gos og popp á verði miðstærðar og 20% afslátt af bíómiðanum – alla daga.

*Sjáðu nánari upplýsingar um námsvild á islandsbanki.is*




*Afslátturinn gildir hvorki með öðrum tilboðum né á sýningar í lúxussölum.

www.facebook.com/Islandsbanki.Namsmenn

Við bjóðum góða þjónustu

Íslandsbanki

# Sony Center

www.sonycenter.is



## BYLTINGARKENNDAR MYNDAVÉLAR FRÁ SONY

Hraðvirkar, ótrúlega ljósnæmar og einfaldar í notkun!

**NEX-7**

Stórkostleg myndavél fyrir áhuga og atvinnumenn

- 24,2 Megapixel
- APS-C EXMOR myndflaga
- 10 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 229.990.-** Verð áður 259.990.-



**NEX-5ND**

Atvinnugæði í vasastærð

- 16,2 Megapixel
- APS-C EXMOR myndflaga
- 10 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- 18-55mm & 16mm linsur fylgja

**TILBOÐ 139.990.-**
Verð áður 169.990.-



**NEX-F3**

Mögnuð myndavél með útskiptanlegum linsum

- 16,1 Megapixel
- APS-C EXMOR myndflaga
- 5,5 rammar á sekúndu
- Full HD 1080i videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 99.990.-**
Verð áður 109.990.-



**SLT-A77VQ**

Framúrskarandi myndavél fyrir þá kröfuhörðustu

- 24,1 Megapixel
- APS-C EXMOR myndflaga
- 12 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- 16-50mm linsa fylgir

**VERÐ 349.990.-**



**SLT-A57**

SLR myndavél ársins að mati EISA

- 16,2 Megapixel
- APS-C EXMOR myndflaga
- 10 rammar á sekúndu
- Full HD 1080 videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 159.990.-**
Verð áður 179.990.-



**SLT-A37**

Byltingarkennd myndavél á frábæru verði

- 16,1 Megapixel
- APS-C EXMOR myndflaga
- 7 rammar á sekúndu
- Full HD 1080i videotaka
- 18-55mm linsa fylgir

**TILBOÐ 99.990.-**
Verð áður 109.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri
569 7645

# sport

sport@frettabladid.is



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** er komin inn í landsliðshóp Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar fyrir leikina mikilvægu gegn Norður-Írum 15. september og Noregi 19. september. Margrét Lára var búin að afboða sig vegna meiðsla en spilaði síðan síðustu 20 mínúturnar með Kristianstad-liðinu í fyrrakvöld. Sigurður Ragnar bætti henni því við hópinn. Þetta eru góðar fréttir fyrir kvennalandsliðið enda er Margrét Lára aðalmarkaskorari liðsins undanfarin ár.

**1-0**

Larnaca, áhorfendur: 1.600 Sébastien Delferiere (6)

**1-0 Constantinos Makridis (57.)**

**Skot (á mark):** 18-3 (8-2)
**Varin skot:** Kissas 1 - Hannes 7
**Aukaspyrnur fengnar:** 16-9
**Horn:** 3-2
**Rangstöður:** 5-4

| **ÍSLAND (4-4-2):** | |
|---|---|
| ***Hannes Þór Halldórsson** | **8** |
| Birkir Már Sævarsson | 6 |
| Sölvi Geir Ottesen | 5 |
| Ragnar Sigurðsson | 6 |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | 4 |
| (63., Ari Freyr Skúlason | 4) |
| Rúrik Gíslason | 4 |
| Aron Einar Gunnarsson | 5 |
| Helgi Valur Daníelsson | 4 |
| (77., Jóhann Berg Guðmundsson | -) |
| Emil Hallfreðsson | 3 |
| (46., Alfreð Finnbogason | 5) |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 5 |
| Birkir Bjarnason | 4 |

## UNDANK. HM 2014

### A-RIÐILL

**Serbía-Wales** **6-1**
**Belgía-Króatía** **1-1**
**Skotland-Makedónía** **1-1**

### B-RIÐILL

**Búlgaría-Armenía** **1-0**
**Ítalía-Malta** **2-0**
1-0 Mattia Destro (5.), 2-0 Federico Peluso (90.).

### C-RIÐILL

**Svíþjóð-Kasakstan** **2-0**
1-0 Rasmus Elm (37.), 2-0 Marcus Berg (90.)
**Austurríki-Þýskaland** **1-2**
0-1 Marco Reus (44.), 0-2 Mesut Özil, víti (52.), 1-2 Zlatko Junuzovic (57.)

### D-RIÐILL

**Rúmenía-Andorra** **4-0**
**Tyrkland-Eistland** **3-0**
**Ungverjaland-Holland** **1-4**
1-0 Jeremain Lens (4.), 1-1 Balazs Dzsudzsak (7.), 1-2 Bruno Martins Indi (19.), 1-3 Jeremain Lens (53.), 1-4 Klaas-Jan Huntelaar (74.)

### E-RIÐILL

**Kýpur-Ísland** **1-0**
**Noregur-Slóvenía** **2-1**
0-1 Marko Suler (16.), 1-1 Markus Henriksen (26.). 2-1 John Arne Riise, víti (94.).
**Sviss-Albanía** **2-0**
1-0 Xherdan Shaqiri (22.) , 2-0 Gökhan Inler (68.).

**STAÐAN Í RIÐLINUM:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sviss** | **2** | **2** | **0** | **0** | **4-0** | **6** |
| Ísland | 2 | 1 | 0 | 1 | 2-1 | 3 |
| **Albanía** | **2** | **1** | **0** | **1** | **3-3** | **3** |
| Kýpur | 2 | 1 | 0 | 1 | 2-3 | 3 |
| **Noregur** | **2** | **1** | **0** | **1** | **2-3** | **3** |
| Slóvenía | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-4 | 0 |

### F-RIÐILL

**Ísrael-Rússland** **0-4**
**Norður-Írland-Lúxemborg** **1-1**
**Portúgal-Aserbaídsjan** **3-0**
1-0 Silvestre Varela (64.), 2-0 Hélder Postiga (85.), 3-0 Bruno Alves (88.).

### G-RIÐILL

**Bosnía-Lettland** **4-0**
**Slóvakía-Liechtenstein** **2-0**
**Grikkland-Litháen** **2-0**

### H-RIÐILL

**San Marínó-Svartfjallaland** **0-6**
**Pólland-Moldóvía** **2-0**
**England-Úkraína** **1-1**
0-1 Yevheniy Konoplyanka (38.), 1-1 Frank Lampard, víti (86.)

### I-RIÐILL

**Georgía-Spánn** **0-1**
0-1 Roberto Soldado (86.)
**Frakkland-Hvíta-Rússland** **3-1**
1-0 Etienne Capoue (49.), 2-0 Christophe Jallet (68.), 2-1 Oleg Poutilo (72.), 3-1 Franck Ribéry (80.).

# Vekjaraklukkan hringdi á Kýpur

**Ísland náði ekki að fylgja eftir góðum sigri á Noregi þar sem liðið tapaði, 1-0, fyrir Kýpur ytra í gær. Allt annar og verri bragur var á leik liðsins. „Ef til vill ríkti of mikil bjartsýni fyrir leik," sagði Lars Lagerbäck.**

**FÓTBOLTI** Eftir draumabyrjun Lars Lagerbäck með íslenska landsliðið fyrir helgi var liðið vakið af værum blundi sínum á Kýpur í gær. Þar töpuðu strákarnir, 1-0, og verða úrslitin að teljast sanngjörn.

„Þetta eru gríðarlega mikil vonbrigði fyrir okkur," sagði landsliðsþjálfarinn og fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson tók undir það. „Við erum allir svekktir eins og fólkið heima. Það þýðir samt ekkert að leggjast í jörðina og grenja. Við verðum að halda áfram."

Kýpverjar skoruðu eina mark leiksins á 57. mínútu og kom það eftir að legið hafði á íslenska liðinu í nokkurn tíma. Markið kom eftir vel útfærða sókn Kýpverja þar sem varnarleikur liðsins alls brást, einu sinni sem oftar í leiknum. Kantmaðurinn Dimitris Christofi var skilinn einn eftir í teignum og lagði hann upp markið fyrir Constantinos Makridis sem skoraði með hnitmiðuðu skoti.

Tveimur mínútum síðar kom besta færi Íslands þegar varamaðurinn Alfreð Finnbogason skaut í slá. Það reyndist eina marktilraun Íslands í öllum síðari hálfleiknum.

Leikmenn Íslands voru yfirleitt skrefi á eftir og gegn betra liði hefði þeim verið refsað mun oftar. En ein góð sókn og eitt gott mark dugði til að þessu sinni og vilja strákarnir sjálfsagt gleyma þessum leik sem allra fyrst.

### Vantaði flæði í okkar leik

„Okkur gekk illa að ná upp okkar spili og því sem var lagt upp með að gera fyrir leikinn. Við vildum fá ákveðið flæði í okkar leik, nota kantana því við vissum að þeir væru þéttir og myndu færa liðið sitt allt yfir," sagði fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson.

„En við náðum aldrei takt við þeirra tempó í leiknum og ég held að það hafi verið fyrst og fremst það sem skipti sköpum," bætti hann við.

Ragnar Sigurðsson tók í svipaðan streng eftir leikinn og sagði leikmennina aðeins geta sjálfum sér um kennt. „Það er óþolandi að hafa tapað þessum leik. Þetta er lið sem við eigum að vinna að mínu mati," sagði Ragnar. „Við vorum með mikla trú og væntingar fyrir leikinn. Það er ömurlegt að hafa ekki náð að vera betri en þetta í dag. Við vorum einfaldlega ekki nógu góðir."



**ELTINGALEIKUR** Gylfi Þór Sigurðsson horfir hér á eftir Kýpverjanum Mriois Nicolaou í leiknum í gær. Gylfi Þór og aðrir í sóknarleik Íslands náðu sér aldrei almennilega á strik. NORDICPHOTOS/AFP

> Það er óþolandi að hafa tapað þessum leik. Þetta er lið sem við eigum að vinna.
>
> **RAGNAR SIGURÐSSON**
> LEIKMAÐUR ÍSLANDS

Það var margt sem amaði að leik Íslands í gær. Kýpverjar áttu auðvelt með að finna svæði á milli varnar og sóknar og þó svo að það hafi ekki oft reynt mikið á Hannes Þór Halldórsson í markinu komu Kýpverjar mörgum skotum að marki og voru mikið í kringum vítateig íslenska liðsins.

Þegar kom að því að sækja virtist þessu unga, ákveðna og sókndjarfa liði okkar ganga hreint bölvanlega að byggja upp almennilega sókn. Sérstaklega kom lítið úr kantmönnum okkar í leiknum og þeir sem fremstir voru fengu úr litlu sem engu að moða á löngum köflum í leiknum.

### Gekk illa að stjórna okkar spili

„Við náðum aldrei að verjast nógu vel og þá verður erfitt að byggja upp sóknir. Þeir gerðu vel með því að spila grimman sóknarleik og pressuðu okkur stíft. Það gerði okkur erfitt fyrir," sagði Lagerbäck.

„Við vorum að vinna boltann á erfiðum stöðum og fyrir vikið varð lítið úr því. Engu að síður hefðum við mátt hafa betri stjórn á spilinu okkar og sendingum. Þeir gerðu vel með því að loka á okkur en það kom meira til. Meira að segja föstu leikatriðin voru léleg hjá okkur en þau hafa verið góð hingað til."

Útlitið fyrir næstu leiki dökknaði enn þegar varnarmaðurinn Sölvi Geir Ottesen fékk beint rautt spjald fyrir tæklingu fimm mínútum fyrir leikslok. Hann verður því í banni gegn Albaníu þann 12. október en þá verður annar erfiður leikur á útivelli. Lagerbäck segir að liðið hafi dregið lærdóm af leiknum í gær sem muni nýtast liðinu í næstu verkefnum.

„Kannski vorum við fullbjartsýnir fyrir leikinn, bæði ég og leikmenn, eftir leikinn gegn Noregi. Við náðum aldrei að verjast vel í leiknum og þá var erfitt að hafa aðra þætti í lagi. Það er erfiðara að spila mótsleiki en vináttulandsleiki og við þurfum að draga okkar lærdóm af þessu. Þetta var bara ekki okkar dagur," sagði Lagerbäck.

**eirikur@frettabladid.is**

Undankeppni EM í körfu:

# 22 stiga tap

**KÖRFUBOLTI** Íslenska landsliðið tapaði í gær, 58-80, í Eistlandi í lokaleik sínum í undankeppni EM í körfubolta. Íslensku strákarnir héldu í við Eistana í fyrsta leikhlutanum en töpuðu öðrum leikhlutanum 10-23 og misstu Eistana þá frá sér.

Jón Arnór Stefánsson var enn á ný stigahæstur í íslenska liðinu en hann skoraði 13 stig í leiknum. Jakob Örn Sigurðarson var með 12 stig, fyrirliðinn Hlynur Bæringsson skoraði 11 og tók 10 fráköst og Haukur Helgi Pálsson var með 10 stig. **- óój**



**LIÐ UMFERÐA 10 TIL 18** Frá vinstri: Kayley Grimsley, Katrín Ásbjörnsdóttir, Sandra María Jessen, Guðrún Arnardóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Elín Metta Jensen og Arna Sif Ásgrímsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KSÍ verðlaunaði í gær fyrir bestu frammistöðuna í seinni hluta Pepsi-deildar kvenna:

# Þór/KA sópaði að sér verðlaunum

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Þór/KA söfnuðu að sér verðlaunum þegar KSÍ gerði upp 10. til 18. umferð Pepsi-deildar kvenna í gær. Kayley Grimsley, leikmaður Þórs/KA, var valin best og þjálfari hennar, Jóhann Kristinn Gunnarsson, var útnefndur þjálfari umferðanna alveg eins og í fyrri hlutanum.

Akureyringar áttu einnig efnilegasta leikmann umferðanna og þær Sandra María Jessen, liðsfélagi hennar, fengu atkvæði í lið umferðanna frá öllum í valnefndinni eða fullt hús. Jóhann Kristinn hlaut líka fullt hús sem þjálfari umferðanna.

Norðanfólk var mjög sigursælt því stuðningsmannaverðlaunin hlutu stuðningsmenn Þórs/KA og auk Grimsley og Söndru voru í úrvalsliðinu Chantel Jones, Arna Sif Ásgrímsdóttir og Katrín Ásbjörnsdóttir. Sex leikmenn eru í liði umferðanna nú sem einnig voru í liði umferða 1-9. Þetta eru þær Arna Sif, Katrín, Grimsley, Sandra María auk Dönku Podovac úr ÍBV og Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur úr Stjörnunni. Markadrottningin Elín Metta Jensen úr Val og þær Glódís Perla Viggósdóttir úr Stjörnunni, Guðrún Arnardóttir úr Breiðabliki og Shaneka Gordon úr ÍBV voru líka valdar í liðið. **- óój**

**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

1. stig alm. hluta hefst 8. okt. nk. Opið öllum 16 ára og eldri og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar.
Skráning á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000.
Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á **www.isi.is**

# PHILIPS SJÓNVÖRP




**PHILIPS**

Full HD 1080p

**Philips 42PFL3007T**
- 42" LCD sjónvarp
- Full HD 1920x1080p upplausn
- 100 Hz Perfect Motion Rate
- Digital Crystal Clear
- Ljósnemi fyrir birtu í rýminu
- Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- 20 W RMS Ambi-wOOx hljóðkerfi
- 3x HDMI og USB tengi
- EasyLink

**TILBOÐ**
**129.995**
FULLT VERÐ 139.995




Full HD 1080p

**Philips 32PFL3517H**
- 32" LCD LED sjónvarp
- Full HD 1920x1080p Digital Crystal Clear
- 100 Hz Perfect Motion Rate
- Nettenging með Youtube
- Ljósnemi fyrir birtu í rýminu
- Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- 3x HDMI og 2x USB, Scart, Ethernet, VGA og CI rauf
- Skype og Wifi möguleiki
- EasyLink

**VERÐ**
**119.995**
FRÁBÆRT VERÐ




Full HD 1080p

**Philips 42PFL3507T**
- 42" LED sjónvarp
- Full HD 1920x1080p Digital Crystal Clear
- 100Hz Perfect Motion Rate
- Ljósnemi fyrir birtu í rýminu
- Stafrænn móttakari
- Skype og Wifi möguleiki
- Smart TV nettenging
- 3x HDMI og 2x USB, Ethernet, VGA og CI rauf
- EasyLink

**VERÐ**
**159.995**
FRÁBÆRT VERÐ




Pixel Plus HD

SmartTV

**Philips 47PFL4007T**
- 47" Smart LED sjónvarp
- Full HD 1920x1080p Pixel Plus HD upplausn
- 200 Hz Perfect Motion Rate
- Digital Crystal Clear
- Ljósnemi fyrir birtu í rýminu
- Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- App milli fjarstýringar og iPhone/Android síma
- Smart TV nettenging
- Wifi möguleiki
- 4x HDMI og USB tengi

**VERÐ**
**229.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

> Stöð 2 kl. 20.05

**2 Broke Girls**

*Gamanþáttaröðin 2 Broke Girls er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Vinkonurnar Max og Caroline fá að fara í óvænt frí þegar þær fá það hlutverk að passa hund fyrir ríkt par.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐIST Í AUGU VIÐ ENDALOKIN

# Ekkert lifir að eilífu



Það var dálítið skrítið að fá staðfestingu á því að ekkert lifir að eilífu, ekki einu sinni alheimurinn, í heimildarmyndaflokknum Undur alheimsins í Sjónvarpinu á mánudagskvöld.

Þar útskýrði eðlisfræðiprófessorinn Brian Cox hvernig lögmál vísinda skýra bæði sögu alheimsins og mannfólksins. Samkvæmt hinum annars glaðlynda Cox mun sólin, sem er miðpunktur okkar sólkerfis, byrja að þenjast út eftir einn milljarð ára og svo springa fimm milljörðum ára seinna. Stjörnurnar á himninum munu hverfa hver á fætur annarri og að sjálfsögðu mun allt líf þurrkast út hér á jörðu.

Cox greindi frá því að náttúran hagar sér þannig með aðstoð tímans að hún hverfur frá einhverju reglubundnu yfir í eitthvað óreiðukennt, vegna þess einfaldlega að yfirgnæfandi líkur eru á því. Fortíðin er föst í skorðum á meðan óreiða einkennir framtíðina, samanber sprenging sólarinnar.

Þessi dómsdagsskilaboð voru lögð fram á skýran og greinargóðan hátt með aðstoð skjaldböku, ísjaka, sandkastala og strandaðs skips. Því var einhvern veginn ekki hægt annað en að sætta sig við endalokin óumflýjanlega með bros á vör. Cox sá til þess.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1. **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dauðinn í Feneyjum **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Leonard Cohen: Hermaður, spámaður, elskuhugi og skáld **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**13.30 Ólympíumót fatlaðra: Lokaathöfn** Sýnt beint frá lokaathöfn mótsins í London.
**16.35 Herstöðvarlíf** (1:23) (Army Wives)
**17.20 Einu sinni var…lífið** (10:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni**
**18.24 Sígildar teiknimyndir**
**18.29 Finnbogi og Felix**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Stefnuræða forsætisráðherra** BEINT frá Alþingi þar sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Ungir evrópskir tónlistarmenn 2012** (Eurovision Young Musicians 2012) Upptaka frá Evrópukeppni ungra einleikara í Vínarborg í maí. Sjö flytjendur frá jafnmörgum löndum kepptu til úrslita. Útvarpshljómsveit Vínarborgar leikur undir stjórn Corneliusar Meisters.
**00.10 Winter lögregluforingi – Herbergi 10, seinni hluti** (4:8) (Kommissarie Winter) (e) Sænsk sakamálasyrpa byggð á sögum eftir Åke Edwardson um rannsóknarlögreglumanninn Erik Winter. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.05 Her Best Move**
**10.00 I Could Never Be Your Woman**
**12.00 Laura Stern**
**14.00 Her Best Move**
**16.00 I Could Never Be Your Woman**
**18.00 Laura Stern**
**20.00 Tron: Legacy**
**22.05 Stig Larsson þríleikurinn**
**00.10 Get Shorty**
**02.00 Five Fingers**
**04.00 Stig Larsson þríleikurinn**
**06.05 Back-Up Plan**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (11:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (143:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Community** (10:25)
**11.25 Better Of Ted** (8:13)
**11.50 Grey's Anatomy** (15:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (24:24)
**13.25 Borgarilmur** (6:8)
**14.05 Gossip Girl** (4:24)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (19:22)
**19.45 Modern Family** (20:24)
**20.05 2 Broke Girls** (19:24)
**20.30 Up All Night** (7:24) Stórskemmtilegir gamanþættir með þeim Christina Applegate og Will Arnett í hlutverkum nýbakaðra foreldra, með öllu sem því fylgir.
**20.55 Drop Dead Diva** (2:13) Önnur þáttaröðin um unga og bráðhuggulega fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í ungri konu, bráðsnjöllum lögfræðingi Jane Bingum að nafni.
**21.40 True Blood** (8:12) Fjórða þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.
**22.35 The Listener** (7:13) Dulmagnaðir spennuþættir um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.
**23.20 Steindinn okkar** (3:8)
**23.45 The Closer** (18:21)
**00.30 Fringe** (12:22)
**01.15 Breaking Bad** (1:13)
**02.00 The Good Guys** (20:20)
**02.45 Undercovers** (6:13)
**03.30 Rancid Aluminium**
**05.00 2 Broke Girls** (19:24)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Undank.HM: England - Úkraína**
**16.15 Undank. HM: England - Úkraína**
**18.00 Unglingamótið í Mosfellsbæ**
**18.45 Þýski handboltinn: TUSEM Essen - Fuchse Berlin**
**20.10 Pepsi-deild kk: Fram - Fylkir**
**22.00 Pepsi-mörkin**
**23.25 Spænski boltinn: Real Madrid - Granada**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Aston Villa - Everton**
**20.05 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar og fjallað um líf þeirra innan sem utan vallar.
**21.30 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**22.00 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**23.15 Liverpool - Arsenal**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.00 M.I. High**
**17.30 iCarly** (20:25)
**17.55 Tricky TV** (20:23)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Sjáðu**
**17.50 The Middle (3:24)**
**18.15 Glee (20:22)**
**19.00 Friends**
**19.25 Simpson-fjölskyldan**
**19.50 American Dad** (4:19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa meðal annars kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**20.15 The Cleveland Show** (4:21) Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem koma fyrir í þeim þáttum.
**20.40 Breakout Kings** (4:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögreglufirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**21.25 The Middle** (3:24) Gamanþáttaröð um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.
**21.50 American Dad** (4:19)
**22.10 The Cleveland Show** (4:21)
**22.30 Breakout Kings** (4:13)
**23.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** (24:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 Spurningabomban** (6:10)
**20.30 Steindinn okkar** (8:8)
**20.55 Curb Your Enthusiasm** (4:10)
**21.25 The Sopranos** (4:13)
**22.20 Ellen**
**23.05 Spurningabomban** (6:10)
**23.50 Steindinn okkar** (8:8)
**00.15 Doctors** (24:175)
**00.50 Curb Your Enthusiasm** (4:10)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 How To Look Good Naked** (12:12) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Ringer** (2:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (10:48) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (2:25)
**19.55 Will & Grace** (14:24)
**20.20 Last Chance to Live** (3:6)
**21.10 My Big Fat Gypsy Wedding** (1:5) Litríkir þættir um stormasaman brúðkaupsundirbúning sígauna í Bretlandi. Hápunktur margra sígaunameyja er að gifta sig með pompi og prakt. Þær leggja mikið í allt sem tengist brúðkaupinu og öfgarnar vantar ekki. Við fylgjumst með sígaunum í Bretlandi í dag sem lifa á faraldsfæti og kynnumst hvernig brúðkaupshefðum hjá þeim er háttað.
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (15:16)
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 The Borgias** (4:10) (e)

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** BMW Championship 2012 (3:4) **12.10** Golfing World **13.00** BMW Championship 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Monty's Ryder Cup Memories **19.45** LPGA Highlights (16:20) **21.05** Champions Tour - Highlights (17:25) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (33:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðivaktin

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



siminn.is
Síminn


HAUSTÚTSALA
GÍRAÐU ÞIG UPP
SPARAÐU ALLT AÐ 50%
SIMMS GORE-TEX VÖÐLUR
SIMMS
Eldri gerðir
25 TIL 40% AFSLÁTTUR
SAGE FLUGUSTANGIR
sage
Eldri gerðir
25% AFSLÁTTUR
FLUGUSTANGIR
SCIERRA
REDINGTON
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
KASTSTANGIR
RON THOMPSON
DAM
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
ÖNDUNARVÖÐLUR
SCIERRA
RON THOMPSON
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
FLUGUHJÓL
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
KASTHJÓL
okuma
DAM
40% AFSLÁTTUR
SPÚNAR
10 STK Á AÐEINS 1.999
FLUGULÍNUR
RIO
REDINGTON
SCIERRA
ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR
Munið vinsælu gjafabréfin okkar
VEIÐIHORNIÐ
FLUGUR OG TÚPUR
20% AFSLÁTTUR
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„The Killing er mjög fín þáttaröð sem ég var að klára.“*

Ásgeir Trausti Einarsson tónlistarmaður gaf út plötuna Dýrð í dauðaþögn á þriðjudag.

# Frábært að fá svona góða dóma

Kvikmynd Baltasars Kormáks, Djúpið, var frumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto sem stendur nú yfir. Myndin hefur fengið góða dóma og sagði gagnrýnandi Screen Daily myndina fallega og að hún væri líkleg til að falla í kramið hjá áhorfendum.

„Það er frábært að fá svona góða dóma. Það skemmtilega við dóminn í Screen Daily er að gagnrýnandinn fer dýpra í túlkun sinni á myndinni en gengur og gerist í kvikmyndadómum og tengir hana meðal annars íslensku hugarfari og kreppunni, sem var akkúrat ætlun mín,“ segir Baltasar um dóm Howards Feinstein hjá Screen Daily. Sá telur að þrátt fyrir tragískan söguþráð myndarinnar muni hún slá í gegn hjá kvikmyndagestum víða um heim.

Djúpið var sýnd fimm sinnum í Toronto, tvisvar fyrir kaupendur og þrisvar fyrir hátíðargesti og var uppselt á þær síðarnefndu. Myndin hefur þegar verið seld til dreifingar í Skandinavíu, Bretlandi og Frakklandi og eiga aðstandendur í samningaviðræðum við dreifingaraðila í Bandaríkjunum, Japan og Ástralíu.

Djúpið verður frumsýnd hér á landi þann 27. september og á Baltasar ekki von á að Guðlaugur Friðþórsson sæki sýninguna, en myndin er byggð á leikverki sem var innblásið af þrekraun Guðlaugs sem synti í land eftir að skip hans fórst við Vestmannaeyjar árið 1984. „Ég bauð honum fyrir löngu en á ekki von á því að hann komi. Ég skil ástæður hans mjög vel en vissi því miður ekki af þeim fyrr en of seint. Sagan fjallar þó ekki bara um hann, heldur um alla íslenska sjómenn.“

Baltasar dvelur hér á landi í þrjár vikur og heldur að þeim tíma loknum aftur til Bandaríkjanna þar sem hann mun ljúka vinnu við kvikmyndina 2 Guns. **- sm**



**GÓÐAR MÓTTÖKUR** Kvikmynd Baltasars Kormáks, Djúpið, fær góða dóma eftir að hún var sýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




GULLMOLI Í TOPPSTANDI

**Skoda Octavia ´01**
1600 Vél, beinskiptur, ek. 190þ.km. Ný heilsársdekk, skoðaður 2013 án ath.

**Engin skipti - Tilboðsverð 490 þ.**

Sími 615-4349




INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

BYLGJAN 25 ÁRA 989



Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur
og frábær tónlist
alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og
Gissur með fréttirnar


INDÍA SALVÖR MENUEZ: SKEMMTILEG OG YFIRÞYRMANDI UPPLIFUN

# Frumraun á dreglinum

„Þetta var í fyrsta sinn sem ég geng eftir rauða dreglinum og það var skemmtileg upplifun en líka svolítið yfirþyrmandi,“ segir hin hálfíslenska leikkona Indía Salvör Menuez sem er nýkomin af kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.

Indía leikur eitt aðalhlutverkanna í frönsku myndinni Après Mai, eða Something in the Air, í leikstjórn Olivier Assayas. Myndin var ein þeirra sem kepptu um aðalverðlaun hátíðarinnar sem fór fram dagana 29. ágúst til 8. september. Myndin fékk prýðisgóðar viðtökur og hreppti meðal annars verðlaun fyrir besta handritið á hátíðinni.

Indía var í skýjunum yfir ferðinni til Feneyja og hátíðinni í heild sinni. Hún var nýkomin aftur til New York, þar sem hún er búsett, þegar Fréttablaðið náði af henni tali. „Feneyjar eru virkilega töfrandi staður. Það er eitthvað við það að ferðast um í bátum svo ekki sé minnst á hvað maturinn er góður,“ segir Indía sem náði að kanna borgina á milli þess sem hún var að vinna. „Ég var mest í því að fara í viðtöl og myndatökur til að kynna kvikmyndina en fékk líka samt smá útsýnistúr um Feneyjar.“

Indía klæddist eigin hönnun á rauða dreglinum en kjólinn saumaði hún úr silkisjali sem faðir hennar, Ross Menuez, hannaði fyrir hönnunarmerki sitt Salvor Projects. Indía hefur ekki langt að sækja hönnunarhæfileika því móðir hennar er skartgripahönnuðurinn Jóhanna Metúsalemsdóttir sem hannar undir merkinu Kría. „Efnið er silkiklútur sem átti að henda en ég ákvað að útbúa kjól úr. Nú er kjóllinn því sýnishorn fyrir nýja línu sem okkur pabba langar að láta framleiða í nánustu framtíð.“

Après Mai fjallar um stúdentamótmælin í París árið 1968 og er hlutverkið frumraun Indíu á hvíta tjaldinu. Hún er búsett í New York og ætlar sér að láta reyna á leiklistina í framtíðinni. „Ég var að ljúka við að leika í tveimur myndum í Kaliforníu, Mall og Claires Cambodia, og báðar eru í umsóknaferli fyrir Sundance-kvikmyndahátíðina. Svo þarf ég bara að fara að koma mér í leikprufur á milli þess sem ég tek að mér verkefni úr ýmsum áttum til að eiga fyrir leigu og mat.“

**alfrun@frettabladid.is**



**Í EIGIN HÖNNUN** Indía Salvör Menuez skemmti sér vel á rauða dreglinum á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.
NORDICPHOTOS/GETTY

## MÆÐGURNAR VÖKTU ATHYGLI Í AUGLÝSINGU

Indía Salvör Menuez og móðir hennar Jóhanna Metúsalemsdóttir vöktu mikla athygli í nóvember í fyrra er þær sátu fyrir í auglýsingaherferð bandaríska nærfataframleiðandans The Lake & Stars. Misjöfn viðbrögð voru við herferðinni þar sem mæðgurnar sátu fyrir á nærfötunum einum saman. Til að mynda skrifaði blaðamaður The Huffington Post pistil um herferðina þar sem hann gat ekki ákveðið hvort hún væri snilldarlega framsett eða hreinlega vandræðaleg. Viðbrögðin komu Jóhönnu á óvart sem sagði þá í samtali við Fréttablaðið að sér þætti herferðin einungis endurspegla ást, hlýju og einlægni milli mæðgnanna.



# Kláraði textann á sveitaloftinu

„Ég hafði aldrei klárað textann svo mér fannst ég verða að gera það þegar það átti að fara að taka lagið upp,“ segir söngvarinn Jón Jónsson.

Jón verður í þætti Bubba Morthens, Beint frá býli, næstkomandi laugardag þar sem hann heldur tónleika fyrir ábúendur á sveitabænum Meðalfelli. Þegar hann mætti í upptöku á þáttunum í upphafi sumars fannst honum tímabært að ljúka við texta lagsins All, You, I, áður en það yrði tekið upp og fékk því að bregða sér í tölvuna á bænum og rumpa textanum af. „Ég var búinn að vera að spila lagið á tónleikum síðasta vetur en bullaði þá alltaf bara textann hverju sinni. Það voru samt nokkur orð sem ég var kominn með sem ég sagði alltaf aftur og aftur en annars var hann ókláraður. Ég samdi alveg millikaflann og einhver tvö erindi þarna á sveitabænum,“ segir Jón.

Svo virðist sem þessi aðferð hafi gert góða hluti fyrir Jón því lagið hefur notið gríðarlegra vinsælda og er hans fyrsta lag til að komast í toppsæti vinsældarlistans. „Hver veit nema ég banki aftur upp á hjá þeim þarna á Meðalfelli næst þegar ég lendi í veseni með texta,“ segir Jón og hlær. **- trs**



**BULLAÐI TEXTANN** Jón segist hafa bullað textann við vinsælasta lag sitt, All, You, I, á tónleikum allan síðasta vetur.

# SÍÐUSTU DAGAR SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

Rúm Gott
**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: **70.224**
Tvíbreitt: **129.336**

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott
**30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM**

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
– Eingungis greiðist lántökugjald

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Helgi ekki á leið í pólitík

Margir hinna tæplega fimm þúsund Facebook-vina **Helga Seljan** sjónvarpsmanns ráku upp stór augu í gær þegar tilkynnt var á síðu hans að hann hygðist láta af störfum hjá Ríkisútvarpinu og fara í framboð fyrir Bjarta framtíð. Einhverjir hvöttu hann til þess að hætta við ákvörðun sína, en flestir virtust þó átta sig á að um grín væri að ræða. Nokkru síðar kom einmitt önnur tilkynning þar sem Helgi grínaðist með að hafa lokið stjórnmálaþátttöku eftir að hafa stofnað Bjarta dögun og tapað formannskosningu.



Það voru nefnilega vinnufélagar Helga sem báru ábyrgð á fyrri tilkynningunni og Helgi ætlar ekki að hasla sér völl í pólitík. Einhver vinnufélaganna í Kastljósi hafði komist í tölvu hans á meðan hann brá sér af bæ í hádeginu.

### Game of Thrones á íslensku

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af ævintýrabókaröðinni A Song of Ice and Fire eftir George R. R. Martin, en upp úr henni voru sjónvarpsþættirnir vinsælu Game of Thrones unnir. Þættirnir voru að stórum hluta teknir upp á Íslandi og nú stendur til að gefa fyrstu bókina í seríunni, sem sjónvarpsþættirnir draga nafn sitt af, út í íslenskri þýðingu. Bókafélagið Ugla gefur út en útgefandi Uglu er Jakob F. Ásgeirsson, ritstjóri tímaritsins Þjóðmála.



- bþh , kg

## Mest lesið — vísir

1. Crossfit-þjálfun veldur fagfólki áhyggjum
2. Skopmyndateiknarar túlka aðstæður Þorgerðar á sama hátt
3. Ríkið styrkir fjölskylduna í Kólumbíu um þrjár milljónir
4. Ástarlásarnir fjarlægðir af brú í Róm
5. Ölvaður maður reykti í flugvél





